Hinsegin list á Nýlistasafninu



Menning ➤ 24

Takast á við kynjahallann



Lífið ➤ 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

227. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 13. OKTÓBER 2022




Sigurður Kristinsson, 71 árs Akureyringur sem dvalið hefur á sjúkrahúsi á Spáni síðan um miðjan ágúst, lenti á Akureyri eftir langt sjúkraflug í gær sem fjölskylda hans kostaði sjálf. Sjúkratryggingar segjast ekki hafa heimild til að kosta flugið heim. Dóttir Sigurðar, Rúna Kristín, segir þungu fargi af þeim létt og besta aðhlynning verði nú að veruleika án tungumálavanda. SJÁ SÍÐU 2 MYND/SKAPTI

# Íslenskir birgjar lækka ekki verð

**Skiptar skoðanir eru meðal heildsala og smásala á matvörumarkaði um hvort verð frá erlendum birgjum sé tekið að lækka en gagnrýni hefur komið fram á að innlendir birgjar séu tregir til að lækka verð.**

olafur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Í verðkönnun Veritabus á matvöru, sem fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu í vikunni, kemur fram að talsverður munur er á verðbreytingum milli einstakra vöruflokka.

Mjólkurvörur hækkuðu um 2 prósent milli ágúst og október en brauðmeti lækkaði um 1 prósent. Kjöt og fiskur hækkaði um 5 prósent en dósamatur og þurrmatur, sem er að mestu innfluttur, lækkaði um 1 prósent.

Mest hækkun varð á ávöxtum og grænmeti, sem hækkuðu um 7 prósent, en drykkjarvörur lækkuðu um 3 prósent og sælgæti og snakk um 2 prósent. Þessir vöruflokkar eru blanda innfluttra og innlendra vara.

Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, segir fyrirtækið hafa leitað til 10 stærstu birgja sinna, framleiðenda og heildsala, og óskað eftir 5 prósenta verðlækkun til áramóta sem yrði að fullu látin ganga áfram til neytenda. Enginn þessara birgja sá sér unnt að koma til móts við Samkaup.

Matarkarfan lækkaði um 3,3 prósent í Nettó og segir Gunnar Egill það vera fyrst og fremst vegna þess að þær vörur sem Nettó flytur inn sjálft hafa lækkað í verði og Nettó hafi látið þá lækkun renna til neytenda.

> » Samkaup óskuðu eftir fimm prósenta verðlækkun til áramóta hjá tíu stærstu birgjunum en fengu afsvar.

Aðspurður um það hvort heildsalar nýti erlendar verðlækkanir til að auka framlegð sína frekar en að láta þær renna áfram til matvöruverslana og þannig til neytenda, segir Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness heildsölu, ekki farið að bera á lækkunum frá erlendum birgjum.

Í sama streng tekur Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri hjá Hagkaupum, sem segir að dregið hafi úr verðhækkunum og þær hafi í einhverjum tilfellum stöðvast, en verðlækkanir ekki farnar að sjást enn þá.

Á undanförnum árum hefur komið fram gagnrýni frá smásölunni á að framlegð í heildsölu sé óeðlilega há, borið saman við smásölu. ■

## Kristján leiðir kjaraviðræður

**VERKALÝÐSMÁL** Við upphaf þings Alþýðusambands Íslands í gærmorgun var tillaga lögð fram um að fresta þinginu í sex mánuði. Tillagan var tekin til atkvæðagreiðslu og studdu 183 þingfulltrúar að þinginu yrði frestað.

Tuttugu kusu á móti, þar á meðal eini frambjóðandinn til forseta ASÍ, Ólöf Helga Adolfsdóttir, ritari Eflingar.

Kristján Þórður Snæbjarnarson mun sitja áfram sem forseti Alþýðusambands Íslands. Hann mun leiða sambandið í komandi kjaraviðræðum í vetur.

Óvænt vending varð á þinginu þegar Sólveig Anna Jónsdóttir, Vilhjálmur Birgisson, og Ragnar Þór Ingólfsson, drógu framboð sín til baka og gengu út. SJÁ SÍÐU 4




Seyðfirskir bændur fá skammir í hattinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Óþægir bændur við Seyðisfjörð

benediktboas@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Bændur á Seyðisfirði þurfa að fara eftir reglum varðandi smölun í Seyðisfirði. „Þekkt er að bændur sleppi eftir fyrstu smölun sem er algjörlega ótækt og þarf að taka á,“ sagði Guðjón Sigurðsson fjallskilastjóri, á fundi heimastjórnar Seyðisfjarðar.

> Þekkt er að bændur sleppi eftir fyrstu smölun.
>
> Guðjón Sigurðsson, fjallskilastjóri

Í bókun um málið kemur fram að ljóst sé að bændur þurfi að huga að fjallskilasamþykktum. Var starfsmanni falið að setja sig í samband við Margréti Ólöfu Sveinsdóttur verkefnisstjóra umhverfismála, til að fara yfir málið. ■

## Urð og grjót – upp í mót


Kristín Jónsdóttir eldfjallafræðingur og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, fylgdu Hákoni krónprins Noregs og fylgdarliði hans að gosstöðvunum í Meradölum í gær. Krónprinsins kom til landsins til að vera viðstaddur ráðstefnuna Hringborð Norðurslóða, Arctic Circle, sem hefst í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

## Þungu fargi af létt að fá pabba heim

sbt@frettabladid.is

**AKUREYRI** Sigurður Kristinsson, 71 árs karlmaður sem dvalið hefur á sjúkrahúsi á Spáni síðan um miðjan ágúst, lenti á Akureyri í gær eftir langt flug.

Sigurður fékk heilablóðfall sem varð til þess að hann lamaðist vinstra megin í líkamanum. Dóttir Sigurðar segir þungu fargi af þeim létt.

Þegar Sigurður lenti á flugvellinum á Akureyri var hann fluttur með sjúkrabíl á Sjúkrahúsið á Akureyri, þar sem hann mun dvelja í einhvern tíma.

„Pabbi þarf núna að fara í einangrun, af því að hann var á spænsku sjúkrahúsi. Hversu lengi, það er ekki vitað. Svo ætla þau að


Sigurður við komuna til Akureyrar.

rannsaka hann vel og reyna að átta sig á stöðunni og byrja meðferð rólega,“ segir Rúna Kristín, dóttir Sigurðar í samtali við Fréttablaðið.

„Það er þungu fargi af okkur létt,“ segir Rúna Kristín.

Mál Sigurðar hefur vakið þjóðarathygli eftir að ljóst varð að Sjúkratryggingar Íslands greiddu ekki flug hans heim . ■

LÍFIÐ ER AÐ VERÐA BUMBULT Á JÓLUNUM

SÝNUM LIT
KAUPUM BLEIKU SLAUFUNA
á bleikaslaufan.is og á sölustöðum um allt land 1. – 20. október

Krabbameinsfélagið

# Þolendur fá sveigjanleika í námi og aukið utanumhald

**Mikið vatn hefur runnið til sjávar innan MH frá því að bylting nemenda hófst í byrjun mánaðar. Skólastjórnendur segja utanumhald um þolendur aukið og að þeir fái að njóta sveigjanleika í námi.**

helenros@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Menntaskólinn við Hamrahlíð verður fyrsti framhaldsskólinn til að veita nýrri aðgerðaáætlun viðtöku vegna mála sem varða einelti, kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Þetta kemur fram í svari frá Steini Jóhannssyni, rektor skólans, við fyrirspurn Fréttablaðsins. Áætlunin er unnin af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og menntamálayfirvalda og mun vinnu við hana ljúka á næstu vikum.

Áætlunin kemur til í kjölfar byltingar framhaldsskólanema sem hófst í byrjun mánaðar. Nemendur gagnrýndu skólastjórnendur og ráðamenn þjóðarinnar harðlega vegna aðgerðaleysis í kynferðisbrotamálum innan skólanna. Nemendur mótmæltu því að þurfa stunda nám með meintum gerendum.

Steinn segir sérstakan kynheilbrigðisáfanga standa nemendum til boða á næstu önn sem rúmlega 80 nemendur hafa nú skráð sig í. Þá hafi sérstakur tilkynningahnappur verið settur á heimasíðu skólans þar sem hægt sé að tilkynna um einelti, kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi innan skólans.

„Utanumhald um þolendur er aukið og þeir fá að njóta þess sveigjanleika í náminu sem aðstæður krefjast. Náms- og starfsráðgjafar auk sálfræðings sjá um að þjónusta



Menntskælingar við Hamrahlíð mótmæltu aðgerðaleysi skólastjórnenda í kynferðisbrotamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Við erum sterk liðsheild sem getur komist yfir allar hindranir, jafnvel þó að þær virðist stundum ófyrirstíganlegar.
>
> Úr bréfi skólastjórnenda MH

nemendur og gera kennurum viðvart þegar aðstæður kalla á sérstakan sveigjanleika,“ segir jafnframt í bréfi skólastjórnenda sem sent var til nemenda og aðstandenda skólans í gær. Skólinn muni gera allt í sínu valdi til að tryggja að meintir gerendur og meintir brotaþolar séu ekki saman í áföngum og bjóða upp á úrræði þar sem nemendur geta stundað nám heima hjá sér í samvinnu við kennara.

„Við trúum því að við séum á réttri leið og samvinna stjórnenda, starfsfólks og nemenda skiptir öllu máli. Við erum sterk liðsheild sem getur komist yfir allar hindranir, jafnvel þó að þær virðist stundum ófyrirstíganlegar,“ segir að lokum í bréfi skólastjórnenda.

Þrjú mál hafa verið tilkynnt til skólastjórnenda MH á þessari haustönn er varða kynferðisofbeldi sem varða nemendur skólans og gerðust öll málin utan skólatíma. Aðspurður hvort fleiri tilkynningar um ofbeldismál hafi borist eftir að bylting nemenda hófst segir Steinn svo ekki vera en tilkynningar hafi borist um eineltismál. „Slík mál fara í ferli samkvæmt eineltisáætlun skólans.“ ■



LADY málning
# 20% afsláttur

HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

# Heima er best



BergnerHaus 30%
**Pottasett**
Pottasett Monaco, 12 stk. 2003293
**15.043 kr**
~~21.490 kr~~



**Nóvemberkaktus**
9 cm pottur. 11328200
Verð frá:
**1.690 kr**



**Október-stjarna**
Bleik og falleg.
126087321
**2.790 kr**
Hluti ágóðans af Októberstjörnunni rennur til Bleiku slaufunnar



**Erikur/ Calluna**
10327400
**1.299 kr**
1 stk. 599 kr
3 stk. að eigin vali



23%
BLACK+DECKER
**Borvél, 18V**
Höggborvél, 2 stk., 18V rafhlöður, hersla 45Nm, Led ljós, taska. 5246061
**19.995 kr**
~~25.990 kr~~



20%
**Nilfisk**
**Ryksuga** Buddy II
12 ltr., tankur, 1200W, blautt og þurrt, blástur. 5254378
**11.990 kr**
~~14.990 kr~~



20%
**Nilfisk**
**Háþrýstidæla**
100 bör, 1,3KW, 440 ltr./klst., 5 metra slanga.
5254200
**14.390 kr**
~~17.990 kr~~



36%
B
**BERK**
**Þvottavél, 1400 sn.**
8 kg, mismunandi þvottakerfi, hljóðstyrkur 57dB, í vindu 79dB. 85x47x59,5 cm. 1860471
**49.990 kr**
~~7[illegible] kr~~



ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR - 2022 -
Sjáumst á Land-búnaðarsýningunni í Laugardalshöll um helgina
Sýnum glæsileg fullbúin hús



JELD-WEN
Allar innihurðir
**20% afsláttur**



PHILIPS
Ljósaperur
**20% afsláttur**
Gildir ekki af HUE og WiZ perum



ALSAPAN
Harðparket
**25% afsláttur**



GROHE
FERRO
damixa
Eldhús- og baðtæki
**25% afsláttur**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Atvinnurekstrarbann sem vörn gegn kennitöluflakki

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra telur að atvinnurekstrarbann geti nýst í baráttunni gegn kennitöluflakki og hefur lagt fram frumvarp þess efnis á Alþingi. Nánar tiltekið breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti.

Verði frumvarpið að lögum getur skiptastjóri krafist atvinnurekstrarbanns á þann sem stjórnar umræddu félagi undanfarna 18 mánuði. Sé það samþykkt má sá hinn sami ekki stýra félagi í allt að þrjú ár.

Er frumvarpið liður í baráttu ríkisstjórnarinnar gegn kennitöluflakki sem meitlað var í sáttamála stjórnarinnar fyrir ári.



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

„Mikilvægt er að horfa til þess grundvallaratriðis að tilgangur atvinnurekstrarbanns er ekki refsing heldur að vernda almenning og samfélagið í heild sinni fyrir misnotkun á hlutafélagaforminu,“ segir í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins

„Að því sögðu er ljóst að atvinnurekstrarbann er íþyngjandi úrræði og því mikilvægt að því verði ekki beitt nema ástæða sé til og að ákvörðun þar að lútandi byggist á heildarmati á öllum aðstæðum í samræmi við þau sjónarmið sem sett eru fram í frumvarpinu,“ segir þar enn fremur.

Lagabreytingar eru ein leið til að berjast gegn kennitöluflakki og vill Jón láta reyna á þá leið. Það sé Alþingis og þingmanna að taka ákvörðun um framgang þess.

Þetta er í annað skiptið sem Jón leggur frumvarpið fram. ■

## Ekkert lát á þróun ópíóíðafíknar

benediktarnar@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Aldrei hafa fleiri látist hér á landi vegna lyfja en í fyrra. Ópíóíðafíkn er stöðugt vaxandi vandamál. Samkvæmt Embætti landlæknis létust 46 manns af ofskammti lyfja, níu fleiri en árið áður. Tíu þeirra létust eftir sjálfsvíg.

„Við sjáum ekki lát á þróuninni í ópíóíðafíkn,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri Vogs og framkvæmdastjóri lækninga hjá SÁÁ, í viðtali við Læknablaðið. Margt hafi verið gert til að sporna við útskrift ópíóíða, til að mynda hafi lögum verið breytt þannig að lyfjafræðingar gætu skipt upp pökkum og afhent minna magn.



Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri Vogs

Valgerður segir það mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn átti sig á því að fólk sem er háð ópíóíðum líti ekki endilega á sig þannig að það sé haldið fíkn og uppfylli ekki staðalímynd fólks með fíkn. Greiningar séu mikilvægar.

„Ávísun ópíóíða við langvinnum verkjum getur verið vítahringur fyrir marga, líka án þess að um fíkn sé að ræða. Lyfjagjöfin heldur áfram en aldrei fara verkirnir,“ segir Valgerður og bætir við að fólk þurfi á öðrum úrræðum en lyfjum að halda. Fólk með fíknisjúkdóm sé að deyja allt of ungt og við því þurfi að bregðast með því að hafa meðferðarúrræði opin fyrir það.

Valgerður segir að læknar, sem og almenningur, þurfi leiðbeiningar í þessum málum. Læknar þurfi að meta áhættu á fíkn og gera greiningar. ■

# Kristján Þórður leiðir kjaraviðræður í vetur þar sem þingi ASÍ var frestað

Ljóst er að Kristján Þórður Snæbjarnarson mun sitja áfram sem forseti Alþýðusambands Íslands og leiða sambandið í komandi kjaraviðræðum í vetur. Ákveðið var á þingi ASÍ að fresta þinghaldi fram á vormánuði, en til stóð að kjósa nýjan forseta og miðstjórn á þinginu í gær.




Kristján Þórður hefur setið sem forseti ASÍ síðan Drífa Snædal sagði af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

erlamaria@frettabladid.is
benediktarnar@frettabladid.is

**VERKALÝÐSMÁL** Við upphaf þings Alþýðusambands Íslands í gærmorgun var tillaga lögð fram um að fresta þinginu í sex mánuði. Tillagan var tekin til atkvæðagreiðslu og kusu 183 þingfulltrúar með tillögunni að fresta. Tuttugu kusu á móti, þar á meðal eini frambjóðandinn til forseta ASÍ, Ólöf Helga Adolfsdóttir, ritari Eflingar.

Frestunin kemur í kjölfar óvæntra vendinga á þinginu á þriðjudag þegar Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins, og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, drógu framboð sín til baka og gengu út. Þau telja að sér vegið innan ASÍ og lét Sólveig Anna hafa eftir sér á þriðjudaginn að það væri ekki pláss fyrir þau innan sambandsins.

Eftir að úrslit voru kunngjörð í gær sagði Ólöf Helga Adolfsdóttir að hún teldi ekki að sundrung væri innan ASÍ í kjölfar vendinganna á þriðjudagin.

„Við erum ósammála og það er allt í lagi. Nú höfum við tekið þessa ákvörðun um að fresta þinginu og það gefur okkur smá tækifæri til þess að vinna í þeim málefnum sem við erum ósammála um,“ sagði Ólöf Helga.

> Það voru margir af okkar fulltrúum á sínu fyrsta þingi og þau verða vitni að þessum árásum og óhróðri í okkar garð.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir að sér finnist einkennilegt hvernig þing ASÍ endaði. Hann er þó ánægður með ákvörðunina um að draga framboð sitt til baka og segir það vera létti. Þá geti hann ekki sagt til um, að svo stöddu, hvort hann hyggist bjóða sig aftur fram á þinginu eftir sex mánuði. Í hans augum sé ASÍ ekki vettvangur kjarabaráttunnar.

„Vera mín innan Alþýðusambandsins, eða þessi tilraun til að reyna að efla þennan vettvang, er bara fullreynd að mínu mati og ég ætla ekkert að dvelja við þetta. Nú tekur annað við. Við erum að fara inn í kjarasamninga og núna get ég fengið að vinna með fólki sem kann að meta mín störf og störf stjórnarinnar,“ segir hann.

Ragnar Þór segir að úrsögn VR úr ASÍ sé ekki á dagskrá, heldur að ná góðri niðurstöðu í kjarasamningum.

„Við erum að koma út úr þessu átakaþingi og fólk er í áfalli. Það voru margir af okkar fulltrúum á sínu fyrsta þingi og þau verða vitni að þessum árásum og óhróðri í okkar garð. En samheldni hópsins þarna inni var alveg gríðarlega sterk og þetta er ofboðslega flottur hópur, eins og hefur einkennt okkar starf,“ segir Ragnar Þór, sem vill ekki ræða úrsögn úr ASÍ.

„Núna eru kjarasamningar í forgangi og við viljum reyna að ná góðri niðurstöðu. Þegar við erum búin að klára þetta allt saman getum við skoðað úrsögn úr ASÍ. Ég tek ekki slíka ákvörðun sem formaður. Það er tekin ákvörðun um þetta í stjórn og trúnaðarráði. Hvort við eigum heima þarna inni til lengri tíma eða ekki, það verður að koma í ljós. En ég ætla ekki að vera með einhverjar yfirlýsingar á þessu stigi,“ segir Ragnar Þór. ■



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16


ringo®
2017–2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
2016 2022 Framúrskarandi fyrirtæki
OKTÓBERTILBOÐ
HVÍTAR GÆÐA INNIHURÐIR
HURÐ OG KARMUR
VERÐ: 41.990 KR.
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

## Bíða niðurstaðna Blönduóssmáls og sviðsmyndir frá Ólafsfirði skoðaðar

jonthor@frettabladid.is
helenaros@frettabladid.is


Óvíst er hvenær rannsóknum lýkur.

**LÖGREGLUMÁL** Skotárásarmálið á Blönduósi er enn til rannsóknar hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra. Beðið er eftir niðurstöðum úr rannsóknum sem varða til að mynda DNA-sýni.

> Lögreglan á Norðurlandi eystra hefur fengið viðbótarmannskap til að rannsaka manndrápsmálin tvö.

Þetta staðfestir Eyþór Þorbergsson, varasaksóknari hjá lögregluembættinu á Norðurlandi eystra. Hann segir sýnin hafa verið send til Svíþjóðar, og nú bíði lögreglan eftir niðurstöðunum. Ekki er vitað hvenær þeirra sé að vænta, það velti á því hversu mikið sé að gera hjá Svíunum.

Varðandi rannsókn lögreglunnar á meintu manndrápi í Ólafsfirði segir Eyþór rannsókninni miða vel, og að hún snúist að miklu leyti um að skoða og útiloka mögulegar sviðsmyndir þess sem átti sér stað aðfaranótt mánudagsins þegar maður á fimmtugsaldri lést í íbúð í bænum.

Aðspurður hvort ekki sé óvanalegt að embættið rannsaki tvö mál er varði mögulegt manndráp á sama tíma, svarar Eyþór játandi. Þá segir hann að vissulega hefði lögreglan gott af meiri mannskap á tímum sem þessum. Staðan verði til þess að lögreglan eigi erfitt með að sinna öðrum málum eins vel og vera mætti.

„Við gætum alltaf notað fleiri hendur,“ segir Eyþór, sem bendir þó á að embættið hafi fengið einhvern viðbótarmannskap. ■

## Draga heldur í land vegna Airwaves

bth@frettabladid.is


Aðgerðasinnar höfðu hvatt til verkfalls og sniðgöngu á hátíðinni.

**MENNING** Svo virðist sem aðgerðasinnar sem kalla sig A group of No Borders activists, bands and artists from Reykjavik Iceland, hafi dregið til baka fyrri kröfu um að tónlistarfólk sniðgangi Iceland Airwaveshátíðina þetta árið.

Krafa um verkfall og sniðgöngu var sett fram í ljósi þess að Icelandair, helsti bakhjarl hátíðarinnar, flýgur reglulega með hælisleitendur nauðuga í brottvísunarmálum.

Í nýjum pósti aðgerðasinna sem Fréttablaðið hefur undir höndum er haldið við þá kröfu að Icelandair hætti samstundis þátttöku í brottvísunum flóttafólks og hælisleitenda. Hins vegar er ekki hvatt til sniðgöngu eða verkfalls en Icelandair áfram gagnrýnt.

„Á meðan íslensku ríkisstjórninni tekst ekki að innleiða manneskjulegra löggjöf og hætta brottvísunum, þá trúum við því að samfélagið getið knúið á um breytingar – Icelandair gæti orðið að fyrirmynd í þessu,“ segir í póstinum.

„Það eru nú þegar dæmi um alþjóðleg flugfélög sem þvertaka fyrir að taka þátt í brottvísunum. Icelandair hefur því tækifæri til þess að sýna gott fordæmi fyrir mikilvægum og þörfum breytingum,“ segja aðgerðasinnar. ■


Landhelgisgæslan flaug með ráðherra austur samkvæmt lögbundnum skyldum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Segist hugsi yfir þyrluferð ráðherra til Reyðarfjarðar

Formaður svæðisstjórnar Landsbjargar á Austurlandi kveðst hugsi yfir þyrluheimsókn dómsmálaráðherra í lok september. Landhelgisgæslan segist sinna skyldu sinni og tekur ekki saman kostnað við ferðina.

odduraevar@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** „Menn hefðu kannski verið til í að fara heim til sín eftir átökin frekar en að þurfa að fylgja einhverri sendinefnd,“ segir Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, formaður svæðisstjórnar Landsbjargar á Austurlandi, sem kveðst hugsi yfir þyrluheimsókn Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra eftir óveður á Austurlandi í lok september. Hann segir stóra málið hins vegar holur í almannavarnakerfinu sem tryggi björgunarsveitum ekki nægilegt fjármagn.

Austurfrétt greindi í fyrradag frá því að heimsókn ráðherra hefði farið misvel í heimamenn á Reyðarfirði en aðstoðarmaður hans dró þann fréttaflutning í efa í gær. Sjálfur kvaðst ráðherra hafa viljað sjá eyðilegginguna eftir óveðrið fyrir austan með eigin augum.

„Væri ekki nær að hæstvirtur ráðherra girti sig í brók og notaði krafta sína og fjármuni ríkisins frekar í að bæta sjálfboðaliðafélögum og einstaklingum í björgunaraðgerðum tjón sem ekki er hægt að tryggja sig fyrir?“ spyr Sveinn á samfélagsmiðlum vegna frétta af þyrluflugi Jóns.

> Það er svo sem alveg jákvætt líka að menn kynni sér málin og sýni þessu áhuga.


Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, hjá Landsbjörg

Hann segist hugsi og argur yfir gloppum í almannavarnakerfinu sem bregðist sjálfboðaliðum á ögurstundu. „Ferðin er kannski ekkert stórmál,“ segir Sveinn um þyrluferð ráðherra. „Ég er meira pirraður á almannavarnakerfinu sem getur ekki bætt björgunarsveitum upp tjón eins og Vopnfirðingarnir hafa lent í núna,“ útskýrir Sveinn.

Þar vísar hann til frétta af skemmdum á bílum björgunarsveitarinnar Vopna í óveðrinu í lok september. „Það ber lítið á því að almannavarnakerfið komi til hjálpar og ekki er hægt að tryggja þessa bíla,“ segir Sveinn.

„Það er svona hola í kerfinu hjá okkur. Svona björgunarsveit þarf til dæmis núna bara að fara aftur í fjáröflun vegna bílanna sinna. Búnir að vinna fyrir þessu áður og geta svo ekki tryggt sig. Það er eitthvað aðeins að hjá okkur,“ segir Sveinn.

„Þyrluferð til eða frá er kannski ekki aðalmálið. En ég veit að menn hefðu kannski verið til í að fara heim til sín eftir átökin frekar en að þurfa að fylgja einhverri sendinefnd eftir um bæinn sama dag,“ segir Sveinn.

„En það er svo sem alveg jákvætt líka að menn kynni sér málin og sýni þessu áhuga en menn geta verið missáttir við framkvæmdina á því og tímasetningar, þó að það sé ekki stóra málið.“

Í svari sínu við fyrirspurn um kostnað vegna þyrluflugs ráðherra segir Landhelgisgæslan að kostnaður við þyrlusveitina sé metinn á ársgrundvelli en ekki eftir einstaka verkefnum.

Vegna ofsaveðursins sem gekk yfir austanvert landið í lok september hafi verið flogið með fulltrúa almannavarna, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra og aðstoðarmann hans austur á firði þann 26. september til að skoða aðstæður í kjölfar óveðursins.

Þá segir Gæslan í svari sínu að aðstoð við almannavarnir sé eitt af lögbundnum hlutverkum Gæslunnar. Þannig hafi hún í gegnum tíðina flutt fulltrúa stjórnvalda, almannavarna, björgunarsveita og annarra viðbragðsaðila á vettvang náttúruhamfara.

Segir í svarinu að þennan dag hafi tvær björgunarþyrlur og tvær þyrluáhafnir verið til taks. Önnur þyrlan var til taks í Reykjavík og hin á Egilsstöðum þann tíma sem áhöfnin beið á meðan fulltrúar almannavarna, Landsbjargar og stjórnvalda kynntu sér aðstæður á hamfarasvæðinu. Þá segir Gæslan að hvert og eitt verkefni sé metið hverju sinni og umrætt verkefni hafi fallið undir eitt af lögbundnum verkum Gæslunnar. ■






# Kynningardagar




Kaupauki fylgir þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 12.000 kr. eða meira á meðan birgðir endast.

Hydra Zen 15 ml
Genifique serum 7 ml
Tonique Confort 50 ml
Eau Micellaire Douceur 50 ml
Bi-Facil 15 ml

**20% afsláttur**

af öllum Lancôme vörum
13. - 19. október

**HAGKAUP**

## Bosnía fær stöðu umsóknarríkis

kristinnpall@frettabladid.is

**EVRÓPA** Stækkunarstjóri Evrópusambandsins, Oliver Varhelyi, lagði til í gær að Bosnía Hersegóvína fengi stöðu umsóknarríkis hjá Evrópusambandinu. Bosnía lýsti fyrst yfir áhuga á aðild að Evrópusambandinu árið 2003 og sótti formlega um aðild árið 2016.



Ursula von der Leyen, forseti ESB

Í nýjustu skýrslu stækkunarnefndar Evrópusambandsins kemur fram að það sé enn þörf á nokkrum minniháttar breytingum á stjórnarfari í Bosníu áður en hægt verði að samþykkja umsókina.

„Við lögðum til að samþykkja stöðu Bosníu Hersegóvínu sem umsóknarríkis. Við ræddum einnig fyrirætlanir Georgíu. Það er meðbyr í Evrópu og það er okkar að nýta hann,“ sagði Ursula von der Leyen, forseti Evrópusambandsins, við blaðamenn í gær. ■



Bill Nelson, forstjóri NASA, er sjálfur fyrrum geimfari. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Tókst að beina smástirni af leið

kristinnpall@frettabladid.is

**GEIMVÍSINDI** Tilraun bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA til að nota mannlaust geimfar til að beina smástirni af leið heppnaðist í vikunni. Með því að skjóta litlu geimfari í veg fyrir smástirnið tókst NASA að breyta leið smástirnisins.

Tilraunin var gerð í því skyni að reyna að hafa áhrif á stefnu smástirna ef það kæmi til þess að smástirni myndi stefna á jörðina einn daginn.

„Með þessu erum við að sanna fyrir heiminum að okkur er alvara þegar kemur að því að vernda jörðina,“ sagði fyrrverandi geimfarinn, öldungadeildarþingmaður og núverandi forstjóri NASA, Bill Nelson. ■

# Ekki áhyggjur af sjálfvirkum vopnum safnara

odduraevar@frettabladid.is

**ÖRYGGISMÁL** Bryndís Haraldsdóttir, formaður allsherjarnefndar, deilir ekki áhyggjum löggæslu- og öryggisfræðings af því að safna megi sjálfvirkum skotvopnum og að þau verði mögulega nýtt til þess að fremja fjöldamorð.

Hún segist þakklát fyrir opið bréf til þingmanna sem birtist í blaðinu í gær frá Eyþóri Víðissyni. Þar skorar Eyþór á þingmenn að endurskoða ákvæði í vopnalögum sem geri einstaklingum kleift að safna hálfsjálfvirkum og sjálfvirkum vopnum.

Eyþór gengur svo langt að segja að það styttist í fyrstu hóp-skotárásina hér á landi. Notkun vopna hafi aukist hérlendis og ekki skipti máli hve vel slík vopn séu geymd.

„Það er auðvitað ákveðin hræðsla sem vaknar þegar svona lýsingar eru lesnar,“ segir Bryndís. „Ég verð að viðurkenna að áhyggjur mínar eru ekki í takti við það sem þarna er þó að við verðum að hugsa til þess að við erum auðvitað eyja en ekki eyland og það er alveg eins hægt að búast við því að allt sem getur gerst í nágrannalöndum okkar geti jafnframt gerst á Íslandi.“

Hún segir að sér þyki lögregla hafa staðið sig vel í að koma í veg fyrir slíkar árásir hér á landi. „Og nýjustu fréttir af því að hér sé farið að smíða vopn í einhverjum þrívíddarprenturum bendir okkur á



Bryndís Haraldsdóttir, formaður allsherjarnefndar Alþingis

það að eitt er jú vopnalögin og safnaraleyfi og eftirlit með því en það er svo eitthvað allt annað ef fólk er farið að framleiða þetta bara sjálft í bílskúrum og þá þarf væntanlega að beita einhverjum öðrum aðferðum til þess að koma í veg fyrir slíkt.“

Aðspurð segir Bryndís það vera fréttir sé það svo komið líkt og Eyþór segi að eign sjálfvirkra og hálfsjálfvirkra skotvopna sé orðin algeng hérlendis.

„En ég viðurkenni það að eftir að hafa rætt við einstaklinga sem sinnt hafa löggæslu og þekkja þessi mál þá bendir fólk á að eitt eru vopnalögin og safnaraleyfin og hitt er líka framkvæmd og eftirlit með lögunum,“ segir Bryndís.

„Ég held að það sé full ástæða til að yfirfara lögin, en ég hef ekki mótað mér skoðun á því hvort þurfi að breyta þeim. Ég er ekki viss um það samt sem áður að vopnasafnarar séu okkar helsta vandamál þegar kemur að glæpum.“ ■

Sjá nánar á frettabladid.is

# Bólusetja kynlífsverkafólk við apabólu

**Rauða regnhlífin, baráttusamtök kynlífsverkafólks, Embætti landlæknis og smitsjúkdómadeild Landspítalans standa nú að bólusetningarátaki meðal kynlífsverkafólks gegn apabólu. Rauða regnhlífin segir hópinn stærri en fólk grunar og að mikilvægt sé að ná til allra.**

lovisa@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Logn er í Rauðu regnhlífinni og segir að átakið hafi komið til eftir að samtökin sendu póst á Embætti landlæknis um bólusetninguna.

„Við fengum strax jákvæð viðbrögð og þau voru sammála okkur um mikilvægi þess að ná kynlífsverkafólki í þessa bólusetningu af því að kynlífsverkafólk er ekki eins verndað og almenningur. Oft er heilsa okkar ekki tekin eins alvarlega. Þetta er mjög jaðarsettur hópur og okkur fannst mjög mikilvægt að við fáum heilbrigðisþjónustu sem við þurfum og eigum rétt á,“ segir Logn.

Bólusetning gegn apabólu hófst í júlí og komu til að byrja með 40 skammtar af bóluefni til landsins.

„Það hafa alls ekki verið mörg smit af apabólu á Íslandi. Við erum heppin með það og það er ekki mikil áhætta. Oft er kynlífsverkafólk að vinna í mjög nánu umhverfi með öðru fólki og er þá mun líklegra til að smitast af apabólunni. Það getur þá í kjölfarið haft mikil áhrif á getu þess til að vinna og framfleyta sér,“ segir Logn.

Hán segir að smitsjúkdómadeild Landspítalans, A3, hafi tekið við verkefninu og að þar geti fólk fengið bólusetninguna en að einnig geti fólk haft samband við félagið í gegnum raudaregnhlifin@gmail.com eða í gegnum Instagram-reikning samtakanna til að fá upplýsingar um bólusetninguna.



Renata, til vinstri, og Logn, til hægri, eru í samtökunum Rauða regnhlífin. MYND/AÐSEND

> ” Oft er heilsa okkar ekki tekin eins alvarlega.
>
> Logn

„Við getum séð um að koma þeim í bólusetninguna án þess að það komi fram sérstaklega að þau séu kynlífsverkafólk. Við viljum vinna með fólki til að passa upp á öryggi þess. Það eru ekki allir eins opnir um þetta og við sem erum í þessu málsvarastarfi. Númer eitt, tvö og þrjú er bara að koma heilbrigðisþjónustu til kynlífsverkafólks.“

Kynlífsverkafólk er fjölbreyttur hópur en Logn segir að hópurinn sé líklega stærri en almenningur getur ímyndað sér. Meðlimir samtakanna séu til dæmis þau sem eru í kynlífsvinnu, Íslendingar sem strippa erlendis, heimilislaust fólk sem skiptir á kynlífi fyrir húsnæði og svo fólk sem skiptir á vímuefnum og kynlífi.

„Við höfum engar tölur um það hversu stór hópurinn er, en sama hver ástæðan er fyrir því að fólk er í þessari vinnu þá þurfa allir á heilbrigðisþjónustu að halda. Það er svo mikið stigma í kringum þetta og að ræða þetta og þess vegna viljum við að þessar upplýsingar dreifist sem víðast. Við erum miklu fleiri en fólk grunar. Það eru sumir sem hafa sinnt kynlífsvinnu en kannski skilgreina sig ekki sem kynlífsverkafólk eins og þau sem skipta á kynlífi fyrir vímuefni eða heimili eða annað. Við viljum passa að allir, líka þessi hópur, hafi gott aðgengi að heilbrigðiskerfinu, og þessu átaki.“

Logn segir enn mikla fordóma innan heilbrigðiskerfisins sem oft komi upp þegar fólk greinir frá því að hafa verið í svona vinnu eða þegar heilbrigðisstarfsfólk kannski veit af því í þessari starfsgrein í gegnum til dæmis OnlyFans. Því veigri margir sér við því að fara á heilsugæsluna eða leita sér aðstoðar.

„Það er svo lítill skilningur og hræðsla og við viljum koma í veg fyrir það því allir eiga rétt á aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Það er svo mikilvægt að kynlífsverkafólk sé með þegar kemur að því að hanna heilbrigðisþjónustu fyrir okkur,“ segir Logn og að það hafi skort á samráð vegna hræðslu og fordóma. ■




## Vangaveltur um andspyrnu Rússa

bth@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Rússar segjast hafa handtekið átta manns vegna sprengingarinnar um helgina á Krímskagabrúnni.

Rússnesk yfirvöld segja að fimm hinna grunuðu séu Rússar, hinir úkraínskir og armenskir, að því er BBC greinir frá. Úkraínskur embættismaður segir rannsókn Rússa „vitleysu“. Yfirlýsing Rússanna hefur vakið spurningar um rússneska andspyrnuhreyfingu.

Rússar hafa svarað sprengingunni með loftárásum í Úkraínu á óbreytta borgara og skotmörk sem ekki eru hernaðarlega mikilvæg. Nokkur börn hafa látist í árásunum.



Spurningar vakna um samstöðu meðal Rússa um herverk Pútíns.

Ráðuneyti í Úkraínu greinir frá því að nokkur S-300 flugskeyti hafi verið sprengd við Zaporízja. Eitt þeirra eyðilagði íbúðarhús í úthverfi og lést fjölskylda. ■



# Glæsileg landbúnaðarsýning í Laugardalshöllinni

## 14. – 16. október 2022



- Matvælasýning
- Tækjasýning
- Öflug dagskrá

**Sýningin er opin:**
**Föstudag:** 14. okt. 14.00-19.00
**Laugardag:** 15. okt. 10.00-18.00
**Sunnudag:** 16. okt. 10.00-17.00

Aðgangseyrir 1.500 kr. Eldri borgarar og öryrkjar 1.000 kr. Frítt fyrir börn undir 12 ára aldri í fylgd með fullorðnum.
Miðar gilda alla dagana og líka á fyrirlestradagskrá

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR
- 2022 -

# Heimilislausir og kvíða vetrinum

Viðmót, samtök um mannúðlega vímuefnastefnu á Íslandi, hélt setuverkfall í neyðarskýlinu á Granda í gær. Samtökin krefjast þess að sett verði á laggirnar úrræði þar sem karlmenn án heimilis geti verið á daginn. Ragnar Erling Hermannsson og Atli Sæmundsson eru heimilislausir og kvíða vetrinum.

birnadrofn@frettabladid.is



Viðmót, samtök um mannúðlega vímuefnastefnu á Íslandi, stóðu fyrir setuverkfalli í neyðarskýlinu á Granda í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRNA

**SAMFÉLAG** „Við erum bara að kalla eftir hjálp, það er það sem þetta snýst um,“ segir Ragnar Erling Hermannsson, meðlimur í Viðmóti, samtökum um mannúðlega vímuefnastefnu á Íslandi. Samtökin héldu í gær setuverkfall í neyðarskýlinu á Granda sem er úrræði fyrir heimilislausa karlmenn á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þar er opið frá klukkan fimm seinnipartinn og til tíu á morgnana alla daga.

Félagar í Viðmóti krefjast þess að Reykjavíkurborg taki ábyrgð á því að það sé ekki starfrækt dagsetur fyrir heimilislausa karlmenn á daginn og komi slíku á laggirnar strax, annað hvort sjálf eða í samstarfi við aðra. Þá fara samtökin fram á það að öllum neyðarskýlum í Reykjavík sé ekki lokað yfir daginn sé veðurviðvörun gul eða hærri. Nú er miðað við að loka ekki ef viðvörun vegna veðurs er appelsínugul eða rauð.

### Vantar fjármagn

Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, deildarstýra í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, segir kröfur Viðmóts skiljanlegar. Eins og svo oft áður sé fjármagn vandamálið. „Þetta snýst um peninga, því miður,“ segir Hrafnhildur. „Það er nú þegar ekki til fjármagn fyrir því að hafa opið þegar það er appelsínugul eða rauð viðvörun en við gerum það samt. Það þarf að manna vaktina og það kostar peninga,“ bætir hún við. Hrafnhildur bendir á að dagsetur fyrir konur sé rekið af Hjálparstarfi kirkjunnar.

Ragnar og Atli Sæmundsson, voru meðal þeirra sem tóku þátt í setuverkfallinu í gær. Þeir segjast báðir bjartsýnir á að hlustað verði á kröfur þeirra, annað væri ómannúðlegt. „Við vitum alveg að það vill enginn að við séum úti í kuldanum en við spyrjum okkur samt af hverju það er ekkert gert, hverjir eru það eiginlega sem taka þessar ákvarðanir?“ segir Ragnar.

Hrafnhildur segir mikinn vilja hjá velferðasviði og borginni til að bregðast við og það sé verið að meta stöðuna. Ákvarðanir byggi á stefnu og stefnan sé að leggja áherslu á framboð á húsnæði frekar en aukningu hjá neyðarskýlum. Ekki náðist í Heiðu Björg Hilmisdóttur, formann velferðarráðs, við gerð umfjöllunarinnar.

### Kvíða komandi vetri

Í Reykjavík eru þrjú neyðarskýli fyrir heimilislaust fólk. Þau eru öll opin alla daga frá klukkan 17 til 10 næsta dag. Boðið er upp á kvöldverð og morgunmat auk stuðnings og þjónustu frá VoR-teymi og starfsfólki neyðarskýlanna. Ákveðinn fjöldi gistiplássa er í hverju neyðarskýli en engum er vísað frá.

„Þetta er erfitt fyrir okkur en það er líka erfitt fyrir starfsfólkið og þau sem vilja hjálpa okkur að geta og/eða mega það ekki,“ segir Ragnar. „Þetta eru allt algjörar perlur og reyna allt sem þau geta en þurfa að vinna eftir ómannúðlegum reglum sem fólkið á bak við tjöldin setur,“ bætir hann við.

Atli og Ragnar kvíða komandi vetri og kuldanum sem búast má við. Þeir segjast ekki hafa í nein hús að venda. Spurðir hvar þeir hafi hafst við síðastliðinn þriðjudag þegar mikil rigning var í Reykjavík segjast þeir hafa leitað skjóls í bílakjallara.

„Það er eini staðurinn sem við þannig séð fáum að vera á og fáum frið, en samt erum við líka reknir þaðan út ef einhver kemur,“ segir Atli.



Neyðarskýlið á Granda er úrræði fyrir heimilislausa karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það er erfitt að geta ekki fest rætur neins staðar.



Ragnar Erling Hermannsson

Ragnar og Atli neyta báðir vímuefna og segjast finna fyrir miklum fordómum í sinn garð. „Því miður er mikið stigma í samfélaginu varðandi það. Það er ekki litið á þetta sem veikindi og við erum ekki velkomnir á mörgum stöðum,“ segir Ragnar.

*Kvíðið þið vetrinum?*

„Já, ég er mjög kvíðinn og stressaður,“ segir Ragnar. „Við getum fengið hlý föt og svona í skýlinu en sama hvað maður er vel klæddur þá er manni samt kalt ef maður er úti allan daginn,“ segir hann.

„Ég myndi frekar vilja deyja en að lifa þennan vetur. Ekki bara af því ég er heimilislaus heldur út af neyslunni og mörgu öðru,“ segir Atli.

*Finnst þér þú ekki fá hjálpina sem þú þarft?*

„Nei, eiginlega ekki, ég veit ekki hvað ég er búinn að bíða í mörg ár eftir íbúð en það er alltaf einhver á undan mér,“ segir Atli.

### Einstaklingsmiðuð úrræði

Atli og Ragnar eru sammála um að nauðsynlegt sé að þau úrræði sem í boði eru séu einstaklingsmiðuð. Ekki geti allir búið einir í íbúð og sumir séu til að mynda veikir og þurfi á læknisaðstoð að halda.

Undir orð þeirra tekur Ásbjörg Una Björnsdóttir, forstöðukona Gistiskýlisins á Granda. Hún segir grunnvandamálið það að einstaklingar þurfi að vera til langtíma í neyðarskýlum. Samkvæmt tölfræði Reykjavíkurborgar frá október 2021 eru 214 karlmenn og 87 konur heimilislaus í Reykjavík og um 30 prósent þeirra eru í neyðarskýlum. Þar er ekki ætlast til að fólk sé lengur en í þrjátíu daga.

> Ég myndi frekar vilja deyja en að lifa þennan vetur.



Atli Sæmundsson

„Það þarf að horfa á þarfir hvers og eins og mæta þeim,“ segir Ásbjörg. „Það á enginn að þurfa að búa hér til lengri tíma og það á enginn að þurfa að upplifa það að hafa í engin hús að venda.“

Ásbjörg segir að í neyðarskýlinu á Granda séu fimmtán rúm en að vanalega sofi þar átján manns. „Við erum með þrjá sófa þar sem þrír geta fengið að hvíla sig. Ef það koma fleiri þá erum við í sambandi við gistiskýlið á Lindargötu og í algjörum neyðartilvikum hringjum við í lögregluna og menn fá að sofa í fangageymslu,“ segir hún.

Í gistiskýlinu á Lindargötu eru 25 gistipláss sem Ingi Þór Eyjólfsson, forstöðumaður þar, segir fullnýtt á hverri nóttu. Hann segir að meðaltali um fimmtíu manns dvelja í neyðarskýlum í Reykjavík á hverri nóttu, á Lindargötu, Granda og í Konukoti.

### Vantar Skjól fyrir karla

Í febrúar á síðasta ári var Skjólið opnað á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar að frumkvæði biskups Íslands. Þangað geta heimilislausar konur leitað yfir daginn og þar er boðið upp á hádegismat, hreinlætis- og þvottaaðstöðu ásamt því að aðstaða er til hvíldar og tómstundaiðkunar. Þar geta konurnar einnig komist í tölvu.

„Þetta er akkúrat það sem við erum að tala um að okkur vanti og okkur er það óskiljanlegt að við getum ekki fengið líka,“ segir Ragnar.

Rósa Björg Brynjarsdóttir, umsjónarkona Skjólsins, segir að gengið hafi virkilega vel frá því Skjólið var opnað. Þangað hafi leitað 94 konur frá opnun, þar af 59 á þessu ári. „Að meðaltali hafa komið um átta til ellefu konur til okkar á dag núna í október,“ segir hún.

„Við höfum bara fengið góð viðbrögð frá konunum okkar og fagaðilum. Þeir tala um að auðveldara sé að nálgast konurnar og hér er opið á skrifstofutíma sem er einmitt tíminn þegar maður sækir um vinnu, hittir ráðgjafa og svo framvegis,“ segir Sara.

Hún segir að þegar Skjólið hafi verið opnað hafi verið framkvæmd þarfagreining þar sem í ljós kom að þörfin var mest fyrir að opna úrræði fyrir konur sem opið væri að deginum til. „Það er samt klárt mál að það þarf líka svona úrræði fyrir karlana.“

Ragnar og Atli segjast þakklátir fyrir þá þjónustu sem þeir fái í neyðarskýlinu en að dagarnir séu erfiðir. „Við erum í þeirri stöðu að við erum bara að drepa tímann og það er erfitt að gera það þegar maður er alltaf í lausu lofti,“ segir Atli.

„Það er erfitt að geta ekki fest rætur neins staðar,“ segir Ragnar. „Ég er fullfær um að vinna og er alveg til í að vakna á morgnana og fá mér kaffibollann minn, gera mig til og fara í vinnu en ég bara hef enga fótfestu og þá get ég það ekki,“ bætir hann við.

„Við munum ekki gefast upp,“ segir Ragnar. „Ég hef fulla trú á því að það verði gengist við okkar kröfum, sérstaklega ef við höldum áfram að berjast fyrir þeim, annað hvort það eða við sitjum bara hér og förum ekkert út.“ ■




**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Vandamálið er brostinn trúverðugleiki



Ólafur Arnarson
olafur @frettabladid.is

**Fjármálamarkaðir hafa áhyggjur af því að aðgerðir Englandsbanka til að styðja við bresk ríkisskuldabréf séu ógagnsæjar. Greinendur segja trúverðugleika ríkisstjórnar Liz Truss í ríkisfjármálum brostinn vegna efnahagspakka stjórnarinnar.**




Skuldabréfagreinandi Rabobank segir að rót vandans í Bretlandi sé að trúverðugleiki stjórnar Liz Truss í ríkisfjármálum sé horfinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Í gærmorgun kom yfirlýsing frá Englandsbanka um að alveg frá upphafi hefði verið ljóst að tímabundnum og markvissum kaupum hans á ríkisskuldabréfum (gilts) myndi ljúka 14. október. Panikk-sala varð á gilts og fjármögnunarkostnaður breska ríkisins og fyrirtækja hækkaði enn við þessi tíðindi

Fyrr um morguninn hafði The Financial Times greint frá því að það hefði heimildir fyrir því að stjórnendur Englandsbanka hefðu fullvissað stjórnendur helstu fjármálafyrirtækja um að bankinn myndi framlengja kaupin ef flökt og sveiflur á mörkuðum ykjust á ný.

> **Ríkisstjórnin verður að skera niður útgjöld um 40 prósentum hærri fjárhæð en varið er til varnarmála.**

Eftir yfirlýsingu bankans hækkaði ávöxtunarkrafa á 30 ára óverðtryggð gilts um 0,2 prósent, upp í 5 prósent, og nálgast ávöxtunarkrafan nú markið sem varð til þess að Englandsbanki tilkynnti upphaflega um kaupáætlun sína.

Stjórnendur lífeyrissjóða hafa kvartað undan óvissu. Annars vegar sé opinber yfirlýsing um að inngripi bankans verði hætt á morgun en svo berist orðrómur um að ef nauðsyn krefji muni inngrip bankans halda áfram. Þetta valdi mikilli óvissu.

Breska pundið var stöðugra í gær, en það lækkaði mikið á þriðjudag eftir yfirlýsingu bankastjóra Englandsbanka um að kaupáætlunin yrði ekki framlengd.

Englandsbanki hefur verið að glíma við eftirköst þess að Kwasi Kwarteng, fjármálaráðherra í ríkisstjórn Liz Truss, lagði fram efnahagspakka með ófjármögnuðum skattalækkunum í síðasta mánuði sem olli mikilli lækkun pundsins og kippti fótunum undan markaði með ríkisskuldabréf svo lífeyrissjóðir lentu í miklum lausafjárvandræðum.

Fyrr í vikunni víkkaði Englandsbanki út neyðarpakka sinn með því að hækka hámarkskaup á hverjum degi og bæta verðtryggðum gilts við kaupáætlunina. Í gær hafði bankinn aðeins keypt gilts fyrir 8,8 milljarða punda, en heildarstærð pakkans var upphaflega ætluð allt að 65 milljarðar punda.

The Financial Times hafði í gær eftir Richard Mcguire, skuldabréfagreinanda hjá Rabobank, að ógegnsæi aðgerða Englandsbanka væri bagalegt þegar bankinn væri í óðaönn að reyna að vinda ofan af þeim vanda sem efnahagspakki ríkisstjórnarinnar ylli. Enn fremur gæti bankinn engin áhrif haft á rót vandans sem væri sú að trúverðugleiki bresku ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum væri horfinn eftir efnahagspakkann. ■




## Gilts verri en rafmyntir

Ótrúlegt en satt, verðtryggð bresk ríkisskuldabréf (gilts) til langs tíma hafa lækkað meira frá því í nóvember á síðasta ári en rafmyntir.

Flestir eignaflokkar hafa lækkað mikið síðasta árið og bitcoin hefur fallið um 67 prósent.

Verðtryggð og þar með verðbólguvarin gilts, útgefin af ríkissjóði Stóra-Bretlands með gjalddaga árið 2073, hafa lækkað um 78,6 prósent frá því að þau voru gefin út 23. nóvember á síðasta ári. Þau hafa lækkað um meira en 80 prósent frá því að verð þeirra náði hámarki, 1. desember.

Gilts með gjalddaga 2071 hafa lækkað um 70 prósent á sama tíma og ávöxtunarkrafa þeirra hefur hækkað úr 0,5 prósentum í 4,2 prósent.

Kerfisbundin sala breskra lífeyrissjóða, sem hafa verið lykilfjárfestar í löngum gilts, keyrir upp ávöxtunarkröfu þeirra og þegar það gerist í langtíma ríkisskuldabréfum veita þau fjárfestum lítið meira skjól en fæst með fjárfestingu í ruslbréfum eða rafmyntum.

# Kveðst vera bjartsýnn á húsnæðismarkaðinn til lengri tíma

magdalena@frettabladid.is

Þorsteinn Víglundsson, forstjóri eignarhaldsfélagsins Hornsteins, kveðst vera bjartsýnn á húsnæðismarkaðinn til lengri tíma. Þetta sagði hann í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Undirliggjandi stærðir í hagkerfinu eru mjög hagfelldar. Þjóðinni er að fjölga og eftirspurn í ágætu horfi og kaupmáttur sterkur. Vextir hafa vissulega hækkað en í sögulegu samhengi eru þeir ekki mjög háir heldur,“ segir Þorsteinn og bætir við að þó séu vísbendingar um að markaðurinn sé að kólna.

„Það er hins vegar augljóst að markaðurinn er að kólna nokkuð skarpt. Það hefur verið þrengt mjög að fyrstu kaupendum í aðgerðum Seðlabankans. Þannig að verkefnið í þjóðhagslegu samhengi er að ná verðbólgunni hratt niður og þá ættu forsendur í efnahagslífinu og á fasteignamarkaði að vera áfram sterkar.“

> **Það er hins vegar augljóst að markaðurinn er að kólna nokkuð skarpt.**

Þorsteinn segir að markaðurinn sveiflist meira hér en í nágrannalöndunum.

„Kaupmátturinn hefur meiri tilhneigingu til að sveiflast meira samhliða miklum sveiflum í gengi krónu, átökum á vinnumarkaði í köflum og okkur hefur aldrei tekist að ná tökum á verðbólgunni í samanburði við nágrannalöndin okkar svo dæmin séu tekin.“




Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins, var gestur í Markaðnum. MYND/HRINGBRAUT

Þorsteinn bætir við að allt hafi þetta áhrif á fasteignamarkaðinn.

„En við þurfum í rauninni stöðugra framboð en líka stöðugra umhverfi. Ef við náum að draga úr þessum ýktu hagsveiflum mun það stuðla að meiri stöðugleika á fasteignamarkaði.“

Þorsteinn kallar eftir raunsærri umræðu um fasteignamarkað og setur spurningarmerki við spár sem settar hafa verið fram af hálfu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

„Það er frábær greiningarvinna hjá stofnuninni en í leiðinni mjög brattar spár um þörf á íbúðarhúsnæði á næstu 10 árum. Það hefur verið talað um 35.000-40.000 íbúðir á þessu tímabili. Þannig að ég set spurningarmerki við það.“ ■

EINFALT OG ÞÆGILEGT

# Pantaðu lyfin á lyfjaval.is

Veldu að sækja í næsta apótek
eða fáðu sent heim.




Lyfjaval
HEILSA & HAMINGJA

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Bílaapótek Suðurfelli
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

www.lyfjaval.is

# Klofningur ASÍ



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Það er ekki hátt risið á forystu Alþýðusambandsins þessa dagana og trúverðugleiki helstu launþegasamtaka Íslands er farinn sömu leið og margir helstu forkólfar þeirra, horfinn á dyr.

Hjaðningavígin innan sambandsins hafa verið áberandi um árabil, en fyrirlitningin sem nafntogað fólk innan hreyfingarinnar hefur sýnt hvert öðru í þessara dæmalausu viku í sögu ASÍ er með eindæmum. Það var ekki einu sinni reynt að fela forsmánina og hatursfullar háðsglósur á þingi sambandsins í fyrradag, sem varð til þess að því var frestað í gærdag. Þar voru gerð hróp að fólki og það ausið svívirðingum, baulað og öskrað yfir ræðumenn og fótum stappað niður til að leggja áherslu á andúð sína á félagsmönnum.

Klofningurinn er augljós. Og hann er ámátlegur. En saga Alþýðusambandsins er auðvitað uppfull af átakasenum. Ekki er nema mannsaldur frá því sambandið klofnaði í tvennt og næstu áratugina, allt fram undir aldamót, hvein reglulega í tálknum.

Ef til vill hefur sambandið þótt vera orðið nokkuð settlegt hin seinni árin, gott ef ekki værðarlegt, í býsna háskólagenginni bírókrasíu. Og uppreisnin í nafni gassalegrar kjarabaráttu hefur smám saman verið að taka á sig æsilegri mynd.

Sá er þó munurinn á gömlum dögum og nýjum – og hann er mikill – að rimmurnar eru ekki lengur málefnalegar, heldur persónulegar. Fólk getur ekki talast við.

Erfitt er að sjá að persónur og leikendur í þessum hanaslag muni geta lappað upp á ásýnd Alþýðusambandsins, svo mjög sem hún er orðin löskuð. Sættir eru ekki í sjónmáli. Svo mikið er víst. Sundrungin er enn að grafa um sig – og skotgrafirnar kunna að dýpka að miklum mun.

> „Sá er þó munurinn á gömlum dögum og nýjum – og hann er mikill – að rimmurnar eru ekki lengur málefnalegar, heldur persónulegar.

Þá er til þess að horfa að Alþýðusamband Íslands er fyrst og síðast regnhlífarsamtök margra og jafnvel ólíkra verkalýðsfélaga í landinu. Regnhlífin hefur haldið veðri og vindum, lengst af, en hefur aldrei verið valdamikil í sjálfu sér.

Magtin hefur miklu fremur haldist heima í héraði. Hjá hverju félagi fyrir sig. Og nú kann að blasa við sú sviðsmynd að hvert og eitt þessara félaga reyni fyrir sig upp á eigin spýtur. Verkfalls- og samningarétturinn er hvort eð er á þeirra hendi.

Launafólkið innan ASÍ telur 130 þúsund sálir, þar af eru 50 þúsund í VR og 30 þúsund í Eflingu. Fyrst samhljómurinn er horfinn, blasir einleikurinn við. ■




## Halldór




## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Gott flug**
Það fór eins og það fór í Portó – og auðvitað var það ekkert annað en dómaraskandall sem hafði sigurinn af stelpunum okkar. Þær geta samt borið höfuðið hátt og lögðu sig allar fram við að hafa sigurinn með sér heim til Íslands. En töpuðu. Sigurvegarinn í þessu öllu saman er auðvitað Icelandair sem skreytti svalir vallarins með harla líflegum Íslendingum sem hvöttu stelpurnar okkar af allri þeirri orku raddbandanna sem möguleg var. Forkólfar flugfélagsins brugðust nefnilega hratt og vel við og fylltu eina vél af stuðningsmönnum á núll einni – og fyrir vikið lifir leikurinn í gleðilegri minningu en ella.

**Meðhald**
Maður verður þá bara að fara að halda með öðrum liðum, hugsaði sjálfsagt maður og annar til í sófanum heima í fyrrakvöld, sársvekktur eftir ósléttar farirnar í suðrænu hafnarborginni. Og það á HM-unum báðum, kvenna og karla, í Eyjaálfu og Arabíu. Og er þá ekki bara öruggast að taka enga sénsa, hugsa eins og ábyrgur endurskoðandi – og segja sem svo: fótbolti er leikur tveggja liða, þar sem að minnsta kosti ellefu leikmenn byrja inn á í hvoru liði, hvað svo sem síðar verður – og Þjóðverjar vinna, örugglega, 1:0 ... ■

# Neytendamál á dagskrá



**Lilja Dögg Alfreðsdóttir**
viðskiptaráðherra og varaformaður Framsóknar

Markviss neytendavernd er ein af forsendum heilbrigðs atvinnulífs. Neytendavernd snýst um að hámarka velsæld og tryggja öruggan og einfaldan markað sem gerir neytendum kleift að taka sem bestar ákvarðanir.

Það er mjög brýnt að við stöndum vaktina í neytendamálum, ekki síst í ört breytilegum heimi netviðskipta og þjónustu. Á kjörtímabilinu gerum við ráð fyrir umbótum á sviði neytendaverndar en það eru mikil sóknarfæri á þessu sviði. Þannig verður heildarstefnumótun á sviði neytendaverndar unnin sem mun nýtast sem leiðarljós í málaflokknum næstu árin.

Ýmsar aðgerðir eru einnig hafnar á sviði neytendamála. Þannig hef ég hrundið af stað vinnu nefndar sem hefur það hlutverk að skoða hlut þjónustu- og vaxtagjalda, vaxtamunar og hvers konar annarra þóknana og annarrar gjaldtöku af viðskiptavinum í arðsemi bankanna með það að markmiði að kanna hvort íslensk heimili greiði meira fyrir almenna viðskiptabankaþjónustu en heimili á hinum Norðurlöndunum.

Þá skipaði ég starfshóp sem er ætlað að útfæra lagabreytingar sem tryggi að ástandsskýrslur fylgi söluyfirliti allra fasteigna sem ætlaðar eru til íbúðar.

Framlög til Neytendasamtakanna voru hækkuð til að gera þeim betur kleift að halda úti öflugri þjónustu og stuðla að aukinni neytendavitund. Til skoðunar er hvernig unnt sé að efla starfsemi þeirra enn frekar og styrkja þannig málaflokkinn.

Við viljum tryggja stöðu neytenda betur í nýju umhverfi netviðskipta og með hliðsjón af stafvæðingu, orkuskiptum og umhverfisvernd. Í þessu samhengi er prófsteinn á neytendavernd hversu vel okkur tekst til við að vernda viðkvæma neytendur og börn fyrir óréttmætum viðskiptaháttum.

Við viljum einnig bæta framfylgd löggjafar sem verndar neytendur. Þetta er best gert með skilvirku eftirliti, skjótri úrlausn ágreiningsmála og markvissri fræðslu. Þá er hafin endurskoðun á stofnanaumgjörð á sviði neytendaverndar í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Öflug neytendavernd er mikilvæg fyrir samfélagið og miklu máli skiptir að við öll séum á tánum til þess að stuðla að aukinni vitund um mikilvægi neytendamála. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Tilvísun eða frávísun

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Hvort er nú meiri þörf á að vísa fólki til landsins eða frá því?

Ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir neyðarástandi á landamærum Íslands vegna fjölda fólks á flótta. Í fyrsta sinn hafa verið opnaðar flóttamannabúðir á Íslandi. Þetta er það sem að okkur snýr þegar flóttamenn hafa ekki verið fleiri í heiminum síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk. Stjórnvöld hafa ekki náð tökum á viðfangsefninu.

**Athyglin**

Nefnd þingmanna er nýkomin úr kynnisferð til Norðurlanda þar sem hún átti samtöl um innflytjendapólitík. Sú upplýsingamiðlun um innflytjendamál, sem jafnan vekur mesta athygli, eru sjónvarpsviðtöl við fólk, sem vísa á úr landi. Þau eru oft tvöfalt lengri en forsætisráðherra fær. Eðlilega skilja þau eftir heitar tilfinningar.

Tilfinningaumræða getur svo bæði eflt samúð og kynt undir úlfúð. Innflytjendamál hafa lengi verið eldfim pólitík í Skandinavíu. Við höfum aftur á móti að mestu leitt þau hjá okkur að frátöldum umræðum um einstakar brottvísanir.

**Þörf**

Að baki móttöku flóttamanna og fólks sem sækir hér um alþjóðlega vernd liggja mannúðarsjónarmið. Á þeim siðferðilegu forsendum höfum við tekist á hendur alþjóðlegar skuldbindingar. Hér eins og annars staðar sæta þær þó skorðum, jafnvel þótt þörfin fyrir fleira fólk sé augljós.

En miklu fleiri innflytjendur eru hér af öðrum ástæðum: Við höfum einfaldlega efnahagslega þörf fyrir þá. Vinna þeirra og flóttamanna er forsenda fyrir hagvexti og velferð í landinu. Útlendingaandúð samræmist því ekki óskum um betri lífskjör. En það breytir ekki hinu að full þörf er á ríkari málefnalegri umræðu um þessi efni en verið hefur.

**Á reiki**

Reglur um flóttafólk og framkvæmd þeirra þurfa til að mynda að fela í sér ótvíræð skilaboð um það hvar mörkin liggja. Löggjöf um aðra innflytjendur þarf að sama skapi að byggja á stefnu og skýrum markmiðum. Hvort tveggja er um of á reiki.

Aðild Íslands að innri markaði Evrópusambandsins tryggir frjálsa för fólks á milli aðildarríkja. Það hefur reynst mikil hjálparhella fyrir efnahag landsins.

En nú virðist draga úr hreyfingu fólks milli Evrópulanda. Það kallar á viðbótarúrræði.

**Tímamót**

Nýr mannauður er heiti á skýrslu, sem Berglind Ásgeirsdóttir fyrrverandi ráðuneytisstjóri og sendiherra hefur samið. Þar birtist ný sýn á nauðsyn og mikilvægi markvissrar innflytjendastefnu.

Skýrslan markar tvímælalaust tímamót í málefnalegri umræðu um þessi efni. Í henni er ekki fjallað um kvótaflóttamenn og þá sem óska eftir alþjóðlegri vernd.

Höfundur telur hins vegar að Ísland geti stóraukið samkeppnishæfni sína á alþjóðavettvangi með því að skapa aðstæður, sem laði hingað hæfileikaríkt fólk og nýta betur þann mannauð af erlendum uppruna, sem þegar er í landinu.

**Umskipti**

Fyrir aðild Íslands að innri markaði Evrópusambandsins hafði fjöldi útlendinga um áratugi verið undir 2 prósentum. Í dag er þessi tala komin yfir 17 prósent. Það er ekki víðsfjarri því að jafngilda hálfri Reykjavík.

Höfundur gerir líka grein fyrir framtíðarhorfum. Hagstofan áætlar að á næstu tíu árum fjölgi starfsfólki á vinnualdri um 34 þúsund. Náttúruleg fjölgun íbúa mun aðeins fylla 6 þúsund þeirra starfa og standa undir 0,5 prósenta hagvexti. Samtök atvinnulífsins telja að á næstu fjórum árum þurfi 12 þúsund útlendinga inn á vinnumarkaðinn. Samtök iðnaðarins ætla að á næstu fimm árum þurfi 4.500 erlenda sérfræðinga einungis fyrir hugbúnaðargeirann.

Tölur Hagstofunnar miða við 2,5 prósenta hagvöxt. Ef við horfum bara á það verkefni að borga niður skuldir ríkissjóðs þarf hagvöxtur að verða talsvert meiri.

**Kortlagning**

Ábending skýrsluhöfundar um nauðsyn þess að móta skýra og markvissa innflytjendastefnu er sannarlega tímabær. Tillögur hennar byggja á rannsóknum við háskóla í Kanada og reynslu frá starfi sem aðstoðarframkvæmdastjóri OECD. Augljóslega þarf að ryðja mörgum hindrunum úr vegi en líka auðvelda aðlögun þessara mikilvægu borgara að íslensku samfélagi. Tungumálið er þar í lykilhlutverki.

Engum blöðum er um það að fletta að við þurfum að vísa fólki veginn til landsins og kortleggja bæði leiðina og aðlögunina. Þetta er mikilvægt pólitískt verkefni, sem kallar á forystu. ■




# Fokk jú, íslensk náttúra



**Auður Önnu Magnúsdóttir**
framkvæmdastjóri Landverndar

Umhverfisverndarfólk á Íslandi rak upp stór augu þegar umhverfisverðlaun atvinnulífsins voru veitt til Norðuráls. Hvernig má vera að fyrirtæki sem notar fjórðung af allri þeirri raforku sem framleidd er í landinu, veldur 10 prósentum af allri losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi (utan landnotkunar), skilur eftir mengunarslóð í öðrum löndum og sleppir eiturefnum út í umhverfið á hverjum einasta degi til mikils ama fyrir nágranna þess í Hvalfirði allt árið um kring, geti orðið umhverfisfyrirtæki ársins?

Hvað skýrir þessa niðurstöðu sem virðist vera á skjön við öll heilbrigð umhverfis- og loftslagsviðmið sem ættu að liggja til grundvallar slíkri viðurkenningu ?

**Er það samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda?**
Í niðurstöðu dómnefndar kemur fram að Norðurál áætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent fyrir 2030, miðað við árið 2015. Það er svo sem ágætt, lægra en markmið ESB um 55 prósenta samdrátt fyrir 2030 og ESB miðar við losun 2005 en ekki 2015, en er þó eitthvað. Umsvif fyrirtækisins jukust umtalsvert eftir 2005 og því má ganga út frá því að losunin hafi verið mun minni þá en í dag, sem skilar „óhagstæðum“ samanburði. En samdrátturinn á bara að vera frá þeim hluta starfseminnar sem er utan ETS kerfisins (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda), sem er aðeins frá 0,4 prósentum af losun fyrirtækisins.

Heildarlosun 2021 var 481.595 tonn, en losunin sem á að draga úr er 1720,5 tonn árið 2021. Lesum þetta aftur. Umhverfisfyrirtæki ársins, Norðurál, hefur sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni um 0,004*40%=0,16 prósent til 2030, miðað við árið 2015.

Heildarlosun fyrirtækisins jókst milli áranna 2019 og 2021 um 3 prósent. Reyndar jókst losunin örlítið meira ef 2020 er borið saman við 2021, en til að gæta sanngirni vegna Covid-áhrifa er rétt að miða við 2019. Markmið Norðuráls er að ná fullu kolefnishlutleysi. Það virðist fjarstæðukennt markmið ef miðað er við árangur fram til þessa.

**Er það kolefnisspor álsins frá Norðuráli?**
Dómnefnd er tíðrætt um lágt kolefnisspor álsins frá Norðuráli. Í útreikningum á kolefnisspori er gert ráð fyrir því að raforkan sem framleidd er á Íslandi sé nýtt í framleiðslu á álinu. Auðvitað er það þannig að Norðurál er tengt raforkukerfinu hér á landi en það segir ekki alla söguna. Ísland á aðild að kerfi þar sem uppruni raforku er vottaður. Þannig að fyrirtæki sem vilja sýna viðskiptavinum sínum fram á að þau noti „græna orku“ þurfa að afla sér upprunaábyrgða. Norðurál virðist ekki hafa metnað til að kaupa upprunaábyrgðir. Það má því reikna með að á orkureikningi Norðuráls komi fram að þau séu að nýta jarðefnaeldsneyti og kjarnorku í framleiðslunni. Á móti fær eitthvað fyrirtæki í útlöndum, sem í raun og veru notar jarðefnaeldsneyti og kjarnorku í sinni framleiðslu, að nota kolefnislága orku frá Íslandi í sínu kolefnisbókhaldi. Norðurál er því að telja sér lágt kolefnisspor fram hjá þeim kerfum sem alþjóðasamfélagið hefur komið sér upp. Þetta er óheiðarlegt.

**Er það verndun íslenskrar náttúru?**
Norðurál notar 25 prósent þeirrar raforku sem framleidd er í landinu. Sú raforka er framleidd með eyðileggingu á íslenskri náttúru með því að raska háhitasvæðum, merkum jarðminjum, fossum, gróðri og fuglalífi, spilla útsýni og ásýnd og skera landið með raflínum. Hvorki orkufyrirtækin né kaupendur raforkunnar hafa þurft að greiða fyrir þau spjöll sem þau hafa valdið á íslenskri náttúru né þurft að bæta fyrir það með aðgerðum. Ekki er fjallað um verndun íslenskrar náttúru í sambandi við umhverfisverðlaun atvinnulífsins.

> ” Umhverfisfyrirtæki ársins, Norðurál, hefur sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni um 0,004*40%=0,16 prósent til 2030, miðað við árið 2015.

**Er það samdráttur í losun eiturefna?**
Á milli áranna 2019 og 2021 er lítill munur á losun eiturefna út í andrúmsloftið frá Norðuráli. Flúorlosun var hin sama 2019 og 2021, losun á brennisteinsdíoxíði dróst saman um 2 prósent og losun á öðrum eiturefnum var svipuð milli ára. Þá eru tvö álver í heiminum með sérstaka undanþágu til þess að urða kerbrot frá álvinnslu í svokölluðum flæðigryfjum, það eru fyrirtækin Norðurál og álverið í Straumsvík. Norðurál hefur nýlega sótt um leyfi til Skipulagsstofnunar til að stækka sínar flæðigryfjur.

Þá fylgja allri álvinnslu í heiminum hræðilegar aðferðir við vinnslu súráls, oft í fátækum ríkjum þar sem gríðarstór leðjulón með menguðum úrgangi liggja opin fyrir manna og dýra fótum. Leðjulónin hafa brostið með gríðarlegu heilsutjóni íbúa á nærliggjandi svæðum auk mjög dýrkeyptra afleiðinga fyrir vistkerfi og lífríki með jarðvegsmengun og þar sem eiturleðjan hefur runnið út í vötn og ár með óbætanlegum skaða.

Ekki er því um sérlega framför eða bestu aðferðafræði geirans að ræða, þegar kemur að losun eiturefna frá Norðuráli.

**Hvað gengur SA til?**
Hvernig geta Samtök atvinnulífsins komist að því að fyrirtæki sem eykur losun sína milli ára, hefur áform um að draga úr losun til 2030 um aðeins 0,16 prósent, á þátt í að spilla íslenskri náttúru, dregur ekki úr losun eiturefna frá starfsemi sinni og heldur áfram að vera þátttakandi í að skapa eiturefnaúrgang í stórum stíl erlendis, sé verðugt þess að fá umhverfisverðlaun? Verðlaunin til Norðuráls eru fokk jú putti til íslenskrar náttúru, bein móðgun við þau fyrirtæki sem eru af heilum hug og ábyrgð að draga raunverulega úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sinni starfsemi og staðfesta þátttöku SA í að fegra ímynd Norðuráls. Þessar aðferðir sem SA og Norðurál beita hafa nafn og þær aðferðir eru með stærstu ógnum í umhverfismálum.

Þetta, börnin góð, er grænþvottur í hæsta gæðaflokki. ■

# Vegna umfjöllunar um kulnun



**Guðrún Rakel Eiríksdóttir**



**Berglind Stefánsdóttir**

Málefnið kulnun kemur oft fram í samfélagslegri umfjöllun. Þegar betur er að gáð virðist sem mismunandi skilningur sé lagður í hugtakið kulnun og áhrif þess á einstaklinga og vinnustaði. Það er mjög skiljanlegt í ljósi þess að fræðileg skilgreining hugtaksins hefur verið sett fram með mismunandi hætti í gegnum tíðina, kulnun verið mæld á ólíkan hátt og meðhöndluð á mismunandi vegu. Það er frábært að lesa og heyra frásagnir fólks sem er að lýsa eigin upplifun og reynslu. Það skiptir þó máli að gera greinarmun á því og þegar fjallað er um málefni á faglegum forsendum, til dæmis í rannsóknum eða þegar verið er að selja aðgang að meðferð sem dæmi. Þetta á bæði rétt á sér og er mikilvægt. Fjölmiðlar gegna því mikilvægu hlutverki þegar kemur að ábyrgri umfjöllun um þetta málefni sem og önnur.



**Taka þarf mið af heildarmyndinni**
Dæmi eru um að umfjöllun í fjölmiðlum sé sett fram með misvísandi hætti. Þar eru dregnar ályktanir út frá takmörkuðum upplýsingum sem eðlilegra væri að skoða út frá ákveðinni heildarmynd. Slík framsetning getur verið villandi og gefið skekkta mynd þar sem ekki er tekið mið af öðrum mikilvægum þáttum. Störf eru mismunandi og það þarf ekki að vera neikvætt að upplifa þreytu eða vera „búin/n á því“ í lok vinnudags. Það skiptir máli að tekið sé mið af fleiri áhrifaþáttum. Til dæmis hvort þeim sem er þreyttur líði vel eða illa með það, hvort um sé að ræða vanlíðan yfir lengri tíma eða tilfallandi líðan. Við getum verið þreytt eftir vinnuna en alsæl með dagsverkið. Það er mikilvægt að gera greinarmun á eðlilegum viðbrögðum manneskjunnar við aðstæðum sínum og viðbrögðum við óeðlilegum aðstæðum í lengri tíma. Til dæmis hefur vinnandi fólk í aldanna rás tekist á við margskonar krefjandi verkefni og eðlilega verið þreytt á tímum meðan á því stóð, án teljandi afleiðinga.

**Skiptir þetta máli?**
Þegar umfjöllun fer fram með upphrópunum og alhæft er um ákveðna hópa getur það komið af stað neikvæðum og bjöguðum umræðum. Það getur orðið til þess að dregnar eru ályktanir og lagt mat á heilan hóp fólks, til dæmis ungt fólk, konur á ákveðnum aldri eða karla í ákveðinni starfsgrein án þess að það sé viðeigandi eða sanngjarnt. Eins getur það alið á skömm hjá þeim tiltekna hópi. Ekki má gleyma þeim einstaklingum sem virkilega eru að glíma við heilsufarslegar afleiðingar vegna langvarandi álags. Villandi umræða getur leitt til aukinna niðurrifshugsana og jafnvel haft þau áhrif að þessir einstaklingar verða tregari við að leita sér aðstoðar. Kulnun er flókið fyrirbæri sem mikilvægt er að skoða út frá ýmsum hliðum hverju sinni. Fréttir byggðar á tölulegum niðurstöðum geta verið gagnlegar, áhugaverðar og nauðsynlegar þegar fjallað er um hópa sem dæmi. En þá er mikilvægt að draga ályktanir á gagnrýninn hátt og setja einnig fram viðeigandi fyrirvara þegar við á.

**Alþjóðleg viðmið og leiðbeiningar**
Samkvæmt alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er verið að afmarka skilgreiningu á kulnun með þeim hætti að um er að ræða afleiðingar af langvarandi álagi í vinnu sem ekki hefur tekist á árangursríkan hátt að ná stjórn á. Álag getur síðan birst með afar mismunandi hætti og einstaklingsbundið hvað við upplifum sem álag í vinnu og jafnvel á öðrum hliðum lífsins, ef út í það er farið. Einnig skerpir WHO á því að mikilvægt sé að ganga úr skugga um að einstaklingar séu ekki að takast á við annan heilsufarsvanda sem þarfnast sértækrar meðhöndlunar. Ímyndum okkur einstakling sem er að takast á við klínískt þunglyndi. Hann gæti speglað sig í mörgum einkennum kulnunar en í raun er gríðarlega mikilvægt að hann fái sértæka meðferð við sínum vanda. Slík meðferð felur t.d. ekki endilega í sér að draga úr virkni og álagi heldur að auka virkni. Þegar upp er staðið skiptir það öllu máli að við sem einstaklingar fáum viðeigandi aðstoð eða meðferð við okkar vanda.

**Rannsóknarverkefni VIRK og HR**
Hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði hefur verið verkefni í gangi síðastliðin tvö ár tengt kulnun í starfi. Markmið verkefnisins er að byggja upp dýpri þekkingu á fyrirbærinu sem byggð er á rannsóknum. Nýlega voru gefnar út tölur í ársriti VIRK. Um er að ræða lýsandi tölfræði fyrir þann hóp sem vísað er til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs vegna heilsufarslegra afleiðinga af langvarandi álagi. Þar kemur fram að 10,7% af heildarfjölda beiðna um starfsendurhæfingu sem bárust á 12 mánaða tímabili er þetta ástæða tilvísunar. Í einungis 3,8% tilvika er um álag tengt vinnustað eða starfi viðkomandi að ræða. Hægt er að lesa nánar um það á https://www.virk.is/is/um-virk/upplysingar/frettir/kulnun-i-starfi. Þar er til dæmis yngri hópurinn ekki stærri en sá eldri. Afar jöfn dreifing er hvað varðar aldur en þeim mun mikilvægara er að skoða aðstæðutengda þætti.

Við fögnum allri umræðu og hvetjum til hennar. Að því sögðu teljum við mikilvægt að sú umræða sé ábyrg, upplýsandi og skýr. Þannig gætum við sanngirni gagnvart öllum hlutaðeigandi.

*Höfundar eru sálfræðingar og verkefnastjórar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði og doktorsnemar við HR.* ■

> ” Villandi umræða getur leitt til aukinna niðurrifshugsana og jafnvel haft þau áhrif að þessir einstaklingar verða tregari við að leita sér aðstoðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**FIMMTUDAGUR** 13. október 2022






Gerður Helgadóttir að störfum í stúdíóinu. MYND/GERÐARSAFN

## Allt og hvaðeina í Kópavogi

jme@frettabladid.is

Þær Brynhildur Kristinsdóttir og Arnhildur Brynhildardóttir leiða smiðju þar sem unnin verða þrívíð verk undir áhrifum frá Gerði Helgadóttur. Smiðjan er haldin laugardaginn 15. október klukkan 13.00 í Gerðarsafni í Kópavogi í tengslum við sýninguna Geómetríu.

**Listsköpun fyrir öll**

Smiðjan nefnist Allt og hvaðeina, sem er titill á þríleik eftir dulspekinginn Gurdjieff, en Gerður iðkaði hugrækt eftir forskrift hans sem hafði áhrif á listsköpun hennar.

„Í smiðjunni gefst fjölskyldum tækifæri til að búa til litla skúlptúra úr við, vír, garni, trépinnum og pappír. Unnið verður út frá þrívíðum verkum Gerðar og leikið með form, línur og fleti. Ímyndunaraflinu verður gefinn laus taumur þannig að „allt og hvaðeina“ geti gerst, hver veit nema fletir og form breytist í tungl, plánetur eða sólir,“ stendur í lýsingu á viðburðinum. Smiðjan er opin öllum og er þátttaka gestum að kostnaðarlausu.

Brynhildur er myndlistarmaður og kennari. Hún starfar við myndsköpun, hefur kennt myndlist og smíðar og unnið með ýmsum listamönnum, gert leikmyndir og búninga fyrir gjörninga og dans. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Arnhildur er myndlistarmaður sem útskrifaðist frá Myndlistarskólanum í Reykjavík í vor. ■






Hér klæðist Jóhanna María jakka sem er hennar hönnun. Innblásturinn sótti hún til byggingarframkvæmda við hlið skólans. Tölurnar eru úr steypu og grjóti. Eyrnalokkarnir eru einnig hennar hönnun og gerðir úr steypu. Samfellan er frá Helicopter og buxurnar keypti hún í Amsterdam. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Heillandi að skapa persónuleika

Jóhanna María Sæberg hefur lengi haft áhuga á allri list en fann sig þó best í fatahönnun. Hún hugsar mikið um gæði efnanna sem hún vinnur með hverju sinni. 2



Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is



Bindið er hluti af jakka sem Jóhanna hannaði í LHÍ. Liturinn á því vísar í skilti og búnað á byggingarsvæðum en það tók tíma að finna rétta bindið.



Samfellan sem Jóhanna María klæðist hér er hennar hönnun. Gallabuxurnar keypti hún notaðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Þessa svörtu „vintage“ kápu keypti Jóhanna á „pop-up“ fatamarkaði.

„Það sem er svo heillandi við fatahönnunina er að vera alltaf að skapa einhvers konar persónuleika eða ímynd,“ segir Jóhanna María Sæberg sem stundar nám í fatahönnun við Listaháskóla Ísland. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á allri list og hef til dæmis verið að dunda mér við myndlist í einhvern tíma. En á endanum fann ég mig best í fatahönnun því hún býður upp á marga spennandi möguleika. Því er ég bara mjög spennt fyrir framtíðinni.“

Áður en Jóhanna María hóf nám í Listaháskólanum var hún að læra klæðskurð í Tækniskólanum ásamt því að starfa sem þjónn og barþjónn, meðal annars á veitingastaðnum Skál sem er staðsettur í mathöllinni á Hlemmi. „Svo tók ég þátt í gerð búninga fyrir bíómyndina Abbababb! sem kom út um daginn.“

> **Ég elska fylgihluti og á til dæmis nokkra skartgripi sem ég nota flesta daga. Þeir koma frá mömmu, ömmu og langömmu minni.**

### Ólík viðfangsefni

Þegar kemur að persónulegum stíl í fatahönnun segist hún eiga mjög erfitt með að setja puttann á það sem einkenni hennar stíl. „Mér finnst mjög gaman að taka fyrir ólík viðfangsefni á milli verkefna. Sem dæmi sótti ég innblástur í eitt verkefni á síðasta vetri til byggingarvinnunnar sem er í gangi við hliðina á skólanum og var gjörsamlega að æra okkur öll alla önnina. Verkefnið þar á undan var byggt á trúarlegu og mónarkísku myndefni. Ég pæli mikið í efnum, gæði skipta mig miklu máli en umfram það er mikilvægast að efni séu ekki of skaðleg fyrir jörðina.“

Hér sýnir Jóhanna María lesendum inn í fataskápinn og eigin hönnun. ■

## Spurt og svarað:

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast undanfarin ár?*

Áhugi minn á tísku hefur þróast mikið undanfarin ár. Ég pæli mest í því núna hvað tíska þýðir fyrir hvern og einn og hvernig hún er notuð sem tjáningarform

*Hvernig fylgist þú helst með tískunni?*

Ég fylgist mest með tískunni með því að horfa á fólk í kringum mig og sæki mikinn innblástur í félaga mína jafnt sem ókunnugt fólk úti á götu. Svo er ég farin að fylgjast betur með því þegar merki sem ég fíla gefa út nýjar línur. Einnig reyni ég að hafa augun opin fyrir nýjum hönnuðum sem ég uppgötva oftast í gegnum Instagram eða frá fólki sem deilir áhuga mínum á tísku.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?*

Í Rauða krossinum og fatamarkaðinum á Hlemmi.

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*

Ég klæðist oftast svörtum og gráum fötum. Svo er ég farin að vinna meira með hlutlausa tóna en mér finnst mjög gaman að henda inn dassi af björtum litum.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*

Nei, ég hef alltaf verið „iconic“.

*Hvaða flíkur hefur þú átt lengst og notar enn þá?*

Ég keypti svarta leður hælaskó með stálhæl í Amsterdam þegar ég var sextán ára og hef aldrei notað neina flík jafn mikið. Þegar ég fer á djammið klæðist ég þeim nánast alltaf þar sem það eru engir aðrir skór sem ná að halda jafn vel í við mig á dansgólfinu. Við höfum dansað í gegnum ýmislegt saman.

Ég á líka Helicopter-samfellu sem ég keypti í Kiosk á Laugaveginum á svipuðum tíma og hef aldrei fengið leið á henni. Svo á ég það til að týna flíkum og nánast gleyma að þær séu til. Þannig að þegar ég finn þær aftur þá er það eins og að eignast nýjar flíkur.

*Áttu uppáhaldsverslanir?*

Fatamarkaðurinn á Hlemmi er alltaf í uppáhaldi.

*Áttu eina uppáhaldsflík?*

Það er „vintage“ leðurkápan mín sem ég fann á „pop-up“ fatamarkaði.

*Bestu og verstu fatakaupin?*

Verstu fatakaupin voru klárlega allt sem ég keypti þegar ég var 12–14 ára. Á því tímabili byrjaði ég að hafa áhuga á fötum en hugsaði fatakaupin ekki alltaf til enda sem endaði í heilu fjöllunum af Hollister-peysum og álíka rusli sem liggur líklegast í landfyllingum í dag.

*Notar þú fylgihluti?*

Ég elska fylgihluti og á til dæmis nokkra skartgripi sem ég nota flesta daga. Þeir koma frá mömmu, ömmu og langömmu minni og eru það sem gera mest fyrir heildarútlitið.

Svo finnst mér mjög mikilvægt eiga flott gleraugu. Þau sem ég nota mest þessa dagana eru „vintage“ gleraugu úr Sjón gleraugnaverslun þar sem ég kaupi flest gleraugun mín.

Þegar ég hef meiri tíma til að hugsa um heildarútlitið breyti ég til í fylgihlutavali. Veski eru líka stór breyta og ég á eitt uppáhalds veski sem fylgir mér flesta daga.

*Eyðir þú miklum peningum í föt miðað við jafnaldra þína?*

Nei, ég held ekki, ég kaupi ekki mikið af fötum og þegar ég geri það eru þau oftast notuð.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson
**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



**FRANDSEN Léttdúnúlpa/Vendingur**
Stærðir 38-54
**Verð 24.980 kr**



**FRANDSEN Léttdúnúlpa**
Fleiri litir til
Stærðir 38-54
**Verð 22.980 kr**



**YEST/YESTA millisíð úlpa**
Fæst líka í rauðu
Stærðir 38-56
**Verð 17.980 kr**



**FRANDSEN Dúnúlpa með skinni**
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-54
**Verð 59.980 kr**



**FRANDSEN Úlpa**
Stærðir 38-54
**Verð 33.980 kr**

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZEZE Nordic Q'UE



**SUNDAY Rea kragabolur**
Fleiri litir til
Stærðir 38-50
**Verð 8.980 kr**



**HABELLA Thora síðermablússa**
Stærðir 38-52
**Verð 21.980 kr**



**STUDIO Emily tunika**
Stærðir 38-56
**Verð 15.980 kr**



**YESTA Ankaria tunika**
Fleiri gerðir til
Stærðir 44-56
**Verð 10.980 kr**



**GOZZIP Johanne skyrtukjóll**
Fleiri gerðir til
Stærðir 36-56
**Verð 16.980 kr**

SUNDAY by Godske FRANDSEN festival DENMARK STUDIO Tamaris GOZZIP HABELLA SANDGAARD Jana LASESSOR



**SUNDAY Velúr sloppur**
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-50
**Verð 10.980 kr**



**SUNDAY Velúr heimagalli**
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-50
**Verð 10.980 kr**



**SUNDAY Náttföt**
Fást líka í bleiku
Stærðir 38-50
**Verð 9.980 kr**



**SUNDAY Náttföt**
Stærðir 38-50
**Verð 9.980 kr**



**SUNDAY Náttkjóll**
Stærðir 38-50
**Verð 7.980 kr**

Verslunin Belladonna

# belladonna

Líttu við á
**belladonna.is**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Leyfið þeim að klæðast bleiku

**Það er orðið allsendis ljóst að haustlitirnir í ár eru ekki sóttir í fallandi lauf. Aðallitirnir eru ekki vínrauður, dimmgrænn, brúnn eða sinnepsgulur. Tískuunnendur munu eiga litríkari tíð fram undan.**

Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is



„Bleikur er litur ástar, samfélags, orku og frelsis," að því er greint var frá á Instagram-reikningi Valentino rétt áður en haust- og vetrarlína tískuhússins leit dagsins ljós í París. Sýningin var nánast trúarleg stund og er mörgum enn ferskt í huga hvernig bleiki liturinn fékk að drottna algerlega yfir allri sýningunni, hvort sem það var í fötum, á veggjum, gólfi, fylgihlutum eða öðru. Það var bókstaflega allt bleikt, fyrir utan stöku svarta eða hvíta flík sem fékk að fljóta með í hinu bleika tískuhafi. Pierpaolo Piccioli, listrænn stjórnandi Valentino, kallar línuna, „flótta frá veruleikanum".

**Bleik stræti tískuborga**

Í kjölfar þess að Valentino málaði, eins og frægt er orðið, tískuborgina sjálfa fúksíu-bleika á tískusýningunni, hefur þessi ákveðni litatónn, fúksíu-bleikur, poppað upp í tískusenunni, hvort heldur er á tískupöllunum eða á strætum helstu tískuborga heims.

Fólkið sem fékk tískuvitið í vöggugjöf og hefur fóstrað það síðan keppist nú við að taka þennan undarlega og fáheyrða haustlit í sátt með bráðskemmtilegum afleiðingum. Litadýrðin hefur sjaldan verið svona mikil og björt og hver veit, kannski er það stafrænum tískustraumum og samfélagsmiðlum að þakka að tískugúrúar veraldar hafa tekið bjarta hausttískutóna með trompi. ■

Anna Rosa Vitiello klæddist þessum fúksíableiku hönskum á tískuvikunni í París fyrir vor/sumartískuna 2023. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Gestur á tískusýningu Simone Rocha á tískuvikunni í London í september síðastliðnum.



Það var allt æpandi bleikt og fallegt á Valentino tískusýningunni á tískuvikunni í París í vor.



# Jólahlaðborð

Kynningar: Nomy, Hótel Keflavík, Fiskmarkaðurinn, Stracta hótel, Bryggjan brugghús.

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 13. október 2022




Fannar Vernharðsson og Jóhannes Steinn Jóhannesson, kokkar hjá Nomy, eru tilbúnir í jólahlaðborðsvertíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Veislur af öllum stærðum og gerðum

Nomy veisluþjónusta býður upp á jólahlaðborð fyrir veislur af öllum stærðum og gerðum. Hægt er að velja á milli hefðbundins jólahlaðborðs fyrir stóra hópa og einfaldara hlaðborðs fyrir minni hópa sem kemur tilbúið á staðinn. 2



Það eru svo sannarlega kræsingar á borðum hjá Nomy.



Boðið er upp á tvenns konar jólahlaðborð fyrir stóra og smærri hópa.



Kokkarnir Fannar Vernharðsson, Jóhannes Steinn Jóhannesson og Bjarni Siguróli Jakobsson eru þrautreyndir í faginu og búa yfir mikilli sérfræðikunnáttu. MYNDIR/BJÖRN ÁRNASON



Jólasmáréttirnir hafa verið mjög vinsælir hjá Nomy veisluþjónustu.

Jóhannes Steinn Jóhannsson og félagar hans úr kokkasveit Nomy, þeir Bjarni Siguróli Jakobsson og Fannar Vernharðsson, eru svo sannarlega komnir í startholurnar fyrir jólahlaðborðs-vertíðina. Þremenningarnir eru þrautreyndir í faginu, búa yfir mikilli sérfræðikunnáttu, hafa allir starfað með kokkalandsliðinu, keppt í alþjóðlegum matreiðslukeppnum og eiga þrjá Kokkur ársins-titla.

„Við erum með tvo valmöguleika í boði hvað varðar jólahlaðborðin. Annars vegar er það þetta hefðbundna jólahlaðborð þar sem við mætum á svæðið, stillum upp hlaðborðinu, skerum kjötið niður og græjum matinn frá a til ö. Þetta er fyrir stærri hópa og fyrirtæki. Þetta er svona hið hefðbundna form sem fólk þekkir og við miðum þessi jólahlaðborð við minnst 80 manns,“ segir Jóhannes Steinn.

**Þægileg lausn og lítil fyrirhöfn**

„Svo erum við með annað sem er mjög sniðugt og hefur verið mjög vinsælt hjá okkur. Við köllum þetta: Tilbúið jólahlaðborð beint á borðið. Lágmarkspöntun fyrir það er tíu manns. Það er því sniðið að minni hópum og hentar vel fyrir boð í heimahúsum, saumaklúbba, vinahópa og þess vegna fyrirtæki. Þá miðast allt við að annað hvort er maturinn sóttur til okkar eða fólk pantar heimsendingu. Við afhendum þetta alveg klárt í handhægum umbúðum. Heiti maturinn kemur heitur, það er búið að skera kjötið niður og það eina sem þarf að gera er að hita sósuna í potti. Þetta er mjög þægileg lausn og lítil fyrirhöfn. Þetta er þriggja rétta matseðill sem inniheldur forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Þetta er mjög þægileg lausn fyrir þá sem kjósa að fara ekki á þetta hefðbundna jólahlaðborð í stórum sal. Þessi máti hentar mjög vel fyrir þá sem vilja njóta hágæða jólamatar í smærri hópi með litlli fyrirhöfn,“ segir Jóhannes.

Hann segir einnig að í jólahlaðborðunum sem Nomy bjóði upp á sé öll flóran af mat. „Í grunninn er þetta frekar hefðbundið en lagað eftir okkar hágæða leyniuppskriftum. Við gerum allt sjálfir, gröfum lax og gæsir, gerum paté og reykjum kjötið og það er okkar helsta sérstaða í þessu.“

Þá bendir Jóhannes á að jólasmáréttirnir sem Nomy býður upp á séu mjög vinsælir og í háum gæðaflokki. „Við erum með smáréttapakka sem fólk getur pantað og sótt til okkar eða fengið sent heim að dyrum.“

> **Í grunninn er þetta frekar hefðbundið en lagað eftir okkar hágæða leyniuppskriftum.**
>
> Jóhannes Steinn Jóhannesson

**Fólk er byrjað að panta**

Hvenær hefst jólahlaðborðsvertíðin fyrir alvöru?

„Við störtum þessu helgina 18.-19. nóvember. Fólk er þegar byrjað að panta hjá okkur og sérstaklega stærri hóparnir. Það er byrjað að bókast mjög vel og það er ljóst að það verður nóg að gera hjá okkur næstu vikurnar. Undirbúningurinn er þegar hafinn með því að tryggja okkur hráefni og búa til paté og fleira í þeim dúr. Þessi tími er mjög skemmtilegur en um leið mjög krefjandi. Það er voða gott þegar líður að jólum, síðustu veislurnar yfirstaðnar og gjafakörfurnar afgreiddar. Við stefnum að því að fara að huga að eigin jólaundirbúningi þann 23. desember,“ segir Jóhannes.

Spurður hvort það séu ekki að koma sömu kúnnar til þeirra ár eftir ár og þeir að fara á sömu staði segir Jóhannes: „Það er bara allur gangur á því. Við erum bæði að þjónusta sömu kúnnana og svo bætast alltaf einhverjir nýir við. Það er mjög algengt að það komi nýir kúnnar sem hafa nýlega mætt í veislu þar sem boðið hefur verið upp á veitingar frá okkur. Hágæða veitingar og góð þjónusta hefur verið okkar helsta markaðssetning,“ segir Jóhannes.

Jóhannes og félagar hans stofnuðu Nomy árið 2019. Veisluþjónustan tekur að sér allar gerðir viðburða svo sem árshátíðir, brúðkaup, hvataferðir, fyrirtækjapartí, afmæli, útskriftir, fermingar og matarboð og sérsníður matseðla að óskum viðskiptavina þegar þess er óskað. ■

## Jólahlaðborð fyrir stærri hópa

**Forréttir**

- Laufabrauð – nýbakað súrdeigsbrauð – rúgbrauð – smjör
- Karrísíld með eplum og jólasíld
- Fennel- og dillgrafinn lax með hunangssósu
- Reykur lax með sítrónu- og chillisósu
- Tvíreykt húskarla-hangikjöt með piparostasósu
- Grafin gæsabringa með sultuðum skalottlauk
- Gæsapaté með karmelluðum fíkjum
- Reykt andarbringa með kirsuberja-chutney
- Innbakað hreindýrapaté með aðalbláberjageli

**Aðalréttir**

- Ekta purusteik
- Heilsteikt kálfa-ribeye með trufflumareningu
- Hægelduð kalkúnabringa marineruð með sítrónublóðbergi og salvíu
- Wellington hnetusteik (vegan)
- Sætkartöflusalat með ristuðum pekanhnetum, appelsínum og kryddjurtum
- Ofnbakaðar kartöflur með hvítlauk, sítrónu og steinselju
- Rauðkál með sólberjum
- Nomy eplasalat
- Seljurótarhrásalat með trufflusinnepi
- Portvínssoðgljái
- Kremuð koníaks- og villisveppasósa
- Chimicurri

**Eftirréttir**

- Tanariva mjólkursúkkulaðiganache á hnetupralín-súkkulaðibotni með ástaraldin-curd og hindberjum
- Sérrífrómas mömmu hans Jóa

## Tilbúið jólahlaðborð – beint á borðið

**Forréttir**

- Rúgbrauð – nýbakað súrdeigsbrauð – smjör
- Fennel- og dillgrafinn lax með hunangssósu
- Reykur lax með sítrónu og chillisósu
- Jólasíld og karrísíld
- Reykt önd með kirsuberja-chutney
- Grafin gæsabringa með sultuðum skalottlauk
- Tvíreykt húskarlahangikjöt með piparostasósu
- Innbakað hreindýrapaté með aðalbláberjageli

**Aðalréttir**

- Ekta purusteik
- Hægelduð kalkúnabringa marineruð með sítrónublóðbergi og salvíu
- Stöffing með steiktum sveppum, beikoni, döðlum, eplum og heslihnetum
- Sætkartöflusalat með ristuðum pekanhnetum og kryddjurtum
- Rauðkál með sólberjum
- Nomy eplasalat
- Kremuð koníaks- og villisveppasósa

**Eftirréttur**

- Tanariva mjólkursúkkulaðiganache á hnetupralín-súkkulaðibotni með appelsínu-curd og hindberjum

**Jólasmáréttir**

- Fennel- og dillgrafinn lax á ristuðu focaccia með rjómaostakremi og graflaxsósu
- Síld á kartöfluvöfflu með eggjakremi, sýrðum lauk, kapers, granateplum og sólselju
- Tvíreykt hangikjöt á „French toast“, piparrótar-„slaw“, osturinn Feykir,
- Risottó-krókettur með villisveppum, mozzarella-osti og bökuðu hvítlauks-aioli með steinselju
- Grillaðar Nobashi-rækjur með ponzu-mayo, stökkum hvítlauk, kóríander og chili
- Djúsí andalæraconfit með beikoni, döðlum og appelsínuzest
- Reykt andabringa með maraschino kirsuberi, kryddbrauði og kryddjurtum
- Kalkúnabringa á spjóti í hunangs-engifergljáa með pecan-mayo og sesam-dukkah
- Hreindýraborgari með Ísbúa 12+ í sesambrauði „steamed bun“ með villisveppa-mayo, karmelluðum lauk og klettasalati
- Karamellujólakaka „Sticky Toffee“ með jólakryddum og ástaraldin-curd
- Hvítsúkkulaðitruffla með kaffi-lakkrísganache, hindberjum og lakkrís

**Jólakvöldmatur**

**Lystaukar**

- Jólasmáréttir að hætti Nomy

**Forréttir**

- Grafinn lax á franskri rist með hunangssinnepi, dilli, fennel og piparrót
- Hreindýrapaté með kóngasveppum og íslenskum aðalbláberjum

**Aðalréttir**

- Grilluð andabringa með rauðrófu- og kirsuberjakremi ásamt rauðkáli, shitake-sveppum og rósakáli
- Hægelduð andalæri, sykurbrúnaðar kartöflur og andasósa

**Eftirréttur**

- Jólasúkkulaðikúla með Tanariva-súkkulaðimús, hindberjum, hindberjasorbet, stökku súkkulaði og súkkulaðisósu

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

# Jólaupplifun rétt hjá útlöndum

**Jólin byrja þann 25. nóvember á Hótel Keflavík. Þá verður byrjað að bjóða upp á sérstakan jólamatseðil og vegan jólamatseðil. Lifandi tónlist skapar ljúfa jólastemningu meðan gestir njóta matarins en hótelið er nýuppgert og glæsilegt sem aldrei fyrr.**

Á hverju ári teflir Óli Már Erlingsson yfirkokkur fram nýjum og spennandi jólamatseðli og árið í ár er engin undantekning. Jólaseðillinn verður í boði frá föstudagskvöldinu 25. nóvember og verður í boði á föstudags- og laugardagskvöldum fjórar helgar fram að jólum. Óli segir það krefjandi að búa til nýjan jólaseðil á hverju ári en hann hefur mjög gaman af því.

„Það kemur annar póll í hæðina. Allt árið erum við með sérréttamatseðil en þarna koma nokkrar helgar í röð þar sem við gerum eitthvað öðruvísi og ég fæ að nostra aðeins við matseðilinn. Það er aldrei það sama í boði á jólaseðlinum tvö ár í röð. Við viljum með því halda honum svolítið lifandi og spennandi," segir hann.

„Í ár geta gestir valið á milli þriggja eða fimm rétta jólamatseðils eða þriggja rétta vegan jólamatseðils. Það er eitthvað í boði fyrir alla. Í ár verðum við til dæmis með nýja útgáfu af graflaxi. Hann er reyktur, grafinn og hægeldaður, borinn fram með eplum, silungahrognum og súrmjólkursósu. Aðalrétturinn er hreindýrafillet og í eftirrétt er Daim créme brulée."

Óli Már segir að vegan matseðillinn sé ekki síður glæsilegur enda vill hann bara bjóða gestum sínum upp á það besta.

„Ég verð með rauðrófu-carpaccio með klettasalati, sykruðum heslihnetum og vegan rjómaosti, aðalrétturinn er oumph Wellington með meðlæti og í eftirrétt verður bakað epli með skógarberjacompot, haframulningi og vegan vanilluís."

> Í ár geta gestir valið á milli þriggja eða fimm rétta jólamatseðils eða þriggja rétta vegan jólamatseðils.
>
> Óli Már Erlingsson



Hótelið hefur gengið í gengum miklar endurbætur.



Á hótelinu eru 70 herbergi og fimm lúxussvítur.



Jón Gunnar Erlingsson aðstoðarhótelstjóri, Sæþór Dagur Ívarsson veitingastjóri og Óli Már Erlingsson yfirkokkur á Hótel Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Sérvalin áfeng og óáfeng pörun**

Gestir geta fengið sérvalin vín með jólamatseðlinum. Sæþór Dagur Ívarsson veitingastjóri segir vínþjóninn para vín við hvern einasta rétt.

„En við erum líka mjög stolt af því að fólk getur komið til okkar og fengið óáfenga „vín"-pörun. Þetta er í fyrsta sinn sem við bjóðum upp á óáfenga vínpörun, en það er komin svolítil menning núna fyrir óáfengu víni," segir hann.

„Auk jólaseðilsins á kvöldin verðum við líka með jólasveinabrunch á laugardögum og sunnudögum fyrir krakkana. Það er strax byrjað á bókast í hann. Við byrjuðum með hann í fyrra og það var mjög vinsælt. Þá geta fjölskyldur komið saman og notið góðs matar og jólasveinarnir koma og heilsa upp á krakkana þegar þau eru að borða. Þess má geta að við erum með tveggja rétta jólamatseðil fyrir börnin á jólahelgunum okkar."

Þær helgar sem jólamatseðillinn er í boði verður lifandi tónlist á staðnum til að koma gestum í jólaskap. Þó að seðillinn sé sérstaklega í boði um helgar er hópum sem vilja seðilinn á öðrum dögum velkomið að hafa samband við hótelið. Sæþór segir að reynt verði eftir bestu getu að verða við óskum þeirra.

„Það má senda okkur fyrirspurnir á restaurant@kef.is eða með því að hringja beint á hótelið. En almennar bókanir fara fram á kefrestaurant.is," segir hann.

„Við erum nú þegar búin að fá mikið af bókunum fyrir hópa en við höfum boðið upp á tilboð á hótelgistingu fyrir matargesti. Þá er hægt að gera ferð úr þessu og skoða Reykjanesið í leiðinni fyrir hópa sem koma utan af landi eða frá höfuðborgarsvæðinu," segir Sæþór.

„Hótelið er vel staðsett, sérstaklega fyrir fólk af höfuðborgarsvæðinu. Það tekur ekki nema 30-40 mínútur fyrir borgarbúa að keyra til okkar. Það þarf ekki að fara langt út á land til að gera vel við sig."

**Upplifunarhótel**

Undanfarin þrjú ár hefur hótelið allt verið tekið í gegn að innan og utan. Jón Gunnar Erlingsson aðstoðarhótelstjóri segir að hótelið sé upplifunarhótel.

„Við erum með alls kyns viðburði í gangi. Eins og Sæþór talaði um þá erum við með tónlistarfólk allar þær helgar sem jólamatseðillinn er framreiddur. Við gerum mikið úr jólunum og erum nú þegar byrjuð að hita aðeins upp fyrir jólin. Við verðum með





Gestir geta fengið sérvalin vín með jólamatseðlinum, áfeng og óáfeng.

> Það tekur ekki nema 30-40 mínútur fyrir borgarbúa að keyra til okkar. Það þarf ekki að fara langt út á land til að gera vel við sig.
>
> Sæþór Dagur Ívarsson

sérstaka vínviðburði fram að jólum en sá fyrsti byrjaði núna 12. október. Það verða sex slíkir viðburðir fram að jólum," segir Jón Gunnar.

Sæþór tekur við: „Á þessum vínviðburðum kynnum við vín og fræðum gestina um vínin, þessir viðburðir verða annan hvern miðvikudag. Þetta verður smá sögustund þar sem farið er í gegnum mismunandi lönd og þrúgur og við kynnum líka jólavínin. Við erum með mjög flott vínúrval og vorum að setja upp einn flottasta vínskáp á landinu. Við erum komin með um það bil 200 týpur af víni í skápinn."

Sæþór segir að þessi vínkvöld séu grunnurinn að klúbbi Hótel Keflavíkur sem heitir Williams-Stofa.

„Það er klúbbur sem heldur ýmsa viðburði. Ekki bara vínkvöld heldur alls konar viðburði, lifandi tónlist og fleira skemmtilegt. Tilvalið fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja nýta sér aðstöðuna á Hótel Keflavík, bæði fundarsali og fleira. Við erum spennt fyrir að kynna þennan klúbb fyrir gestum okkar."

**Fyrir hópa af öllum stærðum**

Jón Gunnar segist geta tekið við hópum af öllum stærðum í salarkynnum hótelsins.

„Við erum með allar græjur fyrir fundi og ýmiss konar samkomur. Við getum tekið á móti 250 manns í öllum salarkynnum okkar samtals. Við getum tengt þá saman fyrir eina stóra samkomu í gegnum stóra skjái. Þá getur einn ræðumaður talað en hann er samt í öllum sölum. Við erum með eitthvað um 16 stóra skjái í sölunum okkar. En það er líka hægt að vera með minni samkomur hjá okkur. Þetta er tilvalið hótel fyrir bæði stóra og smáa hópa," segir Jón Gunnar.

Á Hótel Keflavík eru 70 herbergi og fimm svítur, svokallaðar Diamond lúxussvítur.

„Við erum í raun og veru fyrsta fimm stjörnu hótelið á Íslandi en það eru sex ár síðan við byrjuðum með Diamond svíturnar. Hótelið sjálft hefur starfað í 36 ár en þetta er fjölskyldurekið hótel. Það voru feðgarnir Steinþór Jónsson og Jón William Magnússon sem stofnuðu hótelið. Þeir fengu bara hugdettu og sex mánuðum síðar var komið 30 herbergja hótel. En eftir allar breytingarnar síðustu ár líður okkur eins og hótelið sé glænýtt en samt með margra ára reynslu," segir Jón Gunnar.

Hann segir að Hótel Keflavík sé að hans mati best staðsetta hótelið á landinu. Það er í miðbæ Keflavíkur, ekkert svo langt frá höfuðborgarsvæðinu, en líka rétt hjá útlöndum.

„Það tekur ekki nema fimm mínútur að fara á flugvöllinn svo við erum líka flugvallarhótel. Það er hægt að byrja fríið hjá okkur. Koma og gista hjá okkur nóttina fyrir flug og geyma bílinn hjá okkur. En svo er líka hægt að vera túristi á Reykjanesi. Hér til dæmis hægt að ganga á milli heimsálfa, yfir brúna sem er á flekaskilum Evrópu og Ameríku. Reykjanesið er falin perla. Af hverju ekki að byrja fríið hjá okkur?" ■

Nánari upplýsingar á kefrestaurant.is

# Fjölbreytnin er af hinu góða

Fyrsta jólahlaðborðið sem listakonan og matarbloggarinn Hanna Þóra fór á var haldið á Argentínu í Reykjavík. Í dag kýs hún jólahlaðborð þar sem gestir fá fallega framreiddan mat á diskum í stað þess að standa í röð.

starri@frettabladid.is

Listakonan og matarbloggarinn Hanna Þóra G. Thordarson var um tvítugt þegar hún fór á sitt fyrsta jólahlaðborð en það var á veitingastaðnum Argentínu í Reykjavík. „Ég á margar góðar minningar tengdar jólunum úr æsku minni en minnist þess ekki að hafa farið á jólahlaðborð sem ung stelpa enda held ég að þau hafi ekki verið til á þeim tíma. Það var alltaf mikill jólaundirbúningur á heimili okkar og ég man vel eftir jólaböllunum og boðunum tengdum jólunum.“

**Gott að breyta til**

Hún eignaðist fjögur börn seinna meir og segir að meðan þau hafi verið lítil hafi ekki verið mikil afslöppun fólgin í því að fara með þau á jólahlaðborð. „En eftir að þau urðu aðeins eldri höfðum við það fyrir sið í mörg ár að fara á jólatónleika Sinfóníunnar í desember og kíkja svo í bæinn á eftir.“

Þegar börnin urðu öll fullorðin komst á sá siður að gera alltaf eitthvað saman í desember. „Þá förum við annað hvort út að borða eða höfum jólahlaðborð heima og förum svo saman á einhvern viðburð á eftir. Í heimsfaraldrinum héldum við jólahlaðborðið heima og þar sem var meðal annars boðið upp á heimabingó. Mér finnst mjög gaman að hafa smá fjölbreytni og ekki endilega vera alltaf með sama prógrammið ár eftir ár. Ég og maðurinn minn förum líka árlega á jólahlaðborð tengt vinnunni sem er líka gaman.“

**Stemning að fá diskana á borðið**

Mest spennandi jólahlaðborðin að hennar sögn eru þau þar sem gestir fá fallega framreiddan mat á diskum í stað þess að þeir séu að hræra í sömu skálum og fötum. „Mér finnst það líka miklu skemmtilegri stemning en að þurfa að standa í matarbiðröðinni. Ég gæti líka trúað því að matarsóunin sé minni þannig. Sem betur fer hefur það færst í aukana að á jólahlaðborðunum séu þriggja eða fimm rétta seðlar þar sem fólk getur setið í rólegheitum og notið þess að vera úti að borða. Ég myndi því alltaf velja mér stað sem byði bæði upp á slíkan seðil og góðan mat.“

**Fyrsta einkasýningin um helgina**

Þessa dagana er Hanna Þóra að leggja lokahönd á sína fyrstu málverkasýningu sem ber heitið Eyjur og verður í Listhúsi Ófeigs á Skólavörðustíg í Reykjavík. „Ég hef sýnt áður með öðrum en er núna í fyrsta skipti ein. Sýningin hefst laugardaginn 15. október og stendur til 9. nóvember. Í næstu viku byrja ég svo aftur að vinna í leirnum eftir langt hlé enda kominn tími til að búa til fleiri Hönnupotta.“



Listakonan, sælkerinn og matarbloggarinn Hanna Þóra G. Thordarson kýs fjölbreytni þegar kemur að jólahlaðborðum. MYND/HEBA SÓLVEIG HEIMISDÓTTIR

> Í heimsfaraldrinum héldum við jólahlaðborðið heima og þar sem var meðal annars boðið upp á heimabingó.

**Alin upp á miklu matarheimili**

Hanna Þóra hefur haldið úti matarbloggi á hanna.is síðan 2016. Hún er alin upp á miklu matarheimili en matarbloggið var upphaflega sett upp í samstarfi við systur hennar til að deila uppskriftum móður þeirra. „Eitt af því skemmtilegasta sem ég geri er að elda og borða. Mér finnst gaman að gera tilraunir í eldamennskunni en það er búið að vera smá hlé á nýjum uppskriftum en þó nokkrar eru í vinnslu.“

Markmiðið er að prófa eitthvað jólalegt og spennandi á næstunni, segir hún. „Ef það er eitthvað sem gefur birtu og yl í skammdeginu þá er það samveran í eldhúsinu með kraumandi potta á hellunni og heitan ofn. Þar sem matinn er að finna er líklegast að hitta heimilisfólkið, þar er gott að vera.“ ■


fastus.is




FASTUS
Veit á vandaða lausn
Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | fastus.is

Jólahlaðborð
Í SVEITASÆLUNNI Á EYRARBAKKA





PLÁSS FYRIR ALLT AÐ 150 MANNS

LIFANDI TÓNLIST OG STEMNING FRAM Á NÓTT

NOTALEGT UMHVERFI

AÐEINS 45 MÍN FRÁ REYKJAVÍK

11.990 KR Á MANN MEÐ FORDRYKK

FRÁ 19.990 KR Á MANN MEÐ GISTINGU

rauða húsið restaurant Eyrarbakka

RAUDAHUSID.IS/JOLAHLADBORD

483-3330

# Jólin koma í hverjum rétti á Fiskmarkaðnum og Uppi vínbar

Jólavillibráðarseðillinn á Fiskmarkaðnum er sívinsæll hjá matgæðingum enda fléttast þar saman villibráð, jólaleg hráefni og einstök sýn úrvalskokka og matreiðslufólks sem og gómsæt vín sem búa til litlar sprengingar á bragðlaukunum.

Hugmyndin að baki Jólavillabráðarseðlinum segir Hrefna Sætran að sé að taka villt hágæða hráefni og útfæra þau á jólalegan máta. „Áður var áherslan á Fiskmarkaðnum sú að hafa klassíska jólarétti sem við svo útfærðum á okkar hátt. Fyrir fjórum árum var stefnan tekin í þá átt að tengja matseðilinn meira villibráðinni þar sem villibráðin og jólahátíðin eru á sömu árstíðinni. Þannig verður matseðillinn strax léttari í maga út af hráefninu, sem gefur okkur ákveðna sérstöðu á jólahlaðborðsmarkaðnum,“ segir Hrefna Sætran, eigandi Fiskmarkaðsins. „Hér á Fiskmarkaðnum erum við með einstaklega vel heppnaðan smakkseðil sem er afar vinsæll allt árið um kring. Við ákváðum að halda sama formi á Jólavillibráðarseðlinum,“ segir hún.

Hrefna segir að grunnurinn sé sterkur enda byggir hann á fimmtán ára reynslu. „Við erum svakalega ánægð með jólaseðilinn og gestirnir okkar líka svo við viljum alls ekki umturna öllu á hverju ári. Frekar viljum við að fólk geti gengið að því vísu að fá geggjaðan mat hjá okkur á jólunum. Við höfum þó auðvitað þróað seðilinn áfram og betrumbætum hann á hverju ári,“ segir Hrefna. Hún bætir við að því fylgi alltaf mikil gleði að útbúa jólaseðilinn. „Það er alltaf spennandi að fá nýja rétti til að útbúa og nýtt hráefni.“

**Jól í hverjum rétti**

Jólin koma í hverjum rétti á Jólavillibráðarseðlinum að sögn Hrefnu. „Við notum hráefni sem fólk tengir við jólin og útfærum á hátt sem passar með villibráðinni. Þetta er ekki eitthvað sem fólk er almennt að elda heima hjá sér svo fólk verður fyrir upplifun þegar það kemur til okkar í Jólavillibráðarseðilinn. Ég lofa því,“ segir Hrefna.

Á matseðlinum er meðal annars villibráðarpaté, grafinn villtur lax, sushi með hreindýrakjöti, villt önd og krónhjörtur. „Meðlætið er meira í okkar dúr eins og til að mynda rauðkál sem við kryddum með kanil og bætum apríkósum út í. Svo í lokin koma blandaðir eftirréttir í jólastíl. Við gerum okkar útgáfu af rauðri flauelsköku sem er krydduð með jólakryddum og bráðnar alveg í munninum,“ segir Hrefna.

*Hvaða réttur mun koma matargestum mest á óvart?*

„Krónhjörturinn er svakalega góður og villti laxinn líka. Desertinn sem er blanda af brownie súkkulaðiköku og crème brûlée er líka svakalegur.“

Jólavillibráðarseðillinn er í boði fyrir alla, hvort sem um pör er að ræða, vinahópa eða litlar fyrirtækjaskemmtanir. Það geta því öll upplifað jólin á Fiskmarkaðnum og Uppi bar.

**Eitthvað fyrir vínáhugamanninn**

Með Jólavillibráðarseðlinum verður að sjálfsögðu hægt að fá vínpörun sem eykur upplifun af réttunum enn frekar. „Að para vín með mat er mikil kúnst. Þetta tvennt, matur og vín, þarf að vinna saman og það þarf að verða smá sprenging hjá bragðlaukunum. Við byrjum snemma á því að smakka hvað passar með og allt starfsfólk veitingastaðarins tekur þátt. Þetta er orðin jólahefð hjá okkur og það er mikill spenningur þegar þetta fer allt að smella saman. Uppi vínbar verður svo með sérstakar vínparanir með jólaseðlinum í ár sem verður algjör upplifun fyrir vínáhugamanninn.“

Að sögn Hrefnu er sér herbergi á Uppi vínbar sem rúmar 8-12 manns. „Þar verður meðal annars hægt að fá Jólavillibráðarseðilinn. Einnig verðum við með jólaglögg og charcuterie-bakka með jólavillibráðarívafi í boði á Uppi. Það er svo auðvitað tilvalið fyrir þau sem eiga borð í Jólavillibráðarseðilinn á Fiskmarkaðnum að byrja kvöldið á Uppi eða jafnvel enda kvöldið þar líka eftir matinn. Það verður sannkölluð jólastemming í öllu húsinu þetta árið,“ segir Hrefna.

**Ógleymanleg stund fyrir hópa**

Á Fiskmarkaðnum er einnig að finna tvö einkaherbergi, annars vegar hjá Fiskmarkaðnum og hins vegar Uppi. Herbergin eru tilvalin fyrir hópa að koma saman og njóta góðs matar og víns. „Herbergið rúmar allt að sextán gesti og þar verður sami matseðill í boði, en ívið meiri áhersla er á vínupplifunina í Uppi einkaherberginu. Ég myndi segja að þetta væri fullkominn staður fyrir minni fyrirtæki að koma saman og eiga frábæra kvöldstund,“ segir Hrefna Sætran að lokum. ■

Nánari upplýsingar og matseðla má sjá á fiskmarkadurinn.is. Borðpantanir eru í gegnum vefsíðuna. Fyrir hópa stærri en 10 manns, er hægt að bóka í síma 578 8877 eða senda tölvupóst á info@fiskmarkadurinn.is.


Fiskmarkaðurinn og Uppi vínbar eru með eina glæsilegustu matar- og vínupplifun landsins og munu taka vel á móti gestum í aðdraganda jólanna. MYND/BJÖRN ARNARSON


Hrefna Sætran er spennt fyrir Jólavillibráðarseðlinum í ár.

> Á matseðlinum er meðal annars villibráðarpaté, grafinn villtur lax, sushi með hreindýrakjöti, villt önd og krónhjörtur.
>
> Hrefna Sætran


Villibráðarpaté með laufabrauði og Fiskmarkaðssíldin koma bragðlaukunum í gang.


Krónhjörturinn er ætíð hátíðlegur og stendur fyrir sínu. MYNDIR/AÐSENDAR


Villibráðin svíkur engan í aðdraganda jólanna.


Léttgrafinn villtur lax með japönsku ívafi er bæði kunnuglega hátíðlegur og hæfilega framandi.


Á Uppi verður sérstaklega boðið upp á hágæða vínupplifun með villibráðarseðlinum.

# Öðruvísi jólahlaðborð á Stracta hóteli

Stracta hótel á Hellu verður með jólahlaðborð í nóvember og desember þar sem boðið er upp á ljúffengar veitingar. Matreiðslumenn vinna með mat úr héraði og allir réttir eru gerðir frá grunni. Stracta er í fallegu umhverfi með glæsilegu útsýni.

Hilmar Þór Harðarson, aðstoðarhótelstjóri á Stracta, segist vera stoltur af jólahlaðborði Stracta enda sé mikill metnaður lagður í matargerðina. „Við leggjum áherslu á öðruvísi jólahlaðborð þar sem við gerum allt frá grunni. Fyrsta kvöldið verður 18. nóvember en alls verða þetta fjórar helgar," segir hann. „Við munum enda á fjölskylduhlaðborði sunnudaginn 11. desember."

Meðal þess sem boðið verður upp á er grafið folald, grafin gæs, reykt andakjöt, alls kyns paté sem kokkarnir hafa útbúið á lystilegan hátt, síldarrétti, rauðrófuleginn lax, bláberjalax og einiberja- og ginlax, svo eitthvað sé nefnt. Nokkrir heitir réttir eru í boði og má þar nefna reyktan svínakamb í stað hefðbundins hamborgarhryggs. Hilmar segir að kjötið sé mun mýkra og bragðmeira þótt það minni á hamborgarhrygginn. Hægt er að velja um sex mismunandi heita rétti auk meðlætis. Eftirréttirnir eru auðvitað líka til staðar og nefnir Hilmar sörur sem hann segir að séu einstaklega góðar auk annarra girnilegra rétta.

Til að auka jólastemminguna mun Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður halda uppi fjörinu með skemmtilegri tónlist öll kvöldin. „Við viljum að fólk fái aðra upplifun þegar það kemur á jólahlaðborðið hjá okkur. Við bjóðum upp á rétti sem eru ekki annars staðar," segir hann.



Stracta hótelið á Hellu er í afar fallegu umhverfi þar sem borðin munu svigna undan frábærum jólaréttum. MYND/AÐSEND



Hilmar Þór Harðarson er aðstoðarhótelstjóri á Stracta. Hann segist vera afar stoltur af matargerðinni á hótelinu sem er öll unnin frá grunni á staðnum.

> **Við viljum að fólk fái aðra upplifun þegar það kemur á jólahlaðborðið hjá okkur. Við bjóðum upp á rétti sem eru ekki annars staðar.**
>
> Hilmar Þór

Hilmar segir að ýmist komi hópar með rútu í jólamatinn og fari síðan aftur eða þeir velji að gista á hótelinu og gera meira úr helginni. „Við erum með heitan pott og gufu. Fólk kemur líka hér úr sveitarfélögunum í kring til að gera sér dagamun," segir hann. Staðsetning hótelsins er upplögð fyrir alla þá sem eru í leit að ævintýrum á Suðurlandinu en þar er að finna fjöldann allan af helstu náttúruperlum landsins og þannig er hægt að sameina útiveru og jólastemmingu.

„Það er mjög vinsælt að leggja leið sína til Hellu og dvelja í fallegu umhverfi yfir helgi. Það tekur einungis klukkustund að aka til Hellu frá Reykjavík. Hótelið tekur jafnt á móti hópum sem einstaklingum. Fyrirtækjafagnaðir eru vinsælir enda er góð fundaraðstaða á hótelinu. Vinsælt er sömuleiðis að halda árshátíð á Stracta að ógleymdum brúðkaupum.

Stracta hótel var opnað á Hellu árið 2014 og býður upp á 149 herbergi og íbúðir. Stracta gerir tilboð fyrir hópa. Hótelið getur tekið á móti 12-320 manna hópum en mögulegt er að útbúa sérsvæði fyrir minni hópa. ■

Jólahlaðborðið kostar 10.990 krónur á mann en hægt er að kynna sér matseðilinn og verð á herbergjum á heimasíðu hótelsins, stractahotels.is, eða í síma 531 8010.

# Borðað með athygli

„Já og nei," svarar Birna Ásbjörnsdóttir, doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands, spurð hvort það sé kúnst að fara á jólahlaðborð.

thordisg@frettabladid.is

„Það er kúnst að borða alla daga þannig að maður bæði njóti og næri sig. Galdurinn er að velja alltaf besta kost og njóta þess sem maður velur. Besti kostur er síðan það sem hentar hverjum og einum best. Það er skynsamlegt að fara varlega í saltaðan og reyktan mat og mikið af sætindum, en leggja frekar áherslu á ferskmeti, fjölbreytni og gæði."

Hún segir mikilvægt að borða með athygli.

„Að njóta þess að horfa á matinn, finna lykt af honum, áferð og hitastig, og svo bragð. Við eigum að borða með öllum skynfærunum til að njóta sem best. Einnig er mikilvægt að vera í góðum félagsskap og njóta hans einnig. Næring er svo margþætt fyrirbæri."

**Borðum hægt og hóflega**

Birna segir jólamat vera alls konar, bæði hollan og minna hollan.

„Það er okkar að ákveða hvað við látum ofan í okkur og þess sem er mikið saltað og reykt, eða mjög sætt eða feitt, er skynsamlegt að neyta í hófi. Þeir sem eru viðkvæmir fyrir slíkum mat þurfa umfram allt að fara varlega. Það er góð regla að borða hóflega og drekka vel af vatni. Eins er gott að velja hollari kosti eins og kalkún eða villibráð frekar en reykt kjöt. Fiskur er líka góður kostur, eins og síld og lax sem inniheldur holla fitu. Svo eru margir góðir grænir kostir, eins og hnetusteik. Það er líka góð regla að borða mikið af grænmeti með, til dæmis ávexti í stað sætinda."

*Íslenskur jólamatur er gjarnan saltur, reyktur, feitur og sætur; allt sem flokkast ekki beint undir heilsufæði, en er í lagi að taka stöku sinnum vel til matar síns á aðventunni, eða beinlínis hættulegt?*

„Það hentar ekki öllum það sama. Það eru alveg líkur á að hraustur einstaklingur í góðu líkamlegu formi geti tekið hraustlega til matar síns á aðventunni án þess að finna nokkuð fyrir því. En að sama skapi getur það verið slæmt fyrir einstakling sem er viðkvæmur fyrir, þá sem eru með undirliggjandi sjúkdóma eða að stíga upp úr veikindum," segir Birna og heldur áfram:

„Það getur seint talist hollt að borða óhóflega og alltaf gott að gefa sér góðan tíma til að borða og njóta. Við erum líklegri til að borða hóflega og skynsamlega þegar við borðum hægt og gefum okkur tíma til að njóta."

**Létt og ferskt á milli jólarétta**

Innt eftir því hvort íslenskur jólamatur sé hollari eða óhollari en gengur og gerist annars staðar, svarar Birna:

„Það fer eftir því saman við hvern við berum okkur. Ef við skoðum Miðjarðarhafsfæðið er það mun ríkara af ferskmeti og minna af söltuðum og reyktum mat. Þar er litríkur matur á borðum, mikið af ávöxtum, grænmeti, hnetum og fræjum og minna af þungum mat. Miðjarðarhafsfæðið er það fæði sem hefur verið mest rannsakað varðandi heilsu og sýna rannsóknir okkur að það er hollt og því skynsamlegt að horfa til þess. Við getum til dæmis borðað mikið af léttum og ferskum mat um jólin á milli þess sem við mætum í jólaboð eða jólahlaðborðin."



Birna Ásbjörnsdóttir er doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við eigum að borða með öllum skynfærunum til að njóta matarins sem best. Að njóta þess að horfa á matinn, finna lykt af honum, áferð og hitastig, og svo bragð.**

*En hvað ber helst að varast og hverjir þurfa helst að gæta sín þegar kemur að jólamatnum?*

„Saltur matur í miklu magni getur valdið vökvasöfnun í líkamanum. Fyrir hjartasjúklinga og þá sem eru með of háan blóðþrýsting getur það valdið vandamálum og jafnvel endað með því að fólk þarf að leita til læknis. Mettuð fita, sem er gjarnan í jólamatnum, er heldur ekki góð í of miklu magni og sérstaklega ekki með öllu saltinu og sykrinum. Þá er einnig mikilvægt að fara varlega í gosdrykkina og muna að drekka vatn líka," segir Birna sem hefur yndi af því að fara á jólahlaðborð þótt hún geri ekki mikið af því.

„Ég nýt þess ávallt að borða hollan og góðan mat í góðum félagsskap. Upphalds jólarétturinn minn er forréttur sem við fjölskyldan borðum á jólunum, kavíar með sýrðum rjóma, rauðlauk og eggjarauðu, borðið fram á smjörsteiktu brauði og glas af kampavíni með." ■

# Bragð af jólum við höfnina

**Því fylgir töfrandi jólastemning að njóta dýrindis jólahlaðborðs á Bryggjunni Brugghúsi með útsýni yfir hafið og höfnina.**



Jóel Salómon Hjálmarsson og Hjálmar Jakob Grétarsson eru eigendur Bryggjunnar Brugghúss þar sem er starfrækt fullkomið handverksbrugghús. Jólabjórinn í ár verður millidökkur lagerbjór með ferskum appelsínuberki og kardimommum: ekta jóla jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Heima er alltaf borðaður hamborgarhryggur á aðfangadagskvöld og ég geri mikið úr meðlætinu með honum. Ég laga heimagert rauðkál, brasserað rósakál með beikoni, eplasalat og sykurbrúnaðar kartöflur upp úr púðursykri. Svo er heimagerði jólaísinn með Toblerone og Daim algjörlega ómissandi, en á gamlárskvöld fer ég í enn fínni búning og töfra fram þriggja rétta máltíð fyrir gesti, en þar má yfirleitt finna innbakaða humarhala, grillaðar hreindýralundir og súkkulaðimús yfir skaupinu,“ segir Hjálmar Jakob Grétarsson, yfirkokkur og annar eigenda Bryggjunnar Brugghúss, spurður um sinn eftirlætis jólamat.

Hjálmar er kominn í jólaskap enda í óðaönn að undirbúa dýrindis jólahlaðborð Bryggjunnar í félagi við Jóel Salómon Hjálmarsson, en saman keyptu þeir rekstur Bryggjunnar Brugghúss í sumar. Þetta rómaða og geysivinsæla veitingahús við Reykjavíkurhöfn hefur verið starfrækt frá árinu 2015 og er með fyrstu handverksbrugghúsum landsins.

„Við höfum báðir starfað í veitingageiranum síðan á unglingsárunum. Hjálmar Jakob lærði matreiðslu á Hótel Borg og hefur verið yfirkokkur á fjölmörgum veitingastöðum í Reykjavík, en ég lærði hótelstjórnun í Sviss og hef unnið fyrir hótelkeðjur, til að mynda Marriott Hotels og Icelandair Hotels, ásamt því að fást við kennslu og ráðgjöf,“ upplýsir Jóel Salómon.

**Skötuveisla á Þorláksmessu**

Saman sjá þeir mikil tækifæri á Bryggjunni Brugghúsi og fram undan er skemmtilegur stemningstími þegar glæsilegt jólahlaðborð verður sett upp á Bryggjunni.

„Í aðdraganda jóla verður nóg um að vera á Bryggjunni. Jólahlaðborðið verður á sínum stað á föstudags- og laugardagskvöldum frá miðjum nóvember og fram að jólum, og fer hver að verða síðastur að tryggja sér borð. Einnig bjóðum við upp á margrétta jólamatseðil á virkum kvöldum, ásamt því sem ljúffeng skötuveisla Bryggjunnar verður á sínum stað á Þorláksmessu þar sem hinn bráðfyndni Jógvan Hansen sér um veislustjórn og skemmtiatriði,“ segir Hjálmar Jakob og þeir Jóel Salómon hlakka mikið til.

„Aðventan er einstaklega skemmtilegur tími á Bryggjunni og mikil eftirvænting eftir jólunum hjá starfsfólkinu okkar. Mikil og líflegt ös er hjá okkur frá miðjum nóvember og nær jólaundirbúningurinn hámarki með skötuveislunni á Þorláksmessu en eftir hana fær starfsfólk Bryggjunnar verðskuldað frí þar sem lokað er á Bryggjunni yfir hátíðarnar. Þrátt fyrir að vera veitingastaður reynir Bryggjan Brugghús eftir fremsta megni að vera fjölskylduvænn vinnustaður og því er lokað á aðfangadagskvöld, jóladag, annan í jólum og gamlárskvöld svo að starfsfólkið okkar geti notið hátíðanna með sínum nánustu,“ greinir Jóel Salómon frá.

**Handbruggaður jólabjór**

Bruggsalur Bryggjunnar tekur allt að 90 manns í sæti og hentar einstaklega vel fyrir tónleika, böll og aðra viðburði.

„Viðburðir á Bryggjunni eru einstaklega vinsælir meðal stærri hópa, líkt og vinnustaðahópa og vinahópa enda er Bryggjan vel í stakk búin til að taka á móti hópum upp í 220 manns. Bryggjan skiptist þó upp í þrjú mismunandi rými og er einstaklega kósí fyrir fjölskyldur og minni hópa að sitja á veitingastaðnum með útsýni yfir Gullborgina og sjóinn. Yfir árið gæti ég trúað að viðskiptavinir Bryggjunnar séu til jafns Íslendingar og erlendir ferðamenn og það er líka staðan í desember, þótt jólahlaðborðin séu ívið vinsælli hjá Íslendingum,“ segir Jóel Salómon.

> **Það er einstaklega kósí að tylla sér inn á Bryggjuna yfir gómsætum jólalegum réttum og njóta útsýnis yfir Gullborgina og sjóinn.**
>
> Jóel Salómon Hjálmarsson

Á Bryggjunni er starfrækt fullkomið handverksbrugghús og iðulega boðið upp á þrjá til fjóra af handverksbjórum hússins á krana.

„Jólabjórinn er þar engin undantekning. Í ár verður hann millidökkur lagerbjór með ferskum appelsínuberki og kardimommum sem setja tóninn fyrir jólahátíðina. Við bjóðum upp á úrval bjóra á krana, bæði úr okkar eigin brugghúsi sem og öðrum íslenskum brugghúsum,“ upplýsir Jóel Salómon.

**Jólamatur og djössuð jólalög**

Jólaveislan á Bryggjunni Brugghúsi hefst fimmtudaginn 17. nóvember og stendur til og með laugardeginum 10. desember.

„Jólaseðill verður einnig í boði öll virk kvöld frá 17. nóvember og fram að jólum. Undir borðhaldinu verður lifandi tónlist með áherslu á djössuð jólalög og skemmtiatriðin halda áfram fram á kvöld þótt borðhaldinu ljúki,“ segir Hjálmar Jakob.

Þá býður Bryggjan Brugghús upp á ríkulega gleðistund (e. happy hour) fyrir jólahlaðborðin.

„Því er hentugt fyrir vinahópa og vinnustaði að hittast á Bryggjunni til að smakka handverksbjórana okkar eða sötra ljúffenga kokteila. Hið víðfræga skötuhlaðborð verður svo haldið á Þorláksmessu, bæði í hádeginu og um kvöldið,“ greinir Hjálmar Jakob frá.

***En hvaða jólalegu réttir munu freista gesta á jólahlaðborði Bryggjunnar í ár?***

„Sjálft jólahlaðborðið verður fremur hefðbundið en á jólaseðlinum á virkum kvöldum fær matreiðsluteymi Bryggjunnar lausan taum og töfrar fram kræsingar eins og tartar úr tvíreyktu hangilæri með eplum og rauðrófum, reykta ýsu með chorizo, jarðskokkamauki og rúgbrauðskurli, og hreindýra-tataki með granateplum og karamelluðum pekanhnetum,“ svarar Hjálmar Jakob og hlakkar mikið til að útbúa gómsæta jólarétti fyrir gesti Bryggjunnar Brugghúss. ■

Bryggjan Brugghús er á Grandagarði 8. Sími: 456 4040. Netfang: bryggjan@bryggjanbrugghus.is. Sjá meira á bryggjanbrugghus.is

## Svona er jólahlaðborðið

**Í forrétt verður:**
Villisveppasúpa (vegan), reyktur og grafinn lax, piparrótarsósa, graflaxsósa, reykt nautatunga, innbakað sveitapaté, villibráðarpaté, síldarsalöt, andasalat, rauðrófusalat (vegan), tvíreykt húskarlahangikjöt, súrdeigsbrauð, rúgbrauð, laufabrauð, flatbrauð.

**Í aðalrétt verður:**
Hamborgarhryggur, purusteik, kalkúnabringa með fyllingu, nautalund, kalt hangikjöt, vegan-Wellington.

**Meðlæti verður:**
Kartöflur og uppstúf, sykurbrúnaðar kartöflur, sætkartöflumús, rauðkál og grænar baunir, eplasalat, rósakál, ristað spergilkál, villisveppasósa, rauðvínsgljái.

**Og þessir eftirréttir:**
Ris a la mande með kirsuberjasósu, súkkulaðikaka með hindberja-coulis, marengsterta með rjóma og berjafyllingu, konfekt og smákökur, kaffi og te.

*VERÐ: 12.900 Á MANN*

## Sjö rétta jólaseðill

- Gæsasúpa, gráðaostur, villisveppir,
- Grafin gæs með portvínssultuðum rauðlauk, klettasalati og bláberja-vinaigrette.
- Tvíreykt hangikjöts-tartar með rauðrófu, epli, skarlottulauk, chili og laufabrauði,
- Hreindýra-tataki með granatepli, karamelluðum pekanhnetum, stökkum ostrusveppum og Feyki.
- Reykt ýsa með chorizo, epli, jarðskokkamauki, salthnetum og dilli.
- Tartaletta með hamborgarhrygg, sykurbrúnuðum kartöflum og villisveppasósu.
- Jólaís með saltkaramellusósu.

*VERÐ: 9.900 Á MANN. EINUNGIS BORIÐ FRAM FYRIR ALLT BORÐIÐ*



Það fer vel um gesti í glæsilegum salarkynnum Bryggjunnar Brugghúss sem taka allt að 90 manns í sæti, en líka hópa upp í 220 manns. MYND/AÐSEND



Bryggjan Brugghús er gullfallegur staður sem rammar vel inn umgjörð jólanna og heldur hlýlega utan um gesti sem njóta þar matar og dekurs.

# Stórbrotinn gjörningur á hlaðborðinu

**Vilhelm Anton Jónsson, einnig þekktur sem Villi naglbítur eða Vísinda-Villi, hefur unnið sem skemmtikraftur og veislustjóri í mörg ár. Hann hefur unnið á ófáum jólahlaðborðum og á skemmtilegar sögur af þeim.**

sandragudrun@frettabladid.is

Spurður að því hver helsti munurinn sé á að skemmta eða veislustýra á jólahlaðborðum og í öðrum veislum segir Villi að lykilatriðið í þessari spurningu sé orðið hlaðborð.

„Þau eru alltaf aðeins öðruvísi en þar sem fólk situr við borð og er þjónað til borðs. Það reynir aðeins meira á skipulagið að veislustýra jólahlaðborði. En það er alltaf gaman, ef hópurinn er góður. Það er alltaf stuð þegar gott fólk hittist og fær sér gott að borða og drekka. Jólahlaðborðin eru kannski öðruvísi að því leyti að fólk keyrir hratt í síldina og rjómann og ákavítið, sem kemur svo aftan að manni seinna um kvöldið,“ segir hann.

Villi segist verða að vinna á nokkrum jólahlaðborðum í ár en er þó ekki með það á hreinu hvað þau eru mörg.

„Það er alltaf best að bóka snemma. En um að gera að hafa bara samband og athuga. Jólahlaðborð eru líka ekki alltaf á laugardögum. En það má bara senda póst á moðurskipid@modurskipid.is sem er umboðsskrifstofan mín og athuga hvort ég sé laus. Það getur alltaf eitthvað dottið út eða eitthvað breyst,“ segir hann.

„Ég hef verið að vinna sem veislustjóri og skemmtikraftur í mörg ár. Ég man ekki alveg hvernig þetta byrjaði, eiginlega hef ég bara alltaf verið í einhverju svona. Það getur verið mjög mikið að gera um jólin. Ef maður er að gefa út bók líka eru jólin eins langt frá því að vera frí og hægt er.“

***En hefur þú þá einhvern tíma í desember til að slaka á og fara kannski sjálfur á jólahlaðborð?***

„Já, já. Ég passa mig á því. Ég veit að ég er að minnsta kosti að fara á eitt jólahlaðborð þar sem ég er ekki að vinna og get bara setið og kjamsað á síld og fleski-steik,“ svarar hann hlæjandi.

## Ákavítið lykilbreytan

Villi segist almennt ekki tjá sig sérstaklega um það sem gerist þegar hann er að vinna, enda er það bara á milli hans og þeirra sem eru í salnum.

„En ég man alveg eftir því hjá einu fyrirtæki að sumir lásu ekki alveg nógu vel á ákavítis-flöskuna og vanmátu sennilega áfengismagnið í henni. Þau komu svo upp með atriði sem við skulum segja að hafi verið stórbrotinn gjörningur sem endaði á hlaðborðinu sjálfu. Ég er nokkuð viss um að það var ekki planið. Held að ákavítið hafi verið lykilbreyta í útkomunni. Ég átti fullt í fangi með að skilja atriðið eins og allir hinir og ég er nokkuð viss um að þau hafi ekki getað rifjað það upp og útskýrt inntakið fyrir vinnufélögunum daginn eftir. Eiginlega 100 prósent viss.“



MYND/SAGA SIG

> **Það er alltaf gaman ef maður veit að í smástund lét maður fólki líða vel, fékk það til að hlæja og hugsa.**
>
> Vilhelm Anton Jónsson

Hann segir að þetta sé sennilega það óvenjulegasta sem hann hefur orðið vitni að á jólahlaðborði.

„Ég hef aldrei séð fólk uppi á hlaðborðinu sjálfu. Enda fór það í gólfið fljótlega. Þetta voru greinilega ekki burðarþolsverkfræðingar, svo það sé tekið fram.“

## Hollt að hlæja upphátt

Villi segist alltaf ræða það við gesti á jólahlaðborðum þegar hann er veislustjóri að hann og gestirnir ætli að vera til fyrirmyndar og skemmta sér vel.

„Fólk sem kemur illa fram við þjóna og starfsfólk fer mikið í taugarnar á mér og ég hef þurft að skipta mér af því. En þetta á að vera gaman. Ekki leiðinlegt. Fyrirmyndargestir koma vel fram hver við annan og vilja skemmta sér og eru kurteisir. Þá er alltaf gaman í vinnunni,“ segir hann.

„Ókurteisi, fordómar, áreitni og frekja eiga aldrei við. Hvorki á jólahlaðborði né í lífinu sjálfu. Tilætlunarsemi er leiðinleg. Svo er fínt að drekka ekki í sig kjark til að segja eitthvað. Best að segja það bara snemma ef þig langar upp á svið.“

Villi segist sem betur fer sjaldan hafa lent í óþægilegum gestum en hann hafi aftur á móti oft hitt sérlega skemmtilega og jákvæða gesti sem hrósa honum.

„Það er alltaf gaman ef maður veit að í smástund lét maður fólki líða vel, fékk það til að hlæja og hugsa. Það er gríðarlega hollt að hlæja upphátt með vinum sínum. Ég held að það sé vanmetið hvað þetta er hollt fyrir okkur. En það er alltaf gaman að fá hrós. Sama hvort það er fyrir veislustjórn, tónleika, bók, fyrirlestur eða hvað sem er,“ segir hann.

„Auðvitað er stundum ókurteist fólk inni á milli. Eins og hvar sem er þegar tugir koma saman. Ég bið fólk bara kurteislega um að virða það að ég sé í vinnunni. Annars getur bros og að hlusta á fólk gert kraftaverk. Þetta snýst allt um að stýra veislunni vel svo allir labbi glaðir út og að einhver leiðindi hafi sem minnst áhrif. Best að koma bara í veg fyrir þau strax, frekar en að díla við þau.“ ■





# MIKIÐ ÚRVAL AF SPARIKJÓLUM
# NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

Fallegar og vandaðar danskar vörur í stærðum 42-58
Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is
Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING EF ÞÚ VERSLAR YFIR 10.000 KR



Smila midi kjóll
**15.990 kr**



Milana velúr kjóll
**12.990 kr**



Krazina wrap kjóll
**16.990 kr**



Pocket glimmer kjóll
**9.990 kr**



Sikka ami kjóll
**11.990 kr**

Curvy

Fellsmúla 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

# Konunglegt andlit hjá Chanel

Charlotte Casiraghi er svokallaður sendiherra eða talsmaður Chanel tískuhússins fyrir haust og vetur 2022-2023. Charlotte er ekki mikið í fréttum hér á landi en hún er dóttir Karólínu prinsessu af Mónakó sem var á yngri árum daglega á síðum blaða og tímarita um allan heim.

elin@frettabladid.is


Karólína prinsessa af Hannover til vinstri ásamt dætrum og tengdasonum; Dimitri Rassam, Charlotte Casiraghi, Alexandra prinsessa af Hannover, hálfsystir Charlotte, og Ben-Sylvester Strautman. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Karólína hefur haldið sér til hlés undanfarin ár en hún er elsta barn Hollywood-leikkonunnar og prinsessunnar Grace Kelly sem lést í bílslysi árið 1982. Eins og margir vita giftist hún Rainer fursta af Mónakó en þau eignuðust þrjú börn. Karólína er 65 ára og Albert, bróðir hennar og fursti af Mónakó, ári yngri. Yngst er Stefanía.

Charlotte, barnabarn Grace Kelly, hefur starfað fyrir Chanel, bæði sem fyrirsæta og andlit herferðar í haust- og vetrartísku tískuhússins. Hún fæddist árið 1986 og kynntist því aldrei ömmu sinni. Faðir hennar, Stefano Casiraghi viðskiptajöfur og siglingakappi, lést árið 1990 þegar hún var aðeins fjögurra ára.

Charlotte þykir lík móður sinni, einstaklega glæsileg kona. Listrænn stjórnandi Chanel, Virginie Viard, segir að hún sýni töfra Chanel á mjög elegant og náttúrulegan hátt. „Charlotte hefur erft fágaðan stíl móður sinnar, Karólínu prinsessu af Hannover, og ömmu sinnar, Grace Kelly. Hún hefur vakið mikla athygli á svokölluðum Rósaböllum í Mónakó þar sem hún hefur verið klædd í galakjóla frá Chanel,“ segir í breska Vogue. Karl Lagerfeld var góður vinur fjölskyldunnar. Charlotte hefur verið dugleg að mæta á tískusýningar fyrirtækisins.


Árlega er haldið Rósaball í Mónakó þar sem konungborið fólk og Hollywood-stjörnur mæta. Hér eru Charlotte Casiraghi og Dimitri Rassam í júlí í sumar.



Charlotte á einni af myndunum í herferð Chanel tískuhússins. Glæsileg dragt fyrir veturinn.

**» Charlotte, barnabarn Grace Kelly, hefur starfað fyrir Chanel, bæði sem fyrirsæta og andlit herferðar í haust- og vetrartísku tískuhússins.**


Charlotte Casiraghi er andlit Chanel tískuhússins. Hún þykir einstaklega lík móður sinni, Karólínu prinsessu, sem fjölmiðlamenn eltu á röndum á árum áður. Charlotte er barnabarn Grace Kelly.

Þess má geta að þegar Charlotte giftist Dimitri Rassam kvikmyndagerðarmanni árið 2019 var hún klædd brúðarkjól frá Chanel. Þau eiga einn son saman en Charlotte á annan son frá fyrra sambandi. Þar sem hún giftist ekki barnsföður sínum er eldri sonurinn ekki talinn með í konunglegri línu Grímaldi-ættarinnar í Mónakó. Sjálf er Charlotte ellefta í röð til krúnunnar.

Þrátt fyrir tenginguna við Chanel hefur Charlotte einnig starfað fyrir Gucci og Yves Saint Laurent, aðallega sem fyrirsæta. Þá hefur hún einnig starfað sem blaðamaður og hefur skrifað bækur. Hún hefur verið nefnd sem best klædda konan í tískutímaritum og er oft mynduð á tískusýningum, listviðburðum og kappreiðum.

Charlotte sagði eftir haust- og vetrartískusýningu Chanel að hönnunin höfðaði mikið til sín. „Þetta eru föt sem ég vil gjarnan klæðast á hverjum degi til að láta mér líða vel,“ sagði hún. ■








GKS
gamla kompaníið -

# ELDHÚSIÐ
## HJARTA HEIMILISINS

GKS - gamla kompaníið I FUNAHÖFÐI 19 I 110 REYKJAVÍK I 577 1600 I www.gks.is

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

SPARIbill



Mitsubishi Outlander Intense PHEV. 2/2018 ekinn aðeins 55 þús km. Kemur frá góðu heimili en vantar nú nýtt heimili. Það er gott að geta snattað á rafmagninu en hafa mótorinn til vara. Verð: 3.880.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupum bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband**

## Þjónusta

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rúnar Múrari ehf
**S. 774 3800**
Innimálning
Parketlagnir
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Þakskipti
**runarmur@gmail.com**

Skipulagsstofnun

### Umhverfismat framkvæmda

**Ákvörðun um matsskyldu**

**Styrking Kópaskerslínu 1, Norðurþingi**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 11. nóvember 2022.

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR
· SPÁI Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
· HEILUN
ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Heilsa

### Heilsuvörur

gott cbd.is



**Hvað er að frétta?**
Stöðugar fréttir allan daginn á frettabladid.is
frettabladid.is
Skannaðu kóðann

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Til bygginga



**NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN**
slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbygginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnsklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir



íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

gott cbd.is



**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**LED leiðiskrossar**



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

**Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is**



ÞJÓNUSTU AUGLÝSINGAR
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

# VERTU MEÐ!

Skráðu þig í Netklúbb Skanva.is og njóttu eftirfarandi fríðinda þegar þú kaupir glugga og hurðir:

- Ókeypis aðgangur og engin skuldbinding
- Afsláttur fyrir klúbbfélaga
- Sértilboð, innblástur og góð ráð



**Netklúbbur Skanva.is**



Allt að
**35%**
netafsláttur
fyrir klúbbfélaga

10 ára ábyrgð

**Verslun**
Fiskislóð 73 - 101 Reykjavík - S: 558 - 8400

Skanva.is



David stýrir einu flottasta svæðinu á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

## Golfþyrstir Íslendingar

hoddi@frettabladid.is

David Rovira, sölustjóri Las Colinas-svæðisins á Spáni, var staddur hér á landi á dögunum en á svæðinu er einn glæsilegasti golfvöllur í Evrópu. Íslendingar hafa í miklum mæli verið að heimsækja svæðið og nokkur fjöldi Íslendinga hefur fest kaup á eign á þessu fallega svæðið.

„Svæðið hefur komið sér á kortið, svæðið og golfvöllurinn eru að ná jafnvægi. Fólk nýtur lífsstílsins þarna,“ segir Rovira um Las Colinas-svæðið. Fjöldi Íslendinga hefur á síðustu árum spilað golf á svæðinu.

> ”
> **Íslendingar eru frábærir, þetta er vinalegt fólk. Þú finnur að þetta er fólk sem vill njóta lífsins.**
>
> David Rovira

„Golfvöllurinn er einn af 100 bestu golfvöllum í Evrópu og það hefur hann verið frá upphafi. Fólk kann að meta hann og þá góðu umhirðu sem er í kringum völlinn,“ segir David.

Hann hrósar Íslendingum sem hann hefur átt í viðskiptum við. „Íslendingar eru frábærir, þetta er vinalegt fólk. Þú finnur að þetta er fólk sem vill njóta lífsins, við erum að skapa gott umhverfi sem það sækist í. Við berum virðingu fyrir náttúrunni og það er mikill gróður í hverfinu.“

David var hér á landi í síðustu viku og hitti mögulega viðskiptavini. „Ísland er frábært land en þegar þú býrð hérna get ég kannski skilið af hverju fólk vill eiga hús þar sem það kemst í sól. Það er beint flug til okkar sem Íslendingar kunna að meta.“ ■

## Vegferðin á EM hafin



Fjarvera lykilmanna kom ekki að sök þegar Strákarnir okkar hófu leik með sigri í undankeppni EM 2024 gegn Ísrael á Ásvöllum í gærkvöld. Þetta var fyrri leikur Íslands af tveimur í þessu landsleikjahléi en þeir mæta Eistum á laugardag. Tvö lið í riðli Íslands komast beint á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Finnur ekki ástina í borg ástarinnar

**Aðeins nokkrum mánuðum eftir að ungstirnið Kylian Mbappe skrifaði undir stærsta samning sögunnar virðist vera vandamál í paradís. Það heyrist af óánægju stórstjörnunnar sem PSG var búið að lofa gulli og grænum skógum til að ná sáttum.**

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Það vakti heimsathygli þegar Kylian Mbappe ákvað í skyndi að taka handbremsubeygju frá fyrri ákvörðun og endursemja við franska félagið PSG í sumar. Mánuðum saman var búið að fullyrða að Mbappe væri að láta æskudraum rætast og semja við Real Madrid og búinn að gera munnlegt samkomulag þess efnis. Nú virðist sem hjónabandið sé strax búið að sigla í strand og heyrist orðrómur um að Mbappe sé búinn að fá nóg af dvölinni í Parísarborg í bili.

Spænski blaðamaðurinn Julien Laurens greindi frá óánægju hins 23 ára Mbappe á þriðjudag og stuttu síðar fóru aðrir fjölmiðlamenn að taka í sama streng. Að sögn Laurens var Mbappe ósáttur að félagið væri ekki búið að standa við gefin loforð um kaup á framherja né gefin loforð um að Neymar yrði seldur frá félaginu. Samband Mbappe við brasilísku stórstjörnuna virðist vera við frostmark eins og sást í ágúst þegar þeir deildu um það hvor myndi taka vítaspyrnu í miðjum leik.

Fréttirnar komu degi eftir að Mbappe eyddi út færslu af samskiptamiðlum sínum þar sem hann ýjaði að því að hann væri ósáttur við leikskipulag PSG. Sömu óánægjuraddir heyrðust í viðtali þar sem hann reyndi að útskýra af hverju hann sýndi ekki sitt rétta andlit hjá PSG.

> **250**
>
> **Mbappe fær 250 milljónir evra í sinn hlut fyrir þriggja ára samninginn við Parísarliðið.**

> ”
> **Ég er með Kylian Mbappe daglega. Hann hefur aldrei talað um að yfirgefa félagið í janúar.**
>
> Luis Campos, yfirmaður knattspyrnumála hjá PSG

Þegar Mbappe, sem hefur þrátt fyrir ungan aldur verið einn besti leikmaður heims undanfarin ár, skrifaði undir nýjan samning var talað um skoðanir hans yrðu teknar til greina þegar kæmi að ákvörðunum um framtíð félagsins. Stuttu seinna var yfirmanni knattspyrnumála, Leonardo, skipt út fyrir Luis Campos sem vann með Mbappe hjá Monaco. Þá var Mauricio Pochettino skipt út fyrir Christophe Galtier.

Bæði félagið og Mbappe hafa neitað orðrómi um að hann sé með meiri völd en hinn hefðbundni leikmaður en orðsporið virðist ekki ætla að hverfa, á sama tíma og það heyrast óánægjuraddir frá herbúðum sóknarmannsins.

Frakkinn er að feta nýjar slóðir þegar kemur að réttindum leikmanna (e. player power) en slær ekki af innan vallar í aðdraganda Heimsmeistaramótsins. ■

## ■ Utan vallar

# Vandamálin stærri hjá Steina en einn dómari



Hörður Snævar Jónsson
hordur
@frettabladid.is

Þau voru þung sporin fyrir íslenska kvennalandsliðið á þriðjudagskvöld eftir að ljóst var að draumurinn um sæti á HM var farinn. Súrt tap í framlengdum leik í Portúgal þar sem dómari leiksins gerði mistök sem reyndust liðinu dýrkeypt.

Mistök dómarans eru hluti af leiknum og þó þau séu svekkjandi þá eru þau ekki eina ástæða þess að íslenska liðið er ekki á leið á sitt fyrsta heimsmeistaramót. Spilamennska liðsins fram að rauða spjaldinu var slök. Liðið hefur í undanförnum leikjum átt í stökustu vandræðum með að spila boltanum og að halda í boltann.

Þetta vandamál liðsins gegn liðum sem teljast í svipuðum gæðaflokki hefur gert vart við sig undanfarið, vandamál sem virtist ekki vera til fyrr en á Evrópumótinu í sumar.

Íslenska liðið hefur spilað fimm leiki við sterkar þjóðir undanfarið, í öllum þessum leikjum hefur liðið spilað lélegan fótbolta. Liðið hefur treyst á guð og lukku, vekur þetta furðu enda eru í íslenska liðinu margar frábærar knattspyrnukonur.

> ”
> **Spilamennska liðsins fram að rauða spjaldinu var slök.**

Þorsteini Halldórssyni, þjálfara liðsins, hefur mistekist að heimfæra það yfir í landsliðið, innkoma Söru Bjarkar Gunnarsdóttur aftur í liðið virðist utan frá hafa riðlað leik liðsins. Sara, sem er fremsta knattspyrnukona síðustu ára, kom aftur inn í liðið í vor. Hún hafði þá verið fjarverandi í eitt ár eftir barneign. Skömmu fyrir Evrópumótið kom Sara aftur inn í liðið og hefur leikur liðsins ekki verið í sama takti síðan. Hvort innkoma Söru sé eina ástæða þess er ólíklegt en það er hins vegar einn punktur sem hægt er að benda á.

Þorsteinn var verðlaunaður með nýjum og betri samningi hjá KSÍ í sumar en eftir það hefur frammistaða liðsins verið vonbrigði. Þorsteinn er afar fær þjálfari, um það verður ekki deilt, en spilamennska liðsins hefur ekki verið góð í nokkra mánuði. Það er staðreynd. ■


BESTA DEILDIN
AÐEINS 3 UMFERÐIR EFTIR
SPORT
Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**
LENGJAN
EITTSETT
STEYPUSTÖÐIN
UNBROKEN

## Merkisatburðir

**1987** Kýrin Harpa syndir yfir Önundarfjörð frá Flateyri að Kirkjubóli í Valþjófsdal á flótta þegar leiða á hana til slátrunar. Eftir sundafrekið er hún nefnd Sæunn og fær að lifa lengur.
**1989** Dow Jones-vísitalan fellur um 190,58 stig vegna hruns áhættubréfamarkaðarins.
**1994** Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt í fyrsta sinn og hlýtur þau Helgi Ingólfsson.
**1996** Strandarkirkja í Selvogi er endurvígð eftir miklar endurbætur.
**1997** Gamanþátturinn Fóstbræður hefur göngu sína á Stöð 2.
**2000** Starfsgreinasamband Íslands er stofnað.
**2010** Þrjátíu og þremur námuverkamönnum sem lokaðir höfðu verið inni í San José-námunni í Chile í 69 daga er bjargað upp um holu sem boruð hafði verið niður til þeirra og er um 60 cm í þvermál.



Mynd tekin árið 1975 í tilefni jarðarfarar Sálar, varanlegra skólaslita. MYND/JÓN HÓLM

# Skóli sem var stofnaður og rekinn af nemendunum

**Fimmtíu ár eru liðin frá því að Leiklistarskóli SÁL, Sálskólinn svokallaði, var stofnaður. Skólinn var einstakur að því leyti að hann var stofnaður og rekinn af nemendum sínum.**

arnartomas@frettabladid.is

Í ár eru liðin fimmtíu ár frá stofnun Leiklistarskóla SÁL. Hópurinn þar að baki hafði myndað samtökin SÁL, Samtök áhugafólks um leiklistarnám, með það að markmiði að hér á landi yrði starfræktur fullgildur leiklistarskóli.

Veturinn 1971 til 1972 var enginn leiklistarskóli starfandi á landinu þar sem leiklistarskóla Þjóðleikhússins og leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur hafði báðum verið lokað til þess að knýja á um að stofnaður yrði ríkisrekinn leiklistarskóli sem yrði fullgildur skóli.

Meðan þetta ástand ríkti fór ungt fólk sem hafði áhuga á að stunda leiklistarnám að skoða hvernig leiklistarnámi væri hagað í öðrum löndum þar sem það var á háskólastigi. Þegar miklu efni um þá skóla hafði verið safnað saman ákvað hópurinn að stofna skólann sjálfur.

„Skólinn var stofnaður og rekinn af nemendunum sjálfum sem sáu bæði um að ráða kennara og jafnvel að reka þá ef þyrfti,“ segir Viðar Eggertsson sem tók þátt í stofnun skólans. „Þetta var algjörlega óþekkt í íslensku skólakerfi á þessum tíma, að skóli af þessari tegund væri einvörðungu rekinn af grasrótinni án þess að yfirvöld kæmu þar að. Þetta fór auðvitað aðeins í taugarnar á ráðandi fólki í leikhúsgeiranum.“

### Ekki síður nám í skólarekstri

Stofnun skólans var að sögn Viðars í rauninni líka tilraun í skólarekstri og skoðun á uppbyggingu leiklistarnáms.

„Það var strax hugsað að þetta yrði heilsdagsskóli með fjögurra ára námi, þrjú ár í akademísku námi og fjórða árið væri nemendaleikhús rekið af nemendunum sjálfum,“ segir Viðar. „Þegar upp var staðið voru þrír árgangar í skólanum þar til Leiklistarskóli Íslands var stofnaður af ríkinu 1975. Sá var að megninu til byggður á hugmyndafræði Sálskólans og megnið af kennurunum fór beint þangað inn.“



Myndin tekin við leikfimikennslu skólans sem fór fram í ÍR-húsinu.

> **Þetta var algjörlega óþekkt í íslensku skólakerfi á þessum tíma, að skóli af þessari tegund væri einvörðungu rekinn af grasrótinni.**



Viðar Eggertsson

Viðar segir að stemningin í skólanum hafi verið mikil.

„Það var mikið haldið af allsherjarfundum þar sem skólanum var stjórnað. Þar var mikið deilt og skipst á skoðunum áður en ákvarðanir voru teknar eftir langar og miklar fundarsetur,“ segir hann. „Við í fyrsta árgangi útskrifuðumst ekki síður í því að reka leiklistarskóla. Við hefðum þess vegna getað orðið skólastjórar eða stjórnarformenn í listaháskólum eftir þetta!“

### Samheldinn árgangur

Stofnárgangur Sálskólans heldur enn þá hópinn í dag. „Við hittumst tvisvar á hverju einasta ári, alveg frá útskrift. Alltaf á gamlársdag milli klukkan eitt og þrjú, á þessum dauða tíma sem enginn veit hvað hann á að gera við, þá hittumst við í pálínuboði,“ segir Viðar. „Á sumrin förum við alltaf í ferðalag, annað hvort til útlanda eða innanlands. Ég held að séu fáir árgangar sem halda jafn vel hópinn eftir öll þessi ár.“

Í tilefni af tímamótunum verður opnuð sýning í Þjóðarbókhlöðunni á lokuðum viðburði á morgun þar sem saga skólans er rekin. ■

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Samúelsson**

lést sunnudaginn 2. október á hjartadeild Landspítalans. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju mánudaginn 17. október kl. 15.

**Guðrún Jóhannsdóttir**
**Samúel Guðmundsson** **Halldóra Kristín Helgadóttir**
**Jóhann Guðmundsson** **Hafdís Rósa Sæmundsdóttir**
**Ingimundur Guðmundsson** **Harpa Hafberg Gunnlaugsd.**
**afa- og langafabörn**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Bryndís Elsa Sigurðardóttir**

**Hraunvangi 7, Hafnarfirði,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 16. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Steinþór Einarsson** **Sylvie Primel**
**Guðný Elísabet Einarsdóttir** **Einar Eyjólfsson**
**og ömmubörn**

---



Elsku hjartans móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Sigurjónsdóttir**

*húsmóðir, áður til heimilis að Boðaþingi 6, Kópavogi,*

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 8. október. Útför fer fram mánudaginn 17. október frá Kópavogskirkju kl. 13.00.

**Sigurjón Birgisson** **Mjöll Kristjánsdóttir**
**Guðlaug Birgisdóttir** **Sigvaldi Einarsson**
**Birgir Birgisson** **Elín Rós Hansdóttir**
**Ásdís Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



Elsku eiginkona mín, mamma okkar, tengdamamma, amma, dóttir, tengdadóttir og systir,

**Eva Hrund Pétursdóttir**

**iðjuþjálfi, Hlíðarbraut 13, Blönduósi,**

sem lést þann 21. ágúst, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 18. október klukkan 13. Beint streymi frá athöfninni verður á vefnum: skjaskot.is/evahrund
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Evu er bent á styrktarreikning fjölskyldu hennar, reikningsnúmer 0307-26-4701, kennitala 470169-1689.

**Kári Kárason**
**Sandra Dís Káradóttir** **Björn Þór Sveinbjörnsson**
**Hilmar Þór Kárason** **Heba Björg Þórhallsdóttir**
**Pétur Arnar Kárason** **Rakel Reynisdóttir**
**Karen Sól Káradóttir** **Ásgeir Þröstur Gústavsson**
**Pétur Guðmundsson**
**Kári Snorrason**
**barnabörn og systkini**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf B. Jónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 2. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. október kl. 10.

**Magnús Atli Guðmundsson** **Guðrún Torfhildur Gísladóttir**
**Jón Pálmi Guðmundsson** **Þórhildur Lilja Ólafsdóttir**
**og ömmubörn**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Elínar Óladóttur**

**Kirkjusandi 1, Reykjavík.**

**Guðrún Björnsdóttir** **Trausti Sigurðsson**
**Arndís Björnsdóttir** **Sigurður Einarsson**
**Jens Gunnar Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

# Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 13.–16. október

## Partý skinka
Fullelduð
**1.799** kr/kg
~~2.999 kr/kg~~




40%



30%
Lambahryggur
í hvítlauks-
og piparkryddlegi
**2.659** kr/kg
~~3.799 kr/kg~~




30%
Nautagúllas
**2.729** kr/kg
~~3.899 kr/kg~~



30%
Rauð epli
**209** kr/kg
~~299 kr/kg~~



25%
Perur
**299** kr/kg
~~399 kr/kg~~




35%
Kjúklingabringur
með BBQ og piri piri
**2.449** kr/kg
~~3.768 kr/kg~~




30%
Lambalærissneiðar
1. flokks
**2.799** kr/kg
~~3.999 kr/kg~~




20%
Hamborgarar
með brauðum og sósu,
Street Food, 4 stk.
**1.679** kr/pk
~~2.099 kr/pk~~

Heilsuvara vikunnar




25%
Möndludrykkur
1 l
**299** kr/stk
~~399 kr/stk~~



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

netto

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
**20.00 Fjallaskálar Íslands (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Mannamál (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2014-2015** Ölfus - Stykkishólmur.
**14.30 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991**
**15.35 Örlæti** Glennarar - Kirkjubæjarklaustur.
**15.50 Ferðin heim**
**16.45 Siggi Sigurjóns**
**17.30 Landinn**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Listaninja**
**18.30 Maturinn minn**
**18.41 Tilfinningalíf** Kvíði
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins** Gunnar Þórðarson - Bláu augun þín.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Okkar á milli** Herdís Anna Þorvaldsdóttir varð fyrir lífshættulegri hnífaárás á heimili sínu. Þrátt fyrir það er hún ekki hrædd við neitt og ætlar að nýta aukalífið og fá sem mest út úr því.
**20.35 Könnuðir líkamans** Hvernig virka líkamar okkar og hvaða áhrif hefur lífsstíll okkar nákvæmlega á heilsuna?
**21.10 Tuskubrúða**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Neyðarvaktin**
**23.05 Um Atlantsála** Leiknir þættir um norsku krónprinsessuna Mörthu og áhrif hennar á heimsmálin á tíma seinni heimsstyrjaldarinnar.
**00.00 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Tónlist**
**12.00 Dr. Phil**
**12.45 The Late Late Show**
**13.30 Love Island Australia**
**14.30 Bachelor in Paradise**
**15.50 The Block**
**16.55 90210**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 Love Island Australia**
**20.10 Matarboð**
**20.50 The Resident**
**21.40 Dan Brown's The Lost Symbol**
**22.30 Walker**
**23.15 The Late Late Show**
**00.00 Love Island Australia**
**00.50 FBI. International**
**01.35 Chicago Med**
**02.20 Law and Order. Organized Crime**
**03.05 American Rust**
**04.00 Halo**
**04.50 Tónlist**

## Stöð 2

**07.55 Heimsókn**
**08.15 The Mentalist**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Cold Case**
**10.05 Shrill**
**10.30 Britain's Got Talent**
**11.25 Hestalífið**
**11.35 Skítamix**
**12.05 Dýraspítalinn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Family Law**
**13.40 30 Rock**
**14.00 Ultimate Veg Jamie**
**14.50 Grand Designs. Australia**
**15.40 The Heart Guy**
**16.30 Matarboð með Evu**
**17.00 Rax Augnablik**
**17.05 Men in Kilts**
**17.40 Nágrannar**
**18.27 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Temptation Island**
**19.55 Camp Getaway**
**20.40 The PM's Daughter**
**21.05 La Brea**
**21.55 Chucky** Sígildur safngripur, Chucky-dúkka, birtist í rólegum smábæ og röð hræðilegra morða dregur fram ýmislegt gruggugt úr pokahorni bæjarbúa.
**22.40 Real Time With Bill Maher**
**23.35 Chapelwaite**
**00.25 A Very British Scandal**
**01.25 Blinded**
**02.15 A Teacher**
**02.35 The Mentalist**
**03.15 Cold Case**
**04.00 Shrill**

## Ólína Kjerúlf fer yfir fjölbreyttan ferilinn



Ekki vantar umræðuefni í Mannamálsþætti kvöldsins þar sem Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir sest gegnt Sigmundi Erni og fer yfir ferilinn í kennslu, pólitík, skrifum og fræðimennsku. Hún er núna forseti Félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst og ræðir meðal annars um átök hagsmunastjórnenda í landinu við akademíuna og fjölmiðla og skuggalýðræðið sem vokir yfir landinu. ■

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Rovner átti leik gegn Kamylov í Moskvu árið 1947.

**1. Da7! Da5 2. Dxa6! Dc7 3. Da7! (eða 3. Db7). 1-0.** Úrvalsdeild Íslandsmóts skákfélaga hefst í kvöld í Rimaskóla. Aðrar deildir hefjast á morgun og þá færist mótið í Fjölnishöllina í Egilshöll. HM ungmenna (u20) hófst í gær.

**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga.

## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
**1** slitrur
**5** pex
**6** ekki
**8** talin
**10** tveir eins
**11** svolítið
**12** áar
**13** síll
**15** rembast
**17** kryddjurt

**LÓÐRÉTT**
**1** liðsinnir
**2** íþrótt
**3** væta
**4** renta
**7** eðli
**9** kynngi
**12** op
**14** hlemmur
**16** tveir eins

**LÁRÉTT: 1** hrafl, 5 jag, 6 ei, 8 álitin, 10 ll, 11 ögn, 12 afar, 13 alur, 15 rogast, 17 karsi.
**LÓÐRÉTT: 1** hjálpar, 2 rall, 3 agi, 4 leiga, 7 innræti, 9 töfrar, 12 auga, 14 lok, 16 ss.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli








ICEWEAR ICELAND
ICEWEAR inniskór Kr. 3.990.-
VOR hlý húfa Kr. 3.590.-
HEIÐI barnaúlpa Kr. 18.990.-
ESJUFJÖLL flíspeysa Kr. 9.990.-
VIÐEY barnavettlingar Kr. 2.790.-
HVÍTANES Merínó hálsklútur Kr. 4.990.-
ASOLO Falcon herra Kr. 29.990.-
DÖGG regnkápa Kr. 11.990.-
ENGEY Húfa með mynstur beggja vegna Kr. 2.790.-
STEINAR Coolmax göngusokkar Kr. 1.490.-
ASOLO gönguskór Kr. 37.990.-
REYKJAVÍK ullarúlpa Kr. 47.990.-
SKARÐSFJÖRÐUR hettupeysa Kr. 12.990.-
Þín útivist - þín ánægja
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND
SVARTANES rúllukragabolur Kr. 10.990.-
FÍFA síð Ecodown® úlpa Kr. 29.990.-
SVARTANES Merínó ullarbuxur Kr. 9.990.-
HILDA dúnúlpa Kr. 67.990.-
RAGNAR Ecodown® úlpa Kr. 27.990.-
ASOLO Space herra Kr. 22.990.-
MÓAR jogging buxur Kr. 7.990.-
FUNI dúnúlpa Kr. 33.990.-
SALEWA gönguskór Kr. 25.990.-
SANDHÓLL jogging buxur Kr. 7.990.-
REYKJANES barna ullarúlpa Kr. 18.990.-
Helly Hansen Fremont Kr. 26.990.-
HVÍTANES Merínó húfa Kr. 3.990.-
GEYSIR ullarjakki Kr. 28.990.-
Vinir fá sérkjör
Skráning á icewear.is




## ■ Listin sem breytti lífi mínu



**Kamilla Einarsdóttir** rithöfundur segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hennar.

„Þegar ég hitti fólk sem segir mér að það hafi fengið gallsteina skriki ég alltaf og klappa saman lófunum af spenningi og gleði. Þetta hefur fækkað nokkuð í núverandi og tilvonandi vinahóp mínum því fólki finnst þetta, nokkuð skiljanlega, bera vott um skort á allri samhygð hjá mér. Uppáhaldsbókin mín í öllum heiminum er bókin Læknamafían, lítil pen bók, eftir Auði Haralds sem fjallar einmitt um konu sem fær gallsteina.

Ég get opnað hana hvar sem er og fer alltaf að hlæja en hugsa líka um hvað þetta er mikil snilld. Hvernig Auður lýsir í þessari bók lífinu sem einstæð móðir sem lendir í að þurfa að eiga við sérfræðinga er svo brjálæðislega fyndið en líka hræðilega sárt og grimmt. Þess vegna er þetta bók sem ég bæði græt og hlæ við að lesa.

Í þau blessunarlega fáu skipti sem ég hef sjálf þurft að eiga við lækna og spítala út af einhverju hjá mér og mínum nánustu hef ég oft getað kímt og brosað út í annað á sárum augnablikum því eitthvað hefur þá minnt mig á þessa bók.

Það var mér mikil gæfa að lesa Læknamafíuna sem unglingur því alltaf síðan þá þegar mér finnst lífið hræðilega erfitt vaknar hjá mér vonarneisti um að kannski geti ég þá líka einn daginn skrifað um það jafn góða bók og Læknamafían er. Það gerir vondar uppákomur í lífinu miklu þolanlegri að vita að allt getur orðið góð saga seinna.“ ■

# Raddir hinsegin fólks fái að heyrast

**Nýlistasafnið skoðar hinseginleika og hinsegin list á nýrri sýningu. Viktoría Guðnadóttir og Ynda Eldborg könnuðu safneign Nýló og fengu hinsegin listafólk til að skapa nýja list í samtali við eldri verk.**

tsh@frettabladid.is



Viktoría Guðnadóttir og Ynda Eldborg segja löngu kominn tíma á að raddir hinsegin fólks heyrist í listheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um síðustu helgi opnaði Nýlistasafnið sýninguna Til sýnis: Hinsegin umfram aðra, sem ætlað er að varpa ljósi á hinsegin myndlist í safneign Nýlistasafnsins í samtali við ný verk eftir framsækið hinsegin listafólk. Sýningunni stýra þær Ynda Eldborg listfræðingur og Viktoría Guðnadóttir myndlistarmanneskja.

**Viktoría:** „Þegar við komum með þessa tillögu til Nýlistasafnsins, um að gera hinsegin sýningu, þá kom fram hugmyndin að taka einhvern veginn safneignina inn í sýninguna. Við förum í gegnum safneign Nýlistasafnsins og völdum verk sem við gátum á einn eða annan hátt flokkað sem hinsegin. Það voru 54 verk og síðan báðum við listafólk um að taka eitt af þeim verkum og búa til nýtt verk byggt á því.“

Listafólkinu var frjálst að velja hvaða verk sem var úr safneign Nýló og búa til nýtt verk án nokkurra hamla. Nýju verkin og verkin úr safneigninni eru svo sýnd samhliða á sýningunni.

**Breitt aldursbil listafólks**

Ynda segir þær hafa handvalið listafólkið sem tekur þátt í sýningunni, sem er allt hinsegin, og lagt áherslu á að hafa aldursbilið nokkuð breitt.

**Ynda:** „Ég held að yngsta listamanneskjan sé í kringum 24 ára og ennþá í Listaháskólanum. Síðan eru Anna Hallin og Olga Bergmann, sem eru mjög sjóaðar. Þetta er bæði samtal við safnið og safneignina og líka samtal á milli hinsegin kynslóða sem er mjög spennandi.“

Eitt af því sem þær Viktoría og Ynda höfðu til hliðsjónar þegar þær settu saman sýninguna er módel sem ber heitið FLINT sem er upprunnið í Þýskalandi og stendur fyrir Female, Lesbian, Intersex, Non-Binary og Trans.

**Karlmenn njóti forgangs**

**Ynda:** „Við þurfum ekkert að leita langt til að sjá það að karlmenn njóta algjörs forgangs í myndlistarheimi samtímans. Þetta kerfi sem ríkir hefur gert svo margt fólk ósýnilegt. Í fræðilegu samhengi eigum við mjög mikið póstmódernismanum að þakka og femínistahreyfingum.“

> ” Þetta er bæði samtal við safnið og safneignina og líka samtal á milli hinsegin kynslóða, sem er mjög spennandi.
>
> Ynda Eldborg

Ynda nefnir sérstaklega kvennasýninguna Hér og nú sem haldin var á Kjarvalsstöðum í tilefni Listahátíðar kvenna 1985. Hún segir þá sýningu hafa verið ákveðna fyrirmynd fyrir Til sýnis: Hinsegin umfram aðra.

**Ynda:** „Í þeirri sýningu voru konur teknar út úr þessu algilda módeli og urðu að sérstakri stærð. Það er líka það sem okkur langar til að gera, að hinsegin listafólk geti búið til sína myndlist á sínum eigin forsendum án þess að vera bundið af hefðarveldi feðraveldisins.“

***Er kominn tími til að hinsegin listafólk fái uppreist æru í listheiminum?***

**Ynda:** „Algjörlega! Þótt fyrr hefði verið. Það eru til sögur um hinsegin listafólk í íslenskri listasögu en því hefur verið ýtt til hliðar og það ekki fengið að tala á eigin forsendum.“

**Rétt sýning á réttum tíma**

Um þessar mundir er mikið rætt um bakslag í réttindum hinsegin fólks. Spurðar hvort þeim finnist listin vera mikilvægur liður í þeirri baráttu segja þær Viktoría og Ynda:

**Viktoría:** „Það er alltaf mikilvægt að hinsegin fólk sé sýnilegt og það þarf að vera alls staðar í samfélaginu, líka í listheiminum. Til að vinna á móti bakslagi þá er það mikilvægt.“

**Ynda:** „Að því leytinu til þá er þessi sýning rétta sýningin á rétta tímanum, því allt listafólkið sem sýnir er ekkert að fela neitt. Hvorki pólitísk viðhorf, né viðkvæmni eða brothætta tilveru, heldur er bara allt sett fram af fullum krafti og sannfæringu.“

**Stóru skrefi náð**

***Funduð þið einhver sameiginleg þemu eða þræði í verkum listafólksins?***

**Ynda:** „Við vorum ekki að reyna að draga fram einhverja sameiginlega þræði, heldur miklu frekar að reyna að sýna hvernig listafólk af ólíkum kynslóðum nálgast þennan menningararf í Nýló á ólíkan hátt. Það er að sýna sig betur og betur að unga hinsegin listafólkið er að öðlast fyrirmyndir og er að fatta að það hefur rödd sem skiptir máli. Ef við getum hjálpað þeim að finna sína eigin rödd á sínum eigin forsendum, þá er stóru skrefi náð.“

Þær Viktoría sammælast um að þótt hinsegin listafólk fái ekki oft brautargengi á listasöfnum þá sé mikil gróska í hinsegin listasenunni.

**Viktoría:** „Það er gróska, það bara hefur ekki komist inn í listasöfnin þangað til núna.“

**Ynda:** „Það skiptir máli að þessar raddir fái að heyrast.“ ■




# Einstök upplifun og kraftmikil erindi

tsh@frettabladid.is

Á þriðjudag hélt Þjóðleikhúsið málþing um samfélagsleg áhrif birtingarmynda í listum og inngildingu jaðarhópa. Undanfarnar vikur hefur átt sér stað mikil umræða um þessi mál í kjölfar þess að Nína Hjálmarsdóttir, sviðslistarýnir Víðsjár, birti pistil um söngleikinn Sem á himni þar sem hún gagnrýndi Þjóðleikhúsið meðal annars fyrir að láta ófatlaðan mann leika fatlaða persónu.

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, listfræðingur og aðgerðasinni, er ein þeirra sem héldu erindi á málþinginu. Hún segir það vera mjög jákvætt að fatlað fólk hafi fengið tækifæri til að ræða þessi mál við fulltrúa helstu menningarstofnana landsins svo sem þjóðleikhússtjóra, rektor Listaháskóla Íslands og forseta Bandalags íslenskra listamanna.

„Það er mjög sjaldan sem réttindi fatlaðs fólks fá að vera í svona miklum brennidepli. Það var náttúrlega bara alveg einstök upplifun og ótrúlega kraftmikil erindi. Það var mikið af fagfólki í salnum og ég hef fengið mjög mikil viðbrögð frá leikurum og fólki í sviðslistasenunni sem var mjög ánægt með að geta tekið þátt í þessu samtali. En nú er náttúrlega kominn tími til að fylgja þessu eftir og leyfa ekki þessum stofnunum að komast upp með það sem hefur viðgengist áratugum saman,“ segir hún.



Inga Björk

Nína Hjálmarsdóttir var einnig viðstödd málþingið og segir það magnað að sjá hversu sterkt fatlað fólk hefur komið inn í umræður síðustu vikna.



Nína

„Ræður gærdagsins sýna að nú verður ekki lengur hægt að láta sem ekkert hafi í skorist. Á málþinginu afhjúpaðist hversu illa menningarstofnanir okkar eru undirbúnar til að taka á þessum löngu tímabæru breytingum, sem sést á því að þær eru hvorki tilbúnar til að taka ábyrgð á mistökum sínum né heldur grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma fötluðu fólki og öðrum jaðarhópum í listræn hlutverk og valdastöður innan geirans. Ég vona að valdhafar þori að hlusta á þessar raddir, og taka til sín slagorðið „ekkert um okkur án okkar“. Breytingin er hafin og stofnanir verða að vera með, annars eiga þær á hættu að heltast úr lestinni.“ ■




Tryggðu þér miða!

leikhusid.is

## Til fyrirmyndar



Heimsókn á Apéro er eins og flugmiði til Frakklands.
FRÉTTABLAÐIÐ/NÍNA RICHTER

### Parísarborg á Laugavegi 20b

Apéro Vínbar er staðsettur í gömlu húsnæði Náttúrulækningafélagsins að Laugavegi 20b. Ef hugmyndin er að fara í miðbæinn fyrir eitt eða tvö glös og jafnvel smárétt, er gráupplagt að heimsækja Apéro í fallegu umhverfi og rólegheitum þar sem hægt er að tala saman. Þessi staður kemur hreinlega eins og himnasending inn í vaxandi flóru vínbara bæjarins.

Vínseðillinn samanstendur af frönskum vínum eingöngu, enda er annar eigandi staðarins frá Suður-Frakklandi. Framboðið er þó gríðarlega fjölbreytt fyrir því og starfsfólkið vel að sér. Það skemmir ekki fyrir að ljúf frönsk tónlist líður um hlustirnar á meðan bragðlaukarnir skella sér í ferðalag um frönsk héruð. Þarna birtist hreinlega vottur af París á miðjum Laugaveginum. ■



Bjarki Karlsson skellti í glæsta limru.

## Verðlaunaskáld með laglega limru

ninarichter@frettabladid.is

Verðlaunaskáldið Bjarki Karlsson orti á dögunum limru um nýjasta skandalinn í hinum sítitrandi skákheimi. Yrkisefnið er ásakanir á hendur Hans Niemann sem á að hafa notast við hjálpartæki ástarlífsins til að sigra Magnus Carlsen, fimmfaldan heimsmeistara, með frumlegri aðferð. Aðstoðarmaður Niemann á að hafa notast við titring í endaþarmskúlum til að gefa Niemann merki um hver besti leikurinn væri hverju sinni. Ekkert telst sannað í málinu og Niemann hefur neitað öllum ásökunum.

Limra Bjarka er svohljóðandi.

*Sýndu mér hvar þessi sími'er*
*þú svindlandi skáktölvustreamer!*
*Þá svaraði Niemann:*
*„Ég nota ekki símann,*
*ég hef þetta allt saman í mér."*

# Selja boli fyrir rannsókn á kynjahalla

**Staða kvenna í kvikmyndagerð á Íslandi fer batnandi en þó er langt í land. Þetta segir formaður Íslandsdeildar alþjóðlegra samtaka í kvikmyndagerð sem fjármagnar nú rannsókn á kynjahalla innan fagsins.**

ninarichter@frettabladinu.is

Lea Ævars er nýkjörinn formaður WIFT á Íslandi, Íslandsdeildar alþjóðlegra samtaka kvenna í kvikmyndagerð. Lea er einnig í forsvari fyrir Femíníska kvikmyndahátíð í Reykjavík sem hún stofnaði árið 2017.

Lea hratt nýverið af stað söfnun til styrktar rannsókn sem hún og Guðrún Elsa Bragadóttir kvikmyndafræðingur vinna að, sem snýr að kynjahalla í kvikmyndagerð hér á landi. Rannsóknin er að sögn Leu fyrsta slíka rannsóknin á Íslandi.



Sólrún Freyja Sen og Lea Ævars frá Íslandsdeild WIFT, samtaka kvenna í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaði. Femínísk kvikmyndahátíð í Reykjavík fer næst af stað í janúar 2023. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Allt í ólestri varðandi gögnin

Lea segir sambærilegar rannsóknir liggja annars staðar á Norðurlöndunum og þörfin hér á landi sé brýn. Hún vísar til ritrýndrar greinar Guðrúnar Elsu sem sneri að stöðu kvenna í íslenskri kvikmyndagerð, sem leiddi í ljós að upplýsingar um konur í kvikmyndagerð á Íslandi liggi hvergi fyrir á einum stað. „Allt er í ólestri og við þurfum að sjá nákvæmlega hver staðan er, á öllum stöðum. Hvort sem það eru leikkonur eða förðunarfræðingar," segir Lea.

Rannsóknin myndi snúa að störfum innan fagsins en ekki að efnistökum framleiðslunnar, sem oftar er rætt um, til dæmis í sambandi við Bechdel-prófið svokallaða. „Við sjáum fyrir okkur rannsókn þar sem við myndum taka viðtöl við konur í bransanum," segir hún. „Við erum fyrst og fremst að hugsa um þessar stöður, hversu margar konur eru að leikstýra, hversu mörgum myndum þær hafa leikstýrt, sjónvarpsþáttum og slíku. Við erum líka að skoða sjónvarpið. Það er á tæru að konur eru mest í heimildarmyndagerð og þær fá líka miklu lægri styrki en karlmenn," segir Lea.

### Hönnuðu boli til fjármögnunar

Söfnunin fyrir rannsókninni snýr að sölu á bolum sem Arndís Ey búningahönnuður hannar. Þær Lea kynntust í kvikmyndaverkefni sem þær unnu að. „Arndísi langaði að taka þátt og efla konur. Þá kem ég með hugmynd og spyr: Viltu hanna boli í samvinnu við WIFT og kvikmyndahátíðina, sem við getum selt til að gera almennilega rannsókn? Hún gerir það, fer í myndatöku og við erum búnar að selja nokkra boli," segir hún. „Hún er alveg ótrúleg."



Bolurinn úr smiðju Arndísar Eyjar sem seldur er á vef Femínískrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, til styrktar rannsókn á stöðu kvenna í kvikmyndagerð. MYND/AÐSEND

Lea minnist einnig á Örnu Schram, sérlega velgjörðakonu hátíðarinnar sem lést fyrir aldur fram í janúar á þessu ári. Arna var sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg og fyrrverandi formaður Blaðamannafélags Íslands og segir Lea Örnu hafa mætt á alla viðburði og stutt við hátíðina með ráðum og dáð. Lea minnist Örnu með ríku þakklæti og segir hátíðina aldrei hafa orðið að veruleika ef hennar hefði ekki notið við.

### Mjakast eins og snigillinn

Kúrs innan náms í blaða- og fréttamennsku varð kveikjan að áhuga Leu á kvikmyndabransanum. „Ég fór í kúrs sem heitir heimildarmyndir og sjónvarpsþáttagerð og varð ástfangin af kvikmyndamiðluninni," útskýrir hún. „Ég fer þá út og fæ talent-based styrk, tek MFA-gráðu í sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu í New York Film Academy sem staðsett er í Los Angeles, og reyndar víðar um heim. Svo kem ég heim og fann hvað er ógeðslega erfitt að komast inn í bransann," segir Lea.

> **„Baráttan fyrir jafnrétti innan kvikmyndageirans er enn í fullum gangi og Reykjavík feminist film festival verður á sínum stað þar til henni er lokið.**
>
> Lea Ævars, forseti WIFT á Íslandi

Hún segist hafa stundað kvikmyndahátíðirnar til að kynna sér hvernig landið lægi, og í framhaldinu rambað á Stockholm Feminist Film Festival í Svíþjóð. „Þá fæ ég hugmynd um að gera slíka hátíð heima og fer að vinna að þessari íslensku hátíð árið 2017."

Lea segir stöðuna erfiða á heimsvísu. „Þetta mjakast eins og snigillinn. Af 250 tekjuhæstu kvikmyndum í heiminum eru konur aðeins 34 prósent af þeim sem vinna á bak við myndavélina í leiknum kvikmyndum og 21 prósent leikstjóra, framleiðenda, yfirframleiðenda, stjórnenda kvikmyndatöku og klippara á síðustu myndunum á heimsvísu 2021. Baráttan fyrir jafnrétti innan kvikmyndageirans er því enn í fullum gangi og Reykjavík feminist film festival verður á sínum stað þar til henni er lokið." ■

# Segir Einmunatíð sitt besta verk til þessa

nínarichter@frettabladid.is

Guðmundur Rafnkell Gíslason sendir frá sér nýja sólóplötu á morgun, föstudag, sem ber titilinn Einmunatíð. Guðmundur, sem kallar sig Guðmund R., tileinkar útgáfuna félögum sínum í SúEllen og Ingvari Lundberg hljómborðsleikara sem lést síðasta sumar. Þetta er þriðja platan sem Guðmundur sendir frá sér á fimm árum.

Í fréttatilkynningu segir Guðmundur að hér sé um að ræða hans langbesta verk til þessa, á 35 ára útgáfuferli. „Síðustu tvær plötur sem ég vann líka með Jóni Ólafssyni voru eins konar upptaktur að þessari," segir hann. „Ég hef aldrei sungið jafnvel, samið betri lög og texta. Ég hljóma kannski hrokafullur en ég er orðinn leiður á því að biðjast hálfpartinn afsökunar á því að vera tónlistarmaður," segir Guðmundur við sama tækifæri.

Guðmundur gefur út geisladisk samhliða því að gefa verkið út á streymisveitum. „Flestir tónlistarmenn fá nánast engar tekjur af streymissölu og sala disksins er því um leið fjármögnun á verkefninu," segir hann.

Guðmundur syngur, leikur á básúnu og rafgítar, hljómborð og tónlistarforrit á plötunni. Þá spilar Jón Ólafsson á píanó, hljómborð og orgel auk þess að ljá verkefninu rödd sína. Bjarni Halldór Kristjánsson leikur á gítar, Guðni Finnsson á bassa og Arnar Gíslason trommur. Þá koma trommuleikararnir Maggi Magg og Ásgeir Óskarsson við sögu í tveimur lögum á plötunni. Arnþór Örlygsson Lind hljóðblandaði.



Guðmundur R. hefur sent frá sér þrjár sólóplötur á síðustu fimm árum.

Einmunatíð er sem fyrr segir fjórða sólóplata Guðmundar R. Á undan komu Íslensk tónlist frá árinu 2007, Þúsund ár frá 2017 og Sameinaðar sálir frá 2020. Þá hefur Guðmundur gert fjórar plötur með sveitinni SúEllen. ■

Fjölbreytt úrval af margnota einingum svo hægt er sérsníða sófann eftir þínum hugmyndum, með legubekk, horneiningum eða viðbótarsætum til að henta hverju rými eða tilgangi.





TILBOÐ

# Mags sófar

epal

HAY

Hönnun: Hay Studio

Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 7 / Smáralind / 5687733 / www.epal.is



MANNAMÁL



MANNAMÁL

FIMMTUDAGA KL. 19.00

OG AFTUR KL. 21.00

Persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugaverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt. Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir er næsti gestur þáttarins.

HRINGBRAUT



# Með nýtt lag um trans börn og spila með Maro í Hörpu

**Nýtt lag með Systrum fjallar um trans börn. Meðlimur sveitarinnar er móðir trans drengs og nýtti vettvanginn sem fylgdi þátttöku í Eurovision-keppninni til að vekja athygli á réttindabaráttu trans fólks, sem hún segir skammt á veg komna á Ítalíu.**

ninarichter@frettabladid.is



Sigga, Elín og Beta halda tónleika í Kaldalóni í Hörpu á mánudagskvöld og fá til liðs við sig Lay Low og portúgalska Eurovision-farann Maro. MYND/RUT SIG

„Ég samdi þetta lag eftir Eurovision og það fjallar um trans barnið mitt,“ segir Sigríður Eyþórsdóttir, eða Sigga Ey eins og hún er kölluð. Sigga er höfundur lags og texta Saviour. „Lagið fjallar um hversu mikið hann kenndi mér og opnaði fyrir mér algjörlega að það skiptir engu máli hvernig við tjáum kynið okkar og hvernig við erum. Við erum öll bara eins en við höldum oft að við séum það ekki.“

### Ágóði til mannréttindabaráttu

Texti lagsins er á ensku og þar syngur ljóðmælandi ljúft kvæði um að barnið sé álfum líkast, bjargvættur með skilaboð um að öll séum við eitt, öll séum við eins og öll séum við manneskjur.

Að sögn Siggu rennur helmingur ágóðans af útgáfunni til mannréttindabaráttu trans barna. Aðspurð hvaða samtök komi að slíkri söfnun segist hún horfa til aðila utan landsteinanna, og ekki vita til þess að slík samtök séu starfrækt hér á landi. Þörfin sé þó víða.

„Úti í Bandaríkjunum er ástandið hræðilegt. Í Arkansas er verið að draga til baka hormónagjafir og þar er í gangi raunverulegt Handmaid's Tale,“ segir tónlistarkonan og vísar til skáldsögu Margaret Atwood. Hún bætir við að hún myndi þess vegna vilja beita sér í þessum málefnum utan Íslands þar sem þörfin er ríkari. „Ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu slæmt ástandið væri fyrr en ég varð mamma trans barns,“ segir hún.

### Leynilega þakkað á Ítalíu

Sigga segir ferðina með Eurovision-hópnum til Tórínó hafa verið lærdómsríka hvað þessi málefni varðar. „Þegar við vorum úti var ég í sambandi við foreldrasamtök trans barna úti. Þá gátu þau ekki komið fram opinberlega að hitta mig, en þau sendu okkur boli og þakkir,“ segir hún. Sigga minnist þess einnig að morð hafi verið framið á ungri trans stúlku á Ítalíu þegar Systur voru að keppa í Tórínó. „Þegar við vorum úti kom manneskja sem var trans, ekki opinberlega, til að segja okkur að trans stelpa hefði verið drepin og það hefði verið í fréttunum kvöldið áður.“

> ”
>
> **Ég varð svo hrædd sem mamma þegar sonur minn kom út sem trans. Þegar ég fór að lesa um afleiðingar þess að vera trans og fá ekki að tjá kyn sitt rétt.**
>
> Sigga Ey

Þetta segir Sigga hafa gefið henni tækifæri til að átta sig betur á því hversu mikill munur væri á Íslandi og öðrum löndum hvað þessi mál varðar. „Maður er svo lokaður af og heldur að allt sé bara … ég varð svo hrædd sem mamma þegar sonur minn kom út sem trans. Þegar ég fór að lesa um afleiðingar þess að vera trans og fá ekki að tjá kyn sitt rétt. Og hversu há sjálfsvígstíðnin er.“

### Tónleikar með Maro í Hörpu

Sigga ítrekar að tilfinning fyrir kyni sé fyrst og fremst félagslegt fyrirbæri þangað til fólk komist á kynþroskaskeiðið. „Þetta er allt samfélagslegt,“ segir hún. Söngkonan segir að sömuleiðis sé íslenskt tungumál gríðarlega kynbundið. „Svo segir íslenskan svo mikið um hvað sé kvenlegt og hvað sé karllegt með tungumálinu. Sólin og stjarnan eru kvenlegar, fallegar og glansandi.“

Systur sendu nýverið frá sér sína fyrstu smáskífu, Dusty Road, ásamt tónlistarmyndbandi. Þær koma fram 17. október í Kaldalóni í Hörpu ásamt tónlistarkonunni Maro sem var fulltrúi Portúgala í keppninni á Ítalíu í vor. „Hún er frábær og kemur líka frá svona náinni fjölskyldu. Við bundumst einhverjum böndum og hana langaði svo að koma hingað.“ Systur flytja nýja lagið á tónleikunum auk þess sem Lay Low, höfundur Eurovision-lags Systra, stígur á stokk með hópnum. ■

# Íslensk götubitasena í hörkusókn

ninarichter@frettabladid.is

Götubitamenning hefur rutt sér ærlega til rúms hér á landi á síðustu þremur árum. Einn af forkólfunum í þeirri þróun er Róbert Aron Magnússon, eða Robbi Krónik. Íslenskur götubiti fékk alþjóðlega viðurkenningu á dögunum þegar Silli kokkur hafnaði í öðru sæti í evrópskri götubitakeppni sem fram fór í Þýskalandi.

„Götubitinn var stofnaður í kringum 2018 með það að markmiði að vekja athygli á götubita. Ég bjó í Bretlandi í ellefu ár og sá að það var algjör vöntun. Það voru engir að vinna saman og lítið um markaði,“ segir Róbert, aðspurður um aðdragandann.

Fyrsta stóra götubitahátíðin var haldin á Miðbakka við Reykjavíkurhöfn sumarið 2019 og fór aðsókn fram úr vonum. „Okkar markmið var að stimpla Ísland framarlega í þessum street-food heimi. Við settum okkur fimm ára markmið og náðum því aðeins fyrr en við ætluðum okkur,“ segir Róbert, sem er að vonum himinlifandi með árangur Íslendinga í Evrópukeppninni.



Róbert Aron Magnússon, stofnandi Götubitans – Reykjavík Street Food

*Stundum heyrist að íslenskur götubiti sé í dýrari kantinum. Áttu svar við þeirri gagnrýni?*

„Þetta snýst um hráefniskostnað. Svo þarf að greiða fólki í vagninum laun. Matarvagn er ekkert annað en lítið veitingahús og þarf að fylgja sömu reglum. Það eru strangar reglur, ef ekki strangari þegar þú ert að reka lítið veitingahús,“ segir Róbert. „Ef þú vilt fá hágæðavöru kostar hráefnið og vinnan alveg sitt. Þetta er í takti við það sem við erum að sjá erlendis,“ segir hann.

Róbert segir að einfaldleiki og ferskleiki einkenni íslenskan götubita. „Að vera með aðeins einn til tvo rétti sem eru sturlaðir, og ekki flækja matseðilinn,“ segir hann. Hann nefnir sem dæmi að Silli kokkur veiði sjálfur í matinn og geri brauðið frá grunni. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is,* Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# Hér kveður við nýjan og spennandi tón

**Snæbjörn Arngrímsson ryður hér nýjar brautir í heimi íslenskra glæpa- og spennusagna!**

★★★★

„Vel uppbyggð, spennandi og kemur vissulega á óvart í lokin."

Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

„Óvenjuleg spennusaga sem er þaulhugsuð, vel skrifuð og heldur lesandanum við efnið allt til enda."

Yrsa Sigurðardóttir



Snæbjörn Arngrímsson sýnir hér á sér nýja hlið í sinni fyrstu spennusögu. Áður hefur hann skrifað þrjár skáldsögur fyrir börn auk þess að hafa hlotið þýðingarverðlaun og verið mikilvirkur bókaútgefandi bæði heima og erlendis

**Tilboðsverð 6.399 kr.**

**verð áður 7.999 kr.**

**1.**
**Metsölulisti**
Innbundin skáldverk




Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 16. október eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr. eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

# Afmælisveisla







**AVIGNON** hægindastóll með skammel

Bonded leður. Stærð: 275 x 210 x 85 cm.
**Fullt verð: 199.900 kr.**

Aðeins **149.925 kr.**







**KOLDING**
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC. **Fullt verð: 169.900 kr.**

Aðeins **127.425 kr.**




**STELLA** sófi

3ja sæta sófi, blátt eða grænt áklæði.
221 x 85 x 78 cm. **Fullt verð: 139.900 kr.**

Aðeins **83.940 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18
Laugardaga kl. 11–17

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# Fleiri frábær afmælistilboð í verslun og á www.dorma.is

## Sealy **SEATTLE** heilsurúm með botni



**AFMÆLIS 25% AFSLÁTTUR** af dýnu og 10% af botni.

Seattle heilsurúmin frá Sealy er millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latex í bland við mismunandi svamptegundir gefa henni gott loftflæði.

120 x 200 cm.
Fullt verð: 160.900 kr.
**128.325 kr.**

140 x 200 cm.
Fullt verð: 174.900 kr.
**139.425 kr.**

160 x 200 cm.
Fullt verð: 189.900 kr.
**151.425 kr.**

180 x 200 cm.
Fullt verð: 204.900 kr.
**163.425 kr.**



**AFMÆLIS 25% AFSLÁTTUR**

## DORMA CLASSIC sæng

Gerð úr hollow fiber. Meðalhlý sæng, áklæðið er úr 100% lífrænni bómull. 1345g. Stærð: 140x200 cm.
**Fullt verð: 13.900 kr.**

Aðeins **10.425 kr.**



**AFMÆLIS 25% AFSLÁTTUR**

## SEALY CURVED koddi

Koddi með sérstöku áklæði sem gefur góða öndun. Hægt er að renna áklæðinu af og þvo.
**Fullt verð: 11.900 kr.**

Aðeins **8.925 kr.**

## Nature's **LUXURY** heilsurúm með Classic botni



**AFMÆLIS 30% AFSLÁTTUR** af dýnu og 10% af botni.

**Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir betri hvíld.**

Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20cm háum svæðaskiptum pokagormum, mýkri á mjöðmum og öxlum. Dýnan er samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum gefa sérstaka lúxustilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Nature's Bedding

**Fullt verð 160 x 200 cm: 184.900 kr.**

Aðeins **141.430 kr.**



**AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR AF SPA HANDKLÆÐUM**

## AFMÆLIS-BÆKLINGUR

stútfullur af glæsilegum tilboðum

Skannaðu QR kóðann til að skoða bæklinginn






**AFMÆLIS 25% AFSLÁTTUR**

## DORMA HOME sængurföt

Sængurfötin frá Dorma Home eru ofin úr 300gsm bómullarþræði sem gefur frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Framleidd án allra skaðlegra efna.

Fullt verð 140 x 200 cm: **10.990 kr.**

Aðeins: **8.243 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is
JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025




## Bakþankar



Kolbeins Marteinssonar

# Bugun

Nýverið birtist frétt þess efnis að um 30 prósent ungs fólks á vinnumarkaði á aldrinum 18–24 segist finna reglulega fyrir því að þau séu tilfinningalega útbrunnin og útkeyrð. Lesandi þetta drekkandi kaffið fór ég strax að fussa og sveia yfir aumingjavæðingu og sérhlífni unga fólksins.

Í göngutúr nokkrum dögum síðar velur svo Spotify lag fyrir mig. Lag sem á sérstakan stað í hjarta mínu og kom út árið 1993. Lagið heitir Mayonaise með Smashing Pumpkins. Textinn við þetta lag er myndaður úr samansafni setninga sem höfundurinn Billy Corgan hafði hent hugsunarlaust saman og nafnið á laginu hafði komið þegar hann opnaði ísskápinn og sá krukku af majónesi. Corgan sagði síðar að saman hefðu þessi textabrot náð að segja sögu þar sem farið er yfir þann erfiða sársauka og þær tilfinningalegu áskoranir sem fylgja því að fullorðnast. Horfast í augu við allar þær auknu kröfur sem fylgja þessum tímamótum og ferðalagið sem lífið sannarlega er. Við að heyra lagið fann ég aftur óöryggið, sársaukann, vanmáttinn og óvissuna um lífið fram undan og ég varð aftur 20 ára gamall. Ekkert lag hefur mætt mér jafn innilega eins og þetta lag gerði árið 1993. Þegar Corgan syngur í lokaversi að það eina sem hann óski sér sé að geta verið hann sjálfur finn ég ennþá hárin rísa á upphandleggjum og ég brosi og verð þakklátur fyrir að vera orðinn fullorðinn.

Eitt vandamálið við lífið er að við höfum tilhneigingu til að gleyma erfiðleikum en munum alla góðu dagana. Það hefur örugglega aldrei verið flóknara að vera næstum fullorðinn og lífið erfiðara. Staðreyndin er að okkar bestu dagar eru líka þeir verstu. Og sólin skín aftur. ■




